allt

SÓLVEIG ÞÓRISDÓTTIR
Grafískur hönnuður og leiðsögumaður
atvinna
Í MIÐJU BLAÐSINS

ÍRAFÁR
Gefur út sína þriðju plötu og vonast eftir milljónum
Hefur sjaldan verið ferskari
FÓLK 46

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20.nóv. í Smáralind
ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
20. nóvember 2005 — 314. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

Samfylkingin tapar fylgi

Vinstri grænir bæta við sig nokkru fylgi í nýrri könnun Fréttablaðsins, að því er virðist á kostnað Samfylkingarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir telur ekki að formannsskiptin í flokknum skýri tapið.

SKOÐANAKÖNNUN Enda þótt Sjálfstæðisflokkurinn bæti við sig fylgi nýtur ríkisstjórnin ekki stuðnings meirihluta kjósenda. Samfylkingin dalar hins vegar nokkuð á meðan vinstri grænir bæta stöðu sína. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins á fylgi stjórnmálaflokkanna.

Framsóknarflokkurinn fengi, ef kosið yrði til Alþingis nú, 9,9 prósent atkvæða, Sjálfstæðisflokkurinn 38,7 prósent, Frjálslyndi flokkurinn 3,4 prósent, Samfylkingin 29,4 prósent og Vinstri hreyfingin - grænt framboð 18,2 prósent.

Sé miðað við skoðanakönnun blaðsins frá því í maí á þessu ári stendur fylgi Framsóknarflokksins í stað en færri segjast aftur á móti styðja frjálslynda nú en þá. Fylgi Sjálfstæðisflokksins eykst um 2,5 prósentustig og VG um 4,1 prósentustig en Samfylkingin dalar hins vegar nokkuð, eða um 4,6 prósentustig.

„Hvað Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna varðar er þetta í takt við okkar tilfinningu að undanförnu," segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Hann segir hins vegar erfitt að skýra hvað ráði mestu um fylgisaukningu flokks síns. „Auðvitað er samt ánægjulegt þegar leiðin liggur upp á við, en rétt að undirstrika um leið að það er aðeins ein skoðanakönnun sem gildir. Hún er haldin á fjögurra ára fresti og heitir kosningar."



FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA Skoðanakönnun Fréttablaðsins 19. nóvember. Hlutfallslegt fylgi og fjöldi þingmanna sem yrði úthlutað.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir niðurstöðurnar ekki koma sér mjög á óvart. „Flokkar hafa tilhneigingu til að fara talsvert upp þegar eitthvað er að gerast. Hjá okkur var formannskjör og landsfundur í maí og þá fórum við verulega upp. Núna var hið sama uppi á teningnum hjá Sjálfstæðisflokknum." Þótt fylgi flokksins hafi dalað frá því að Ingibjörg Sólrún varð formaður hans telur hún ekki orsakasamhengi þar á milli.

„Ríkisstjórnin er fallin samkvæmt þessu og það er augljóst að það er fyrir tilstilli vinstri grænna. Ég er bærilega sáttur við það," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG.

- sjá síðu 4

JÓLALJÓSIN TENDRUÐ Í MIÐBÆNUM Jólasveininn mætti í miðborgina í gær, aðeins á undan áætlun, til þess að aðstoða drenginn Alvar, sem var krýndur miðborgarstjóri, við að tendra jólaljósin í bænum. Alvar naut einnig dyggrar aðstoðar Alfreðs Þorsteinssonar, forseta borgarstjórnar. Fréttablaðið/Stefán

Starf miðborgarprests:

Óvissa um framhaldið

KIRKJAN Jóna Hrönn Bolladóttir tekur við starfi sóknarprests í Garðabæ og Álftanesi þann 1. desember og lætur þá af störfum sem miðborgarprestur og segir því verkefni að ljúka. „Þetta var tilraunaverkefni," segir hún. „Og kirkjan getur ekki vikið sér undan þessu verkefni, það er hlutverk kirkjunnar að standa með þeim sem eru félagslega mest einangraðir."

Halldór Reynisson hjá Biskupsstofu segir þó enga ákvörðun hafa verið tekna um framhald embættisins. „Hins vegar er mikill áhugi innan kirkjunnar á að þeim störfum sem miðborgarprestur hefur sinnt verði haldið áfram. Hvort áfram verði miðborgarprestur eða þessum verkefnum verði dreift á fleiri aðila verður að koma í ljós," segir hann. - bog / sjá síðu 18

Metverð í fasteignasölu:

Meðalverð um 30 milljónir

VIÐSKIPTI Velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku nam 5,4 milljörðum króna og var upphæð hvers þinglýsts kaupsamnings 30,2 milljónir að meðaltali sem er metupphæð. Þetta kemur fram í gögnum frá Fasteignamati ríkisins.

Á sama tímabili fyrir ári var meðaltalið á hvern samning um sautján milljónir króna.

Vísitala fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,8 prósent frá september til október. Margt bendir til þess að verulega hafi dregið úr spennu á fasteignamarkaði, enda hefur vísitalan aðeins hækkað um rúmt eitt prósent undanfarna þrjá mánuði samanborið við 36 prósenta hækkun síðustu tólf mánuðina.

Verð á sérbýli lækkaði í verði í október samanborið við mánuðinn á undan. -eþa

Prófkjör Sjálfstæðisflokksin í Hafnarfirði fyrir bæjarstjórnarkosningar í vor:

Haraldur Ólason í fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Allt útlit var fyrir að Haraldur Þór Ólason myndi hafa betur í slagnum við Valgerði Sigurðardóttur um fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Hafnarfirði í vor, með 505 atkvæði á bak við sig í sætið þegar fyrstu tölur voru birtar.

Í öðru sæti á listanum var Valgerður Sigurðardóttir með 453 atkvæði í fyrsta til annað sæti og í þriðja sæti Almar Grímsson með 432 atkvæði í fyrsta til þriðja sæti. Í næstu sæti þar fyrir neðan raðast svo Rósa Guðbjartsdóttir, María Kristín Gylfadóttir, Bergur Ólafsson, Skarphéðinn Orri Björnsson, og Guðrún Jónsdóttir í áttunda sæti.

HARALDUR ÓLASON

Þátttaka í prófkjörinu, sem fram fór í gær, var mun meiri en búist var við, að sögn Þórodds Skaptasonar, formanns fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna þar. „Við bjuggumst við um þúsund manns, en um 1.800 kusu," segir hann og kvað þátttökuna hafa farið verulega fram úr björtustu vonum. Búið var að telja rúm þúsund atkvæði þegar blaðið fór í prentun.

Þá segir Þóroddur að hátt í þúsund manns hafi gengið í flokkinn síðustu vikur. „Það voru 2.100 í flokknum en eru um 3.000 núna. Annars eru þessar tölur svolítið á reiki ennþá." - óká

Ástin, skrifin og dulræn öfl

Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur talar um nýju bókina sína, Sólskinshestinn, lífið sem hún deilir milli Frakklands og Reykjavíkur og einmanaleika rithöfundarstarfsins.

VIÐTAL 22

Má ekki víkjast undan

„Það er hlutverk kirkjunnar að standa með þeim sem eru félagslega mest einangraðir. Ef við getum það ekki þá er eins hægt að loka sjoppunni," segir Jóna Hrönn Bolladóttir prestur.

FÓLK 18

Hjól sem ekkert fær stöðvað

Á 35 ára rithöfundarafmæli sínu stendur Ólafur Gunnarsson á krossgötum eftir að hafa skrifað sína persónulegustu skáldsögu hingað til.

BÆKUR 66

Kraftur í Njarðvíkingum



Njarðvík vann Powerade-bikarkeppnina með öruggum sigri á KR. Keflavík og Haukar mætast í úrslitum í kvennaflokki í desember.

ÍÞRÓTTIR 43

VEÐRIÐ Í DAG

HELDUR KÓLNANDI MEÐ
skúraveðri sunnan og vestan til en bjart með köflum norðan og austan til. Hiti 2-6 stig.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL KVENNA 20-40 ÁRA
Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!
64%
Fréttablaðið
44%
Mbl.

SPURNING DAGSINS

Halldór, ætlið þið að treysta á flöskuskeyti?

„Já OG fleira."

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, ætlar að kanna hvort rétt og raunhæft sé að hætta viðskiptum við Símann.

Vel á fjórða tug manna týndi lífi í tveimur hryðjuverkaárásum í Írak í gær:

Líkfylgd varð fyrir sjálfsmorðsárás

BAGDAD, AP Enn ein ofbeldishrinan virðist hafin í Írak en í gær létust að minnsta kosti 33 í tveimur hryðjuverkaárásum. Til ósættis kom á ráðstefnu Arababandalagsins um frið í Írak sem fram fer í Kaíró.

Í það minnsta tuttugu fórust og tuttugu til viðbótar slösuðust þegar sjálfsmorðsárás var gerð á líkfylgd í bænum Abu Saiba, skammt norður af Bagdad. Þeir sem létust voru flestir úr hópi sjía.

Þá fórust þrettán þegar bílsprengja sprakk á markaði í höfuðborginni í gærmorgun. Á föstudaginn létust hátt í hundrað manns þegar árásir voru gerðar á mosku í bænum Khanaqin.

Í Kaíró í Egyptalandi kom til illinda á ráðstefnu um frið í Írak sem Arababandalagið stendur fyrir. Fulltrúar sjía og Kúrda á ráðstefnunni reiddust svo orðum kristins landa síns um að stjórnmálauppbyggingin í landinu væri ekkert annað en sjónarspil Bandaríkjamanna að þeir ruku á dyr. Sættir tókust þó eftir nokkra stund en þá hafði sá kristni beðist afsökunar og ummæli hans þurrkuð út úr gerðabókum fundarins.

Málið þykir sýna í hnotskurn hversu litlir kærleikar eru á milli þjóðarbrotanna sem byggja Írak.

- shg

JÁRNHRÚGA Bíllinn sem sprakk á markaðstorginu í Bagdad gjöreyðilagðist enda var sprengjan svo öflug að hún varð þrettán manns að aldurtila. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk stjórnvöld:

Íhuga rannsókn á Halliburton

WASHINGTON (AP) Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna tekur senn ákvörðun um hvort rannsaka eigi ásakanir um að fyrirtækið Halliburton, sem Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna stýrði eitt sinn, hafi fengið hagstæða samninga í Írak með vafasömum hætti.

DICK CHENEY.

Dick Cheney var forstjóri Halliburton á árunum 1995 til 2000, en lét af störfum þegar hann bauð sig fram til varaforseta. Í fyrra gagnrýndu embættismenn hjá Bandaríkjaher hvernig staðið var að samningum við Halliburton, til dæmis að fyrirtæki í eigu þess fékk samning um að endurreisa olíuiðnað Íraks án þess að útboð færi fram. Talsmenn Halliburton verjast fregna af málinu, en segjast vilja sýna dómsmálaráðuneytinu fullan samstarfsvilja. ■

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Kvótinn seldur til að fjármagna kaupin

Forstjóri Brims neitar því að eigendur selji aflaheimildir til þess að fjármagna kaupin á félaginu. Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að undanfarin tvö ár hafi 22 þúsund þorskígildistonn ekki nýst á Akureyri.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Akureyri missti frá sér varanlega sem nemur um eða yfir sex þúsund tonna kvóta á síðustu tveimur fiskveiðiárum. Samkvæmt svari sjávarútvegsráðherra við spurningum Jóhanns Ársælssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, má rekja þetta að mestu leyti til færslu á kvóta Brims hf. Auk þess hafa Samherji og Brim leigt frá Akureyri um sextán þúsund þorskígildistonn á sama tímabili. Ekki kemur fram í svarinu hvaða fisktegundir er um að ræða.

Jóhann Ársælsson telur að eigendur Brims selji og leigi til þess að fjármagna kaupin á félaginu. „Svoleiðis er skotið stoðum undir kaupin sem voru óraunhæf miðað við rekstur fyrirtækisins," segir Jóhann. Hann bætir við að nú upplifi Akureyringar að kvótinn geti farið frá þeim eins og öðrum.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, segir fyrirtækið ekki hafa selt frá sér aflahlutdeild að neinu marki á síðustu tveimur árum. Það komi skýrt fram í svari sjávarútvegsráðherra að um sé að ræða flutning á aflahlutdeild eða aflamarki.

„Þó svo að aflahlutdeild sé flutt á milli fyrirtækja þá þarf ekki að eiga sér stað sala. Í dag er mjög algengt að fyrirtæki visti aflahlutdeild á skipum sem eru ekki í þeirra eigu. Þá geyma fyrirtækin okkar oft kvóta hvert fyrir annað. Það breytir ekki öllu hvar skip okkar eru skráð. Það er ekki hægt fyrir útgerðarfyrirtæki að halda úti byggðastefnu," segir Guðmundur. „Ummæli Jóhanns Ársælssonar um sölu á aflahlutdeild í okkar eigu eru því röng enda er Jóhann þekktur fyrir að fara með rangt mál þegar hann er að tjá sig um íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og íslenskan sjávarútveg."

„Það eru margir hér fyrir norðan sem hafa áhyggjur af því að Brim sé að færa starfsemina vestur á bóginn. Ég er alveg sannfærður sjálfur um að Samherji er ekkert að selja frá sér aflaheimildir. Þeir hafa mjög mikinn áhuga á síldinni," segir Sverrir Leósson, útgerðarbóndi á Akureyri.

johannh@frettabladid.is - saj@frettabladid.is

EITT SKIPA SAMHERJA Samherji leigði frá sér nærri tíu þúsund þorskígildistonn á tveimur árum.

JÓHANN ÁRSÆLSSON „Þeir selja kvóta til að fjármagna kaupin."

GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON, FORSTJÓRI BRIMS „Það er ekki hægt fyrir útgerðarfyrirtæki að halda úti byggðastefnu."

Samgöngur á Suðurnesjum:

Suðurstrandarvegur í forgang

SAMGÖNGUMÁL Það er forgangsmál að tryggja fjármagn til að ljúka megi framkvæmdum á Suðurstrandarvegi og kalla eftir loforðum Alþingis um það í ljósi breyttrar kjördæmaskipunar. Þetta er meðal niðustaðna í áfangaskýrslu samgöngunefndar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem vinnur að sameiginlegri stefnumótun og forgangsröðun í samgöngumálum á svæðinu.

Meðal annarra forgangsmála að mati nefndarinnar er lýsing stofnvega sem og tvöföldun Reykjanesbrautar frá Fitjum að Leifsstöð ásamt mislægum gatnamótum við nýtt Hæðarhverfi í Reykjanesbæ. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

Innbrot í Þingholtunum

Brotist var inn í íbúð í Þingholtunum á laugardag og þaðan stolið fartölvu, seðlaveski og fatnaði. Íbúðin var læst en þjófarnir náðu að komast inn í gegnum millihurð. Málið er óupplýst. Þá var brotist inn í vinnuskúr í Breiðholti og meðal annars stolið gsm síma og tölvu. Ekki er vitað hverjir voru á ferðinni.

Á sjúkrahús eftir árekstur

Árekstur varð á Skagastrandarvegi rétt um miðnætti aðfaranótt laugardags þegar bifreið var ekið utan í dráttarvél. Árekstur inn atvikaðist þannig að ökumaður fólksbílsins fór yfir á öfugan vegarhelming en að sögn lögreglunnar á Blönduósi er ekki vitað hvers vegna það gerðist. Ökumenn slösuðust við áreksturinn en voru fluttir á sjúkrahúsið á Blönduósi þar sem í ljós kom að ekki var um mikilsháttar meiðsli að ræða.

Kviknaði í potti og gardínu

Slökkviliðið í Reykjavík var sent að húsi við Hringbraut þar sem talið var að mikill eldur væri í íbúðinni. Reyndist þó aðeins hafa kviknað í potti á eldavél en reykur var mikill. Engin meiðsli urðu á fólki. Einnig kom upp eldur á Seltjarnarnesi þegar kviknaði í gardínu út frá sprittkerti. Heimilisfólk náði að slökkva eldinn en gluggakarmar brunnu illa.

Lögreglukona skotin til bana í Bradford á Englandi:

Fimm menn handteknir

LONDON, AP Lögreglan í Bradford í norðurhluta Englands handtók í gær fimm menn vegna skotárásar á föstudag þar sem lögreglukona lést og önnur særðist. Báðar voru þær nýliðar í lögreglunni.

Lögregla var kölluð að ferðaskrifstofu í miðborginni sem verið var að ræna og gripu ræningjarnir til vopna þegar hún kom á vettvang. Þriggja karla var leitað vegna málsins en í gær voru fjórir karlar og ein kona handtekin sem grunuð voru um aðild að því.

Lögreglukonurnar tvær voru óvopnaðar en í skotheldum vestum. Samkvæmt lögregluyfirvöldum var ekki vitað að ræningjarnir væru vopnaðir. Málið hefur vakið óhug meðal breskra lögreglumanna og þær raddir gerast háværari innan þeirra raða að lögregluþjónar skuli bera vopn við störf sín.

Formaður Lögreglusambands Englands hefur hins vegar lýst yfir vantrú á slíkri ráðstöfun og telur það geta leitt til þess að fleiri glæpamenn muni ganga um vopnaðir og það dragi úr öryggi borgara og lögreglu.

Lögreglukonan sem lést hét Sharon Beshenivsky og var 38 ára gömul. Hún lætur eftir sig þrjú börn og tvö stjúpbörn, en daginn sem hún var skotin til bana átti fjögurra ára gömul dóttur hennar afmæli. **- bs**

KONAN SEM LÉST
Colin Cramphorn, yfirlögregluþjónn í Bradford heldur á mynd af Sharon Beshenivsky, lögreglukonunni sem var skotin til bana.
FRÉTTABLAÐIÐ/ AP

Frábærar jólabækur

Áhrifamikil og sönn



Ingólfur Margeirsson fékk heilablóðfall fyrir fáum árum og fjallar í þessari bók um baráttu sína við að öðlast bata á nýjan leik.

Afmörkuð stund er mögnuð frásögn af alvarlegum veikindum og einstakri baráttu úr faðmi dauðans til lífsins.

Afmörkuð stund er einstök lesning og mikil uppörvun öllum þeim sem lent hafa í alvarlegum skakkaföllum í lífinu. Bókin fjallar á góðu og auðskiljanlegu máli um hverfulleika lífsins og átök við brigðula tilveru.

Lifandi og sönn frásögn eins og Ingólfi Margeirssyni er einum lagið.



John Lennon

Það þarf ekki að kynna John Lennon. Hann er einn frægasti og áhrifamesti tónlistarmaður 20. aldar. Stormasamt líf hans var fullt af öfgum og andstæðum, hann var ýmist hetja eða skúrkur. Hér er á ferðinni hrífandi ævisaga sem segir okkur heillandi sögu af sigrum og ósigrum, baráttu Lennons við djöfulinn í sjálfum sér, dópið og brennivínið og endalausar tilraunir hans við að gera upp við æsku sína. Steinþór Steingrímsson þýddi.

Frábær bók sem varpar nýju ljósi á eina helstu rokkstjörnu 20. aldar.

Spiderwick-sögurnar

Spiderwick-sögurnar hafa farið sigurför um heiminn og hlotið fjölda verðlauna frá því að þær komu fyrst út fyrir tveimur árum. Þrjú systkini uppgötva ósýnilegan hulduheim þegar þau flytjast með móður sinni í gamalt og skuggalegt hús. Álfar, tröll og hvers kyns furðuskepnur koma við sögu í þessum heillandi nútímaævintýrum.

Fyrstu tvær bækurnar í þessum bókaflokki koma út fyrir þessi jól en þrjár seinni bækurnar á næsta ári.

Frábærlega spennandi og fallegar bækur fyrir börn og unglinga í snilldarþýðingu Böðvars Guðmundssonar.

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Farðu á
www.spiderwick.com
og fáðu að vita meira um þessar frábæru bækur.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.11.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	61,84	62,14
Sterlingspund	GBP	105,89	106,41
Evra	EUR	72,21	72,61
Dönsk króna	DKK	9,684	9,74
Norsk króna	NOK	9,177	9,231
Sænsk króna	SEK	7,531	7,575
Japanskt jen	JPY	87,61	88,13
SDR	XDR	87,73	88,25

Gengisvísitala krónunnar

102,0777

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Veitingastaðaeigandinn Alex Masaid í héraðsdómi vegna fíkniefnamisferlis:

Verjandinn fékk rothögg

DÓMSMÁL Mál ríkissasóknara gegn Alex Masaid og Miroslövu Sobchuk var til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. Alex er sakaður um að hafa veitt móttöku fíkniefnum sem Miroslava er sökuð um að hafa flutt hingað til lands. Alex er sakaður um að hafa geymt fíkniefnin í holu í baðherbergisvegg á veitingastað sem hann rak í Hafnarstræti í Reykjavík, Purple onion.

Tvo dómtúlka þurfti til skýrslutöku fyrir dómara en Miroslava er frá Rússlandi og Alex frá Jórdaníu. Skýrslutaka þróaðist út í nokkurt þóf þar eð Alex kvaðst ekki tala ensku að gagni en einhver hluti af yfirheyrslunum fór fram á ensku. Hann hefur á ýmsum stigum málsins bæði játað sök og neitað samkvæmt leiðbeiningum lögfræðings að því er hann segir. Hann kvaðst hafa búið í Bandaríkjunum um fimm ára skeið.

Léleg ensku- og íslenskukunnátta hindraði Alex þó ekki í að hvíslast á við verjanda sinn, Karl Georg Sigurbjörnsson, á meðan skýrslur voru teknar af Miroslövu.

Saksóknari og dómari spurðu Miroslövu spjörunum úr. „Verjandi hefur fengið rothögg," sagði Brynjar Níelsson, verjandi Miroslövu, þegar dómari bauð honum að spyrja spurninga. **- saj**

ALEX MASAID Alex mætti fyrir dómara og gaf skýrslu á arabísku með aðstoð túlks. Hann er fær um að spjalla millilíðalaust við blaðamenn og verjanda á ensku.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Maður skorinn á andliti Maður á fertugsaldri varð fyrir árás um fjögurleytið aðfaranótt laugardags þegar annar maður á tvítugsaldri veitti honum áverka með brotnu glasi á veitingastað í miðborg Reykjavíkur. Maðurinn skarst á andliti og niður á háls og einnig fór slagæð í sundur í handlegg hans þegar hann reyndi að verjast árásarmanninum. Sauma þurfti tuttugu spor í háls mannsins. Málið telst upplýst en árásarmaðurinn gaf sig fram við lögreglu upp úr hádegi í gær.

Hjólreiðamaður drukkinn Reiðhjólamaður skall á bifreið á horni Lækjargötu og Hverfisgötu í fyrrinótt. Hjólreiðamaðurinn var handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Tekið var úr honum blóðsýni þar sem hann var talinn ölvaður og ekki fær til hjólreiða. Hjólreiðamaðurinn meiddist ekki við áreksturinn en bíllinn rispaðist talsvert.

LJÓSAFOSSSKÓLI GRÍMSNESI Guðmundur í Byrginu bauð 90 milljónir í eignina.

Ljósafossskóli:

Seldur á 92 milljónir

VIÐSKIPTI Hreppsnefnd Grímsneshrepps seldi Ljósafossskóla til fyrirtækis í eigu Steinars Árnasonar en Guðmundur Jónsson í Byrginu hafði sóst eftir því að fá að kaupa skólann. Hugðist hann setja á stofn skóla fyrir vistmenn sína og bauð 90 milljónir í skólann en Steinar bauð 92 milljónir.

„Okkur hefur vantað húsnæði lengi þar sem mikið af ungu fólki hefur verið að koma í meðferð á síðasta ári. Þegar þau eru hætt í neyslu fara þau mörg að hafa áhuga á skóla og ég vil sinna þeim áhuga," segir Guðmundur.

Einnig segist hann hafa bundið vonir við að geta sett upp afeitrunardeild en lengi hefur Byrgið vantað slíka aðstöðu. „Við þurfum þetta því það er svo lítið pláss fyrir austan og unglingar þurfa margir hverjir að dvelja hjá okkur í eitt til tvö ár. Við verðum þó ekki mikið að sperra okkur í húsnæðisleitinni þennan vetur en þurfum að hafa augun opin og vera tilbúin með húsnæði næsta haust." **- bog**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Gestir vildu ekki fara Lögreglan í Reykjavík var kölluð í unglingapartí sem farið hafði úr böndunum. Veisluhaldari reyndi að rýma húsið en óboðnir gestir höfðu gert sig heimakomna og kallaði húsráðandi til lögreglu. Eldri maður hafði í hótunum við fólk og lamdi húsið að utan vopnaður felgulykli og hnífi. Maðurinn var stoppaður síðar þar sem hann ók bíl undir áhrifum. Hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Tapar fylgi til vinstri-grænna

Fylgi Sjálfstæðisflokks hefur ekki verið meira síðan í september 2003. Fylgi Samfylkingar hefur minnkað um tæp fimm prósentustig síðan Ingibjörg Sólrún tók við sem formaður. Vinstri grænir bæta við sig fylgi sem bendir til að Samfylking sé að tapa fylgi á vinstri kanti stjórnmálanna.

SKOÐANAKÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti stjórnmálaflokkurinn og fengi 38,7 prósent atkvæða og 25 þingmenn ef kosið yrði í dag. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Fylgi við Sjálfstæðisflokkinn hefur aukist um 2,5 prósentustig frá síðustu könnun Fréttablaðsins sem framkvæmd var í byrjun maí og hefur ekki verið hærra í könnunum Fréttablaðsins síðan í ágúst 2003. Þá mældist fylgi Sjálfstæðisflokks 40,6 prósent.

Mun fleiri karlmenn en konur segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða 44,8 prósent, á móti 31 prósenti kvenna. Þá hefur flokkurinn meira fylgi á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Rétt rúm 40 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu sögðust myndu kjósa Samfylkingu en 36,5 prósent svarenda á landsbyggðinni.

Samfylking myndi fá 29,4 prósent atkvæða og 19 þingmenn kjörna samkvæmt þessari könnun. Fylgi flokksins hefur ekki verið minna í könnunum blaðsins síðan í september á síðasta ári. Fylgið minnkar um 4,6 prósentustig frá því í könnun blaðsins í maí, nokkrum vikum áður en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var kjörinn formaður flokksins,

Konur eru mun líklegra til að kjósa Samfylkingu en karlar og sögðust 34,5 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn, en 34,5 prósent karla. Þá segjast 25,3 prósent íbúa á landsbyggðinni myndu kjósa Samfylkingu á móti 32,2 prósentum höfuðborgarbúa.

Vinstri hreyfingin - Grænt framboð fengi 18,2 prósent atkvæða og og ellefu þingmenn kjörna samkvæmt könnuninni. Nokkur kynjamunur er á þeim sem segjast myndu kjósa flokkinn, eða 22,8 prósent kvenna á móti 14,5 prósent karla. Fylgi flokksins eykst um 4,1 prósentustig frá síðustu könnun í maí.

Athygli vekur að fylgi Samfylkingar hefur dalað um nánast jafn mörg prósentustig og fylgi vinstri grænna hefur aukist. Það getur bent til þess að Samfylking sé að missa fylgi meðal vinstri manna.

Framsóknarflokkur fengi 9,9 prósent atkvæða, samkvæmt könnuninni, og er það sama fylgi og í síðustu könnun. Flokkurinn dregur fylgi sitt til landsbyggðarinnar, þar sem 16,3 prósent segjast myndu kjósa flokkinn. Tæp sex prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins styðja flokkinn.

3,4 prósent svarenda sögðust myndu kjósa Frjálslynda flokkinn, sem er 1,3 prósentustigi minna en í könnuninni í maí. Hringt var í 800 manns 19. nóvember, og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga nú? 55,6 prósent þeira sem spurðir voru tóku afstöðu til spurningarinnar. **svanborg@frettabladid.is**

INGIBJÖRG SÓLRÚN FAGNAR KJÖRI Frá því í maí, þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var kjörinn formaður Samfylkingarinnar, hefur flokkurinn dalað um tæp fimm prósentustig

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

NORÐURLANDIÐ NOKKUÐ BJART Nokkuð stífar norðlægar áttir einkenna veðrið næstu daga einkum þó á Vestfjörðum. Það ætti að rofa til á Norður- og Austurlandi í dag og síðan ætti að vera nokkuð bjart á þeim slóðum næstu daga. En hann fer hægt kólnandi og í vikulok verður víða frost á landinu.

Suðvestan strekkingur. Hætt við lítilsháttar vætu. Hiti 2-5 stig.

um hádegi »



» *á morgun*



» *þriðjudagur*



Kaupmannahöfn	7°C hálfskýjað	París	10°C heiðskírt	Alicante	20°C hálfskýjað
Osló	3°C hálfskýjað	Berlín	5°C alskýjað	Mílano	11°C hálfskýjað
Stokkhólmur	4°C hálfskýjað	Frankfurt	6°C alskýjað	New York	13°C heiðskírt
Helsinki	0°C hálfskýjað	Madríd	14°C alskýjað	San Francisco	23°C heiðskírt
London	9°C hálfskýjað	Barcelona	15°C hálfskýjað	Orlando/Flórída	26°C þrumur

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

KB SPARNAÐUR

Sparnaður er stuð. **Eftir á.**



Sparnaður með kaupum í KB Sjóðum er sveigjanleg og þægileg leið til að leggja fyrir og eignast varasjóð. Sérfræðingar á Eignastýringarsviði KB banka sjá um daglega stýringu KB Sjóða. Nýttu þér sérþekkingu starfsfólks Eignastýringar KB banka og ávaxtaðu sparnaðinn þinn í KB Sjóðum.

Vextir	Hentar þeim sem vilja spara í:	Ávöxtun sl. 3 ár á ársgrundvelli	Tegund
KB Skammtímasjóður	1 mánuð til 3 ár	**9,0%***	Skuldabréfasjóður
KB Samval	a.m.k. 3 ár eða lengur	**34,1%***	Blandaður sjóður
KB Úrvalsvísitölusjóður	a.m.k. 4 ár eða lengur	**52,9%***	Hlutabréfasjóður
KB Erlend hlutabréf	a.m.k. 4 ár eða lengur	**11,5%****	Hlutabréfasjóður

* Á ársgrundvelli sl. 3 ár m.v. 30.09.2005. ** Níu mánaða ávöxtun m.v. 30.09.2005, þar sem sjóðurinn var stofnaður í des. 2004.

Komdu við í næsta útibúi KB banka eða hringdu í verðbréfaráðgjafa í síma **444 7000** og við finnum góða sparnaðarleið fyrir þig.

KB BANKI

KB Skammtímasjóður, KB Samval og KB Erlend Hlutabréf eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum.

Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóði KB banka má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

ENNEMM / SÍA / NM19202

KJÖRKASSINN

Á að byrja grunnvinnu fyrir Sundabraut að nýju?

Já	57%
Nei	43%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Er eftirsjá af Alfreð Þorsteinssyni úr borgarpólitíkinni?

Fyrirhugað prófkjör framsóknarmanna í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninga:

Björn Ingi ætlar í fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, hefur lýst yfir framboði sínu til fyrsta sætis í væntanlegu prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík vegna komandi borgarstjórnarkosninga. Alfreð Þorsteinsson, oddviti flokksins í borginni, er að hverfa til annarra starfa. Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi hefur þegar lýst yfir framboð sínu í fyrsta sæti.

Björn Ingi segir tvær ástæður helstar fyrir ákvörðun sinni. „Í fyrsta lagi starfa ég í stjórnmálum og hef brennandi áhuga á borgarmálum. Sem varaþingmaður Reykvíkinga hef ég líka getað kynnt mér þau mál sem hæst bera, myndað mér skoðun og komið fram með hugmyndir. Síðan má kannski segja að hin ástæðan sé þessi kaflaskil sem eru núna í pólitíkinni í Reykjavík," segir hann og vísar til þess að Reykjavíkurlistasamstarfið sé að líða undir lok og Framsókn bjóði fram undir eigin merkjum í fyrsta sinn síðan árið 1990, auk þess sem oddviti flokksins í borginni hafi ákveðið að draga sig í hlé. „Við það skapast tækifæri og ég vil eyða um það allri óvissu því mitt nafn hefur mikið verið nefnt og ég fundið fyrir góðum stuðningi sem ég er þakklátur fyrir."

Prófkjör Framsóknarflokksins verður haldið 28. janúar næstkomandi. Það mun verða svokallað opið prófkjör þar sem flokksbundnir og þeir sem skrifa undir stuðning við stefnu flokkins, án þess þó að þurfa að ganga í hann, fá að taka þátt. „Ég er hvergi banginn og finn fyrir miklum stuðningi," segir Björn Ingi. **- óká**

BJÖRN INGI HRAFNSSON Björn Ingi segist vonast eftir drengilegri kosningabaráttu sem auka muni veg Framsóknarflokksins í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FLUGUMFERÐ VEX Því er spáð að flugumferð í Evrópu tvöfaldist á næstu 15 árum. MYND/AP

Flugumferð í Evrópu:

ESB boðar nýtt umferðarkerfi

BRUSSEL, AP Evrópusambandið hyggst koma upp nýju samhæfðu flugumferðarstjórnarkerfi í aðildarríkjunum til að bregðast við þeirri stórauknu flugumferð sem spáð er í álfunni á næstu árum. Gert er ráð fyrir að umferð á helstu flugleiðum í Evrópu muni tvöfaldast á næstu 15 árum.

Á blaðamannafundi í Brussel á fimmtudag var hið nýja kerfi kynnt, en það hefur fengið heitið Sesar. Helsta markmiðið með innleiðingu kerfisins er að gera flugumferð öruggari, draga úr mengun og gera flugumferðarstjórn auðveldari. ■

Skaðabótadómur staðfestur:

Keppandi fær ekki bætur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í byrjun árs um að stúlka sem tók þátt í fegurðarsamkeppninni Ungfrú Ísland.is fái ekki bætur vegna slyss sem hún lenti í við kynningu á aksturskeppni.

Slysið varð í mars 2001 en kynningin fólst í að aka torfærutæki. Stúlkan missti stjórn á tækinu og fékk hnykk á hálsinn. Stúlkan vildi fá tæpar tvær milljónir í bætur frá aðstandendum Ungfrú Ísland.is, sem tekið var til gjaldþrotaskipta árið 2003, og frá ríkinu vegna þess að lögregla hefði gert þau mistök að líta ekki á atburðinn sem aksturskeppni. Hún þarf þess í stað að greiða 750.000 krónur í málskostnað. **- óká**

Samruni 365 og Saga film skilyrtur

Algjörs aðskilnaðar reksturs og stjórnunar 365 ljósvakamiðla ehf. og Saga film ehf. er krafist í nýrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Gunnar Smári Egilsson, forstjóri 365, fagnar úrskurðinum og segir hann í samræmi við stefnu fyrirtækisins.

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið telur samruna 365 ljósvakamiðla ehf. og fyrirtækisins Saga film ehf. skaðlegan samkeppni og hefur sett honum skilyrði. Farið er fram á fullan rekstrarlegan og stjórnunarlegan aðskilnað milli 365 ljósvakamiðla og tengdra fyrirtækja annars vegar og Sögu film hins vegar.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins kemur fram að skilyrðin séu sett til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur og tortryggni um upplýsingastreymi um keppinauta 365 ljóvakamiðla.

„Við erum mjög ánægðir með þennan úrskurð," segir Gunnar Smári Egilsson, forstjóri 365 miðla. „Hann er í takt við það sem við bjuggumst við og vildum fá." Hann segir áður hafa komið fram að hugmyndin með kaupum 365 á Saga film hafi ekki verið að setja það fyrirtæki inn í rekstur 365, heldur hafi átt að flytja hluta af rekstri 365 inn í Saga film og byggja upp sjálfstætt fyrirtæki. „Úrskurður Samkeppnisstofnunar er á engan hátt íþyngjandi eða truflar okkar fyrirætlanir," segir hann og gerir ekki ráð fyrir að úrskurðurinn verði kærður. „Ég á ekki von á því, þó auðvitað sé ýmislegt í honum sem við hefðum ekki afgreitt með sama hætti. Almennt undirstrikar hann bara vilja okkar til að Saga film verði sjálfstætt fyrirtæki, á sama hátt og önnur fyrirtæki sem við tengjumst." Gunnar Smári nefndi þar fyrirtæki á borð við Ísafold og Pósthúsið sem bæði væru sjálfstæð. „Öfugt kannski við önnur fjölmiðlafyrirtæki sem hafa dreifingu, prentun og sjónvarpsframleiðslu inni í sjálfu fyrirtækinu. Okkar stefna hefur verið að kljúfa þetta frá þannig að þessi fyrirtæki fái starfað og vaxið á eigin markaði og á eigin forsendum."

ÚTSENDINGARSTJÓRN STÖÐVAR TVÖ 365 ljósvakamiðlar ehf. eiga og reka fjölda sjónvarps- og útvarpsstöðva. Myndin er tekin í síðasta fréttatíma Stöðvar tvö sem sendur var út frá Lynghálsi í Reykjavík, en sú starfsemi hefur nú færst yfir í Skaftahlíð þar sem fleiri miðlar 365 halda til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

GUNNAR SMÁRI EGILSSON Forstjóri 365 miðla fagnar úrskurði Samkeppniseftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Meðal skilyrða sem Samkeppniseftirlitið setti fyrir samruna fyrirtækjanna var að stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur að meira en 1 prósents hlutar í 365 ljósvakamiðlum og eða tengdum fyrirtækjum, megi ekki sitja í stjórn eða varastjórn Saga film og það sama gildi um maka, skyldmenni í beinan legg eða systkini. Þá er framkvæmdastjóra, starfsmönnum og stjórnarmönnum Saga film bannað að veita öðrum upplýsingar um viðskipti, viðskiptakjör og starfsfólki, eigendum og stjórnarmönnum bæði hjá Saga film og 365 ljósvakamiðlum gert að skrifa undir yfirlýsingu um þagnarskyldu.

olikr@frettabladid.is

GIMLI Í MIÐLEITI Íbúar sleppa jólaljósunum en styðja í staðinn við fórnarlömb jarðskjálftanna í Pakistan.

Íbúar í Gimli, Miðleiti 5-7:

Góðverk í stað jólaskreytinga

HJÁLPARSTARF Íbúar í húsinu Gimli sem stendur við Miðleiti 5-7 í Reykjavík afréðu, að athuguðu máli, að sleppa því að prýða sameign hússins jólaljósum þetta árið en gefa þess í stað fimmtíu þúsund krónur til hjálpar- og uppbyggingarstarfsins í Pakistan.

„Við fengum upplýsingar um hvað þetta kostaði okkur og ákváðum að gefa frekar peningana til fólksins í Pakistan," segir Birgir Þorgilsson, formaður húsfélagsins og hvetur um leið aðra til að gera slíkt hið sama.

47,5 milljónir króna hafa safnast í söfnun Rauða kross Íslands fyrir fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan. **- bþs**

Sjúkraflug á Norðursvæði:

Mýflug fékk samninginn

HEILBRIGÐISMÁL Gengið hefur verið frá samningum við Mýflug um að taka við rekstri sjúkraflugs á norðursvæði næstu fimm árin. Norðursvæðið var um leið stækkað og nær nú yfir Vestfirði, Norðurland og Austfirði.

Mýflug mun útvega sérútbúna sjúkraflugvél til verkefnisins. Auk þessa hefur verið gengið frá samningi við Akureyrarbæ um sjúkraflutninga á svæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri fyrir næstu fjögur ár. **-bog**

Vefsíðu indónesískra hermdarverkamanna hefur verið lokað:

Leiðbeiningar um hryðjuverk

JAKARTA, AP Lögregla í Indónesíu hefur lokað vefsíðu þar sem birtar eru ítarlegar leiðbeiningar um hvernig best sé að ráða útlendinga af dögum. Hún er talin runnin undan rifjum hryðjuverkamanna sem tengjast al-Kaída.

Á vefsíðunni var meðal annars birt kort af vinsælli verslunarmiðstöð í Jakarta og fylgdu því leiðbeiningar um hvernig best mætti tryggja að „skotmörkin" létust örugglega þegar skotið væri á þau. Annars staðar á síðunni er rætt um árásir á bíla en þar mátti sjá merkingar á korti af Jakarta þar sem umferðarhnútar væru líklegir. „Ekki ætti að miða á bílstjórann því hann er að öllum líkindum múslimi," segir þar.

Ekki er vitað hversu lengi vefsíðan var opin en talsmaður lögreglunnar segir að maður sem handtekinn var í síðustu viku vegna gruns um aðild að sprengjutilræði á Balí í síðasta mánuði hafi viðurkennt að hafa hannað síðuna.

Fréttirnar af vefsíðunni koma í kjölfar birtingar myndbands þar sem grímuklæddir menn sem sagðir eru félagar í samtökunum Jemaah Islamiyah hóta árásum og veifa byssum. Þau samtök er talin tengjast al-Kaída og sögð bera ábyrgð á 240 dauðsföllum síðan árið 2002. **- shg**

ÓHUGNANLEGT MYNDBAND Félagar í Jemaah Islamiyah sýna kunnáttu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afnemum VSK af öllum fatnaði

TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Í dag og á morgun færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.

Á sunnudaginn 20. nóvember og mánudaginn 21. nóvember afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir 20-21. nóvember.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Nýja fréttastofan endurspeglar fjölbreyttara og hraðara samfélag:

Heimurinn færist nær okkur

Það er full ástæða til að óska nýju fréttastöðinni NFS til hamingju með fyrstu skref sín. Stöðin fór vel af stað og sýndi vel kosti þess að geta brugðist við tíðindum um leið og þau gerast.

Fjölmiðlun hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Sú þróun er í samræmi við aðra þróun í samfélaginu. Rammar þess sem áður var hafa brostið og nýjungar streymt fram. Samfélagið hefur færst með miklum hraða í átt til vestrænna samfélaga sem byggja á athafnafrelsi, lýðræði, opinni umræðu og þeirri fjölbreytni sem af slíkri samfélagsgerð hlýst.

Sá heimur sem við sem nálgumst eða erum á miðjum aldri þekktum er horfinn. Sá heimur var einfaldur og auðskilinn og einkenndist af fábreytni og miklum áhrifum stjórnmálamanna á samfélagið. Takmarkanir voru miklar á öllum sviðum og einn ljósvakamiðill og eitt dagblað ríktu yfir fjölmiðlum landsins. Vissulega má segja að með fábreytninni hafi hver kynslóð átt einsleitari reynsluheim og þar með sameiginlegri. Það kann vel að vera að einhverjir sakni þeirra tíma þegar öll þjóðin horfði á sama sjónvarpsþáttinn á sama tíma.

Sú þróun sem á sér stað í fjölmiðlun nú er viðbragð við því breytta samfélagi sem við blasir. Höfuðhlutverk fjölmiðla er að endurspegla þá atburði og þá umræðu sem hæst ber í samfélagi hverju sinni. Enn má þó greina áhuga fyrir því að stýra umræðu samfélagsins og reyna að skapa jarðveg fyrir skoðanir sínar, fremur en að greina frá þeirri umræðu sem brennur á þjóðinni. Sú sýn á fjölmiðla er sem betur fer á undanhaldi.

Sá heimur sem við sem nálgumst eða erum á miðjum aldri þekktum er horfinn. Sá heimur var einfaldur og auðskilinn og einkenndist af fábreytni og miklum áhrifum stjórnmálamanna á samfélagið

Heimurinn hefur verið að færast nær þjóðinni undanfarin ár. Við erum hluti af stórri heild í fjölbreyttum heimi. Þau sjónarmið að sérstakar reglur eigi að gilda hér á landi um fjölmiðla og viðskiptalíf eru tímaskekkja. Þar verðum við sem og á mörgum öðrum sviðum að búa okkur undir alþjóðlega samkeppni og horfa til alþjóðlegra viðmiðana þegar við mótum reglur samfélagsins. Við höfum einfaldlega ekki efni á því að vera á skjön við þær þjóðir sem við berum okkur saman við.

Halldór Ásgrímsson hefur boðað stofnun nefndar sem hefur það hlutverk að kanna möguleika og leiðir til að Ísland geti orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð. Það var vel viðeigandi og tímanna tákn að Halldór kynnti nefndina og skipun Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns KB banka, sem formanns nefndarinnar. Sigurður hefur leitt útrás KB banka sem hefur farið fremstur í alþjóðlegri sókn íslenskra fjármálastofnana.

Yfirlýsingar Sigurðar fyrir nokkrum árum um að Kaupþing, sem hann stýrði þá, ætlaði sér stórt hlutverk í fjárfestingarbankastarfsemi á Norðurlöndum kölluðu fram bros hjá mörgum. Sú leið hefur þegar verið farin og sjálfsagt fyrir stjórnvöld að nýta sér reynslu Sigurðar og framsýni við mótun framtíðarumhverfis viðskipta á Íslandi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Einn á móti öllum

Vefþjóðviljinn skrifar í gær um fyrirhugað tónlistarhús og hrósar Kjartani Magnússyni, borgarfulltrúa sjálfstæðismanna, fyrir að greiða atkvæði gegn byggingu þess. Er rifjað upp að fyrir átta árum hafi staðið til að reisa tónlistarhús fyrir 1,5 milljarð en nú hafi sú tala hækkað upp í 10 milljarða. „Enginn hinna 14 borgarfulltrúanna treysti sér til að standa vörð um hagsmuni skattgreiðenda í þessu máli. Aðrir borgarfulltrúar létu einfaldlega undan sérhagsmunakórnum," segir Vefþjóðviljinn sem beinir gagnrýni sinni ekki síst að minnihlutanum í borgarstjórn. Það þýði lítið að kvarta og kveina undan aukinni skattheimtu og skuldasöfnun en styðja á sama tíma aukin útgjöld til nýrra verkefna sem þar að auki séu höfð eins dýr og frekast er unnt.

Treysta ekki

Vefritið Múrinn, sem vinstri grænir halda úti, treystir ekki fyrirheitum menntamálaráðherra um að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareign þótt rekstrarformið verði hlutafélag eins og áformað er. „Fyrir því er löng hefð hjá þessari ríkisstjórn að breyta opinberum fyrirtækjum og stofnunum í hlutafélög án þess að áforma sölu þeirra, samanber Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbankann, Búnaðarbankann og Landssímann svo nokkur stærstu dæmin séu nefnd" segir í pistli í gær. Þetta mun almenn skoðun meðal vinstri grænna.

Óþörf breyting

Skiptar skoðanir eru um það í Sjálfstæðisflokknum hvort stytta eigi framhaldsskólanám í þrjú ár eins og Þorgerður Katrín menntamálaráðherra boðar. Á vefritinu Tíkinni sem ungar sjálfstæðiskonur halda úti bendir Halldóra Þorsteinsdóttir á að þeir sem vilja hraða sér gegnum námið geti það nú þegar. „Ég legg til að allar hugmyndir um styttingu stúdentprófs verði látnar lönd og leið hið fyrsta og ungu fólki verði leyft að vera ungu eins lengi og hægt er. Það er algjör óþarfi að flækja lífið of mikið hjá þeim sem ekki hafa náð 20 ára aldri; úr nógu verður að moða á seinni árum!," skrifar Halldóra.

gm@frettabladid.is

Framtíð Bandaríkjanna byggist á erlendum nemum

Í DAG
FRAMHALDSNÁM Í BANDARÍKJUNUM

STUART ANDERSON

Samkvæmt nýlegri könnun hófu fleiri erlendir nemendur nám í bandarískum háskólum í ár en í fyrra. Fjöldi erlendra nemenda í bandarískum háskólum er þó enn töluvert lægri en árið 2002.

Það er gleðiefni fyrir Bandaríkin að aðsókn erlendra nemenda í bandarískra háskóla hefur aukist en það má samt ekki birgja okkur sýn á þau vandræði sem bandarískir háskólar glíma enn við í að laða til sín framúrskarandi nemendur. Erlendir nemendur sem koma til framhaldsnáms í bandarískum háskólum eru blessun fyrir bandarískt hagkerfi og menntakerfi. Þeir hafa úrslitaáhrif á tæknilegt forskot Bandaríkjanna í hagkerfi heimsins samkvæmt rannsókn sem hagfræðingurinn Keith Markus við háskólann í Colorado gerði. Ástæðan fyrir þessu er sú að vinna hverra 100 nemenda í vísindum og verkfræði sem útskrifast úr doktorsnámi í bandarískum háskólum gefur af sér að meðaltali 62 umsóknir um einkaleyfi fyrir bandarísku þjóðina. Erlendir nemendur hafa stofnað mörg af helstu fyrirtækjum Bandaríkjanna sem starfa að nýsköpun, til að mynda Sun Microsystems og Intel. Án erlendu nemendanna er auk þess ekki hægt að bjóða upp á ákveðnar námsgreinar í vísindum og verkfræði við marga bandaríska háskóla því erlendu nemendurnir manna kennslustundirnar og starfa sem aðstoðarkennarar í viðkomandi greinum. Í framtíðinni verða þeir einnig hluti af fastráðnum kennurum skólanna í þessum námsgreinum.

Þrátt fyrir að auðvelt sé að kenna harðari stefnu Bandaríkjastjórnar eftir 11. september um að aðsókn erlendra nemenda í bandaríska háskóla hafi staðið í stað eða minnkað þá eru einnig aðrir þættir sem hafa haft áhrif þar á. Meðal þessara þátta er hörð samkeppni um nemendur við Bretland, Japan og önnur lönd, framfarir í hagkerfum og háskólum Kína og Indlands sem eru þau lönd sem senda flesta nemendur til Bandaríkjanna, það hversu dýr menntun á háskólastigi er í Bandaríkjunum og efasemdir manna um að Bandaríkin vilji laða að sér erlenda nemendur. Að lokum er ástæðan sem sennilega er hvað auðveldast að koma í veg fyrir, Bandaríkin gera þeim doktorsnemum í vísindum og verkfræði, sem koma frá öðrum löndum, erfitt um vik að setjast að í landinu til frambúðar þar sem þeir gætu unnið hjá einka-

Bandaríkin gera þeim doktorsnemum í vísindum og verkfræði, sem koma frá öðrum löndum, erfitt um vik að setjast að í landinu til frambúðar þar sem þeir gætu unnið hjá einkafyrirtækjum, stundað rannsóknir á rannsóknarstofum okkar eða kennt í háskólum landsins.

fyrirtækjum, stundað rannsóknir á rannsóknarstofum eða kennt í háskólum landsins. Það getur tekið tvö ár eða meira að öðlast rétt til varanlegrar búsetu og það er ýmislegt í umsóknarferlinu um grænt kort sem kemur í veg fyrir að menn vilji sækja um þau.

Góðu fréttirnar eru þær að tiltölulega litlar breytingar á núverandi stefnu geta komið í veg fyrir þessi vandamál. Fjárlögin sem efri deild löggjafarþingsins samþykkti á dögunum eru skref í rétta átt því í fjárlögunum er ákvæði þar sem kveðið er á um aukningu á útgefnum grænum kortum og tímabundnum vegabréfsáritunum til vel menntaðra útlendinga. En ríkisstjórn George Bush ætti að fylgja þessari aðgerð eftir með því að bjóða atvinnurekendum upp á þann valkost að greiða gjald sem flýtir fyrir því að umsóknir starfsmanna þeirra verði teknar fyrir sem gæti komið biðtíma umsækjendanna niður í þrjátíu til sextíu daga í stað tveggja til fjögurra ára eins og nú er raunin.

Einnig á þingið að afnema þá kröfu að þeir sem sækja um vegabréfsáritanir til að fara í framhaldsnám í Bandaríkjunum ábyrgist að þeir muni snúa aftur til heimalands síns að námi loknu. Svo þarf einhver einn opinber embættismaður að vera ábyrgur fyrir samræmdri stefnu í þessum málum og starfa sem umboðsmaður fyrir málefni erlendra nemenda með því að koma á jafnvægi milli aðgengis að háskólunum og krafna Bandaríkjastjórnar um aukið öryggi í landinu.

Bandarískir háskólar þurfa að auka við markaðssetningu sína í öðrum löndum ef þeir vilja laða fleiri nemendur til sín. Háskólar ættu að starfa með iðnfyrirtækjum og ríkisstjórn Bandaríkjanna og þróa markaðsstefnu sem felur í sér þann boðskap að Bandaríkin séu það land í heiminum sem býður upp á bestu aðstæðurnar til náms. Bandaríkin geta einnig lagt fram eitthvað af aðstoð sinni til vanþróaðra landa með því að bjóða hæfileikaríkum nemendum frá viðkomandi löndum að stunda nám sitt við bandaríska háskóla.

Við höfum enn þá tækifæri til að breyta stefnu okkar til hins betra og bæta stöðu okkar meðal mögulegra framhaldsnema í öðrum löndum. Ef við grípum ekki þetta tækifæri gætu Bandaríkin misst leiðandi stöðu sína í vísindum og tækni í heiminum.

Höfundur er aðstoðarframkvæmdastjóri The National Foundation for American Policy. Greinin birtist áður í New York Times.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

JEPPAMIÐSTÖÐ

opin í dag } *glæsileg þjónustu- og fræðslumiðstöð fyrir alla jeppaeigendur*

Arctic Trucks hefur opnað nýja þjónustumiðstöð að Kletthálsi 3 fyrir alla jeppaeigendur á Íslandi. Af því tilefni er öllum boðið að skoða hina glæsilegu aðstöðu sem hýsir allt í senn – **verkstæði, verslun, sýningarsal og skóla.**

- *Glæsilegt breytingaverkstæði*
- *Sérhæft dekkjaverkstæði fyrir jeppa*
- *Fullkomnasta skoðunarstöð landsins*
- *Sérhæfð smurstöð fyrir jeppa*

- *Stærsta sérverslun landsins með jeppavörur og aukabúnað*
- *Sýningarsalur með breytta jeppa*
- *Mesta úrval landsins af jeppadekkjum og dekkjavörum*



- *Jeppaskóli Arctic Trucks*
  Fræðsla um allt milli himins og jarðar sem viðkemur notkun jeppans: Virkni fjórhjóladrifs - jeppinn við ýmsar aðstæður - jeppinn sem bjargvættur - jeppaleiðir og fleira skemmtilegt sem gerir fólki kleift að njóta jeppans til hins ýtrasta.

ARCTIC TRUCKS® JEPPASKÓLINN

Opið hús og sýning í dag kl. 13-17
Allir velkomnir.

05-0056 KC

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS®

UMMÆLI VIKUNNAR

„...Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagðist vera alveg sama hvort okkur liði vel eða illa í ríkisstjórninni. Okkur er ekkert sama um hennar líðan. Við viljum að henni líði vel og hafi það sem best.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á Alþingi 16. nóvember í umræðum um seinagang í þingstörfum.

„Jú. Ég er sammála Seðlabankanum um eitt. Þegar menn hætta að hósta, hryglurnar verða slitróttar og lífið fjarar út, þá hverfa einnig sjúkdómseinkennin.“

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á göngum Alþingis í vikunni. Ummælin eru um gengisstefnu Seðlabankans.

stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Meiri hagsmunir fyrir minni

Margir þóttust vita fyrir fram að í stjórnarskrárnefndinni sem nú starfar yrði tekist á um málskotsrétt forseta Íslands eða synjunarvaldið sem sumir kalla svo og færir þjóðinni rétt til að segja álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu.
Svo er að heyra sem menn séu í alvöru farnir að tala um rýmri rétt kjósendanna til að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnvel gætu menn rausnast til að veita minnihluta þingmanna rétt til að biðja um þjóðaratkvæðagreiðslu eftir nánari skilgeindum reglum.
Nú heyrist það frá nefndinni að til umræðu hafi komið að festa í stjórnarskrá lýðveldisins ákvæði um auðlindir í þjóðareign. Slíkt ákvæði gæti falið í sér fyrirmæli um það hvernig ríkisvaldið skuli gæta hagsmuna eigenda auðlindanna, það er að segja almennings.
Þetta mega sumir ekki heyra nefnt svo skömmu eftir að útgerðarmenn fengu leyfi stjórnvalda til að slá eign sinni á óveiddan fisk og nýta sem hverja aðra einkaeign. Slíkir séu hagsmunirnir að það sé öldungis sjálfsagt að leyfa forsetanum að hafa málskotsréttinn í friði gegn því að menn setji ekki auðlindarákvæði í stjórnarskrána.
Hver vill bera ábyrgð á því að stjórnarskrárnefndin springi í loft upp stundarfjórðungi fyrir kosningar?

Smellpassar

Það tekur sjálfsagt tíu ár að reisa hátæknisjúkrahús á Landspítalalóðinni við Hringbraut. Það kostar 36 milljarða króna, þar af 18 milljarða króna af söluandvirði Símans á árunum 2008 til 2012.
Alfreð Þorsteinsson er maður sem hefur reynslu af flóknum og dýrum byggingum, eins og höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur. Menn vissu ekki fyrir skemmstu að hann var rétti maðurinn í hátæknisjúkrahúsið. Og datt eitt andartak í hug að bjóða honum formennsku í Landsvirkjun til þess að ná mjúkri endurnýjun á lista Framsóknarflokksins í höfuðborginni.
Þetta smellpassar. Árið 2012 verður Alfreð Þorsteinsson 68 ára og kominn á eftirlaun, Björn Ingi Hrafnsson búinn að vera borgarfulltrúi eitt og hálft kjörtímabil, kominn á þing og orðinn varaformaður Framsóknarflokksins. Eða...

NÆSTA VIKA

Mánudagur
Þingfundur, óundirbúnar fyrirspurnir.

Þriðjudagur
Ríkisstjórnarfundur. Þingfundir, stjórnarfrumvörp.

Miðvikudagur
Þingfundir, fyrirspurnir.

Fimmtudagur
Þingfundir - 2. umræða um fjárlagafrumvarpið.

Föstudagur
Ríkisstjórnarfundur. Þingfundur, ný stjórnarfrumvörp.

VIKA Í PÓLITÍK
JÓHANN HAUKSSON

Útvegurinn úti frýs

Hörpudiskurinn veiðist ekki lengur í Breiðafirði. Rækjan er horfin úr innfjörðum og flóum. Hún veiðist lítið í úthafinu. Kolmunninn finnst ekki. Loðnan er týnd. Samherjaskipum hefur verið breytt í frystigeymslur fyrir síld sem selst ekki í Austur-Evrópu vegna eitraðrar samkeppni við Norðmenn. Olíuverðið er í hæðum. Svo er um gengi íslensku krónunnar, sterkasta gjaldmiðils Evrópu. Hundruð starfa hafa tapast í sjávarútvegi. Bíldudalur, Ísafjörður, Akureyri, Siglufjörður, Stöðvarfjörður. Hvað næst. Seyðisfjörður? Sum sjávarútvegsfyrirtæki halda sjó með því að leigja út kvótann sinn til þess að geta greitt af lánum sínum og borgað laun. Nema aurarnir fyrir leigukvótann séu notaðir til að kaupa meiri kvóta.

Skyldi ríkisstjórnin ekki hafa áhyggjur af þessu? Hvað til dæmis um Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra?

Jú. Kannski er staðan alvarleg. En misjafnlega alvarleg þó. Gengið hefur verið að hækka sagði hann við blaða- og fréttamenn í vikunni. En verð á afurðum hefur hækkað sagði hann einnig og það hefur hjálpað. Svo er jú olíuverðið hátt. „En verður ekki sjávarútvegurinn að vera í stakk búinn til að lifa af sveiflur? Hann hefur verið að ganga í gegnum erfiða sveiflu. Og gengið mun breytast,“ sagði Halldór.

Hér rekst hvað á annars horn. Því sjávarútvegurinn er afar skuldsettur í erlendri mynt. Og lækki gengi krónunnar hækka skuldirnar í krónum talið. Á þetta benti Halldór svo sem einnig.

En eru þá sjávarútveginum allar bjargir bannaðar? Getur Byggðastofnun hjálpað þeim verst settu í nafni byggðastefnu? Haldið uppi verði eignanna? Nei, það getur hún ekki því Byggðastofnun er einnig á hausnum.

Auðvitað er þetta alvarlegt en þetta er ekki svart, sagði forsætisráðherrann við áhugalausa blaðamenn um sjávarútveg.

Það var Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, einu sinni nefndur bjargvætturinn, sem sagði á göngum þingsins í vikunni: „Jú. Ég er sammála Seðlabankanum um eitt. Þegar menn hætta að hósta, hryglurnar verða slitróttar og lífið fjarar út, þá hverfa einnig sjúkdómseinkennin.“

En það getur verið snjallt hjá Halldóri að herða að mönnum um stund. Eins og bóndinn í Ölpunum sem sagði forðum: „Í dag ætla ég að vera góður við hundinn minn. Fyrst lúskra ég rækilega á honum. Svo hætti ég.“

Þær horfa til Evrópu

Í umræðu á Alþingi um utanríkismál leynast forvitnilegar yfirlýsingar. Framsóknarflokkurinn gæti verið að hallast að Evrópusambandinu og Samfylkingin að nýjum lausnum ef upp úr varnarsamstarfi slitnar við Bandaríkjamenn.

Metum varnarþörfina

Umræður um skýrslu Geirs. H. Haarde um utanríkismál þjóðarinnar stóðu klukkustundum saman síðastliðinn fimmtudag.

Stjórnarandstæðingar stöldruðu sérstaklega við óvissuna sem upp er komin í samningaviðræðum við Bandaríkjamenn um endurskoðun og framkvæmd varnarsamningsins, sem haldið hefur allar götur frá 1951.

Í lok ræðu sinnar sagði Geir: „Utanríkisstefna Íslands byggist sem fyrr á gæslu hagsmuna lands og þjóðar og öflugu fyrirsvari gagnvart öðrum ríkjum. Hins vegar hefur sú þróun jafnframt orðið áberandi hin síðari ár að auk beinnar hagsmunagæslu að Íslendingar taki í ríkari mæli þátt í alþjóðlegum verkefnum sem ekki tengjast íslenskum hagsmunum með beinum hætti.“

Þessi orð utanríkisráðherra urðu Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, tilefni til gagnrýni og spurði hún hvert erindi Íslendinga ætti að vera á alþjóðavettvangi.

Þótti henni utanríkisráðherra skauta létt yfir varnarmálin og bað um útskýringar á stefnunni gagnvart Bandaríkjamönnum.

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

„Ég tel að það sé að verða breyting í Framsóknarflokknum að þessu leyti,“ segir Siv um viðhorfin til ESB.

„Ég geri ráð fyrir því að ráðamenn hljóti að treysta sér í slíkar útskýringar. Að þeir hljóti að hafa það fast land undir fótum að þeir geti sett fram skiljanlegar kröfur og útskýrt þær fyrir öllu venjulegu fólki.“

Ingibjörg sagði að það yrði að tryggja varnir landsins. Spurningin væri hver lágmarksviðbúnaður væri. „Eru það fjórar orrustuþotur? Kannski. Til þess að geta svarað þeirri spurningu þarf að vinna raunhæft hættumat og meta þá vá sem að okkur getur helst steðjað og hvaða varnarviðbúnað þurfi til þess að takast á við hana.“

Taldi Ingibjörg líklegt að ríkisstjórnin legðist gegn slíku mati vegna þess að út úr því gæti komið að ekki væri þörf á miklum viðbúnaði. Og það gæti rennt stoðum undir þær óskir Bandaríkjamanna allt frá árinu 1993 að fara af landi brott með F15 - flugsveitina og allt sem henni fylgir. „Það er býsna mikið sem henni fylgir... Fyrrverandi forsætisráðherra og sá núverandi hafa báðir látið á sér skiljast að náist þetta markmið ekki fram hafi herinn einfaldlega ekkert hér að gera... þá verði varnarsamningnum einfaldlega sagt upp. Þetta hljómar einkennilega í eyrum margra því að mörgum finnst nú lítil hótun fólgin í því að segja hernum að fara af landi brott með öll sín tæki og tól, sem er einmitt það sem hann vill.“

Hótunin er pólitísk að mati Ingibjargar. Hótun um að færa sig af hinu bandaríska áhrifasvæði í utanríkismálum yfir á hið evrópska. En þótt Íslendingar gætu átt öryggissamfélag með Evrópubúum væri ekki á vísan að róa. „Hin sameiginlega utanríkis- og varnarstefna Evrópusambandsins er auðvitað ekki fullburða... Ef þetta fimmtíu ára öryggissamstarf (Íslendinga og Bandaríkjamanna) er að leysast upp, þá verða menn að velta fyrir sér í fullri alvöru hvað eigi að koma í staðinn. Og sú heimavinna hefur ekki farið fram frekar en matið á varnarþörfinni. Það sem er kannski verst í þessu máli öllu saman er að það virðist vera uppi alger pattstaða sem menn komast ekki út úr.“

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

„Mörgum finnst nú lítil hótun fólgin í því að segja hernum að fara af landi brott með öll sín tæki og tól, sem er einmitt það sem hann vill.“

Framsókn og ESB

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, gerði tengslin við Evrópusambandið að umtalsefni eftir að hafa rakið stuttlega hraðfara breytingar á borð við hnattvæðingu. Hún vitnaði í svofellda ályktun Flokksþings Framsóknarflokksins snemma á þessu ári: „Á vettvangi Framsóknarflokksins skal halda áfram upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Niðurstöðu þeirrar vinnu skal bera undir næsta flokksþing til kynningar. Komi til aðildarviðræðna við ESB skulu niðurstöður slíkra viðræðna bornar undir þjóðaratkvæði.“

Siv gat þessu næst að ágreiningur hefði verið uppi meðal Framsóknarmanna um EES samninginn en sjálf hefði hún stutt hann.

Hún velti því fyrir sér hvort orðið hefðu kynslóðaskipti í umræðunni um Evrópusambandið á flokksþinginu. „Unga fólkið var mun jákvæðara gagnvart aðild að Evrópusambandinu en við höfðum áður heyrt á vettvangi Framsóknarflokksins...Það sagðist sjá að Evrópusambandið væri einsleitt og við værum hluti af því. Við værum með EES-samninginn og við hefðum þróast eins og Evrópa vegna þess.“

Siv rakti drætti í hugarfari unga fólksins á flokksþinginu. „Ég tel að það sé að verða breyting í Framsóknarflokknum að þessu leyti.“

Siv kvaðst einnig skynja meiri velvild í garð Evrópusambandsins innan Sjálfstæðisflokksins, einkum meðal fólks í viðskiptalífinu. „Það var þó ekki að sjá í ályktunum landsfundarins og þar var sagt að ekki ætti að skoða slík mál á næstunni. Og í yfirlýsingum forystumanna var ekki að finna neina breytingu á viðhorfum í garð ESB. En ég fullyrði að það sé talsverð breyting á ferðinni hjá Framsóknarflokknum og þá einkum hjá unga fólkinu,“ sagði Siv.

johannh@frettabladid.is

Porsche Cayenne Turbo

Skíðasvæðin hafa sjaldan opnað jafn snemma.

Gengið hefur sjaldan verið hagstæðara.

Verðið hefur aldrei verið betra.

www.benni.is

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Árið 2006 verður því hugsanlega ekki bara viðburðaríkt fyrir íslenska neytendur sem fá frelsi til að kaupa raforku af þeim sem þeir vilja, heldur er einnig ljóst að íslenskir fjárfestar og fjármálastofnanir ætla að líta hýru auga til orkufyrirtækja í öðrum löndum í leit að fleiri útrásartækifærum.

FRÁ ORKURÁÐSTEFNU KB BANKA Sérfræðingar frá breska fjárfestingarbankanum Lexicon Partners í London voru meðal fyrirlesara. Hér eru þeir Mark Connel og Dominic Freely. Þeir telja að mikil tækifæri séu til fjárfestinga í orkugeiranum.

Frjáls viðskipti á orkumarkaði

Orkumál voru í brennideplinum í vikulok þegar tvær ráðstefnur um þennan stóra málaflokk voru haldnar hér á landi. Raforkusala verður frjáls um áramótin með nýjum raforkulögum. Einokun hverfur væntanlega í framhaldinu og hver sem vill, getur keypt raforku eins og hverja aðra neytendavöru.

Ekki er annað hægt að segja en að líf sé þegar farið að færast í umræðuna um orkumál í kjölfar þess að um áramótin næstu verður raforkusala gefin frjáls. Með því er átt við að allir sem vilja geta þá stofnað til viðskipta við hvern þann seljanda orku, hvar sem hann er staðsettur á landinu. Því má eflaust líkja við það þegar neytendum bauðst í fyrsta skipti að velja sér símafyrirtæki þegar símafyrirtækið Tal hóf starfsemi á árum áður. Þá var einokun ríkisins afnumin og frjáls samkeppni leit dagsins ljós enda þótt rétt um tveir mánuðir séu nú liðnir frá því afskiptum ríkisins af rekstri símafyrirtækja lauk. Í dag keppa tvö fyrirtæki á jafnréttisgrundvelli að þessu leytinu til og neytendur geta fylgst með verði og valið sér símafyrirtæki. Að slíku er stefnt í orkugeiranum og styttist nú óðfluga í að lög þess efnis verði að veruleika.

Samkeppni á Íslandi og í Noregi

Á málþingi Orkustofnunar fyrir helgi var fjallað um framkvæmd Norðmanna á auknu frelsi í orkumálum, en aðeins rétt um fimm ár eru síðan Norðmönnum bauðst að velja af hverjum þeir keyptu raforku. Hér á landi verður framkvæmdin með þeim hætti að skilið verður á milli orkuframleiðslu og orkusölu. Þannig verður eftirlit með dreifikerfinu en Neytendastofa mun veita upplýsingar um viðskiptakjör til almennings frá seljendum sem hægt verður að nálgast á heimasíðu hennar hverju sinni.

KB banki stóð einnig fyrir ráðstefnu um orkumál fyrir helgi en meðal fyrirlesara voru framkvæmdastjórar hjá breska fjárfestingarbankanum Lexicon Partners, en innan bankans hefur myndast mikil sérþekking á orkumálum.

Í máli framkvæmdastjóranna kom fram að framundan væru miklar hræringar í orkumálum heimsins. Margir möguleikar væru á breyttu rekstrarformi á orkumarkaði og mismunandi aðstæður hvert sem litið væri í hinum vestræna heimi. Þannig mætti líta á það sem kosti við möguleika einkavæðingu að verð myndi hugsanlega lækka ef samkeppnin ykist en að sama skapi gæti aukið frelsi og einkavæðing orðið að pólitísku þrætuepli.

Útrás í orkugeiranum

Sigurgeir Tryggvason, viðskiptastjóri verkefna- og fasteignafjármögnunar hjá KB banka, benti á það í erindi á orkuráðstefnunni að íslenskur orkugeiri ætti verulega möguleika bæði hér heima og erlendis. Meðal þátta sem Sigurgeir nefndi sem dæmi til stuðnings þessum tækifærum var að hér á landi væri langmest raforkuframleiðsla á hvern íbúa í heiminum, mikil verk- og tækniþekking væri til staðar í landinu og mikil reynsla væri af samskiptum við aðila frá að minnsta kosti þremur heimsálfum.

Hann sagði að KB banki hefði áhuga á því að koma að verkefnum á sviði orkumála. Net KB banka nær orðið víða um Evrópu og bankinn er orðinn að alþjóðlegum banka sem hefur víðtækt útibúanet. Þannig hefur bankinn áhuga á því að koma að verkefnum í samstarfi við íslenska þekkingaraðila.

Árið 2006 verður því hugsanlega ekki bara viðburðaríkt fyrir íslenska neytendur sem fá frelsi til að kaupa raforku af þeim sem þeir vilja, heldur er einnig ljóst að íslenskir fjárfestar og fjármálastofnanir ætla að líta hýru auga til orkufyrirtækja í öðrum löndum í leit að fleiri útrásartækifærum.

hjalmar@frettabladid.is

Dagbækur forseta



Kristján Eldjárn 1968-1980

Guðni Th. Jóhannesson

Hér er byggt á dagbókum Kristjáns Eldjárns forseta, segulbandsupptökum hans af fundum með flokksforingjum um stjórnarmyndanir og stjórnarslit. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur unnið úr þessum einstæðu heimildum. Afraksturinn er þessi stórmerkilega bók sem veitir einstaka sýn inn í refskák stjórnmálanna og það sem gerðist á bakvið tjöldin.

Völundarhús valdsins brýtur blað í ritun stjórnmálasögu landsins.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Allt á 20% afslætti

Hönnunarhelgi opið í dag 13 til 17

innanhúsarkitektar verða í verslun okkar og aðstoða við efnisval í dag 14 - 17

Þegar innrétta á fallegt heimili

Egill Árnason hf

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - www.egillarnason.is

ÍSLENSK MYNDLIST

HULDUKONUR STÍGA FRAM



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Hrafnhildur Schram

Lengi hefur hlutur kvenna í íslenskri myndlist fram eftir 20. öld verið sveipaður hulu og talinn léttvægur. Í þessari bók eru hins vegar leiddar fram tíu íslenskar konur sem stunduðu myndlistarnám í Kaupmannahöfn í kringum aldamótin 1900. Allar tilheyrðu þær efri stétt þjóðfélagsins, voru dætur embættismanna, kaupmanna og efnaðra bænda. Engin þeirra gerði samt myndlist að ævistarfi eftir að heim til Íslands var komið.

Hrafnhildur Schram varpar hér ljósi á líf og list þessara íslensku huldukvenna og sýnir fram á mikilvægt framlag þeirra til íslensks menningarlífs.

Bókin er ríkulega myndskreytt, bæði með myndum af verkum huldukvennanna og gömlum ljósmyndum úr samtíma þeirra og lífi.

edda.is

EDDA

Skáldið og sjarmörinn



Ég elska þig stormur – ævisaga Hannesar Hafstein

Hannes Hafstein var bráðgert glæsimenni, orti kvæði sem enn lifa á vörum landsmanna og sagt var að kvenhylli hans væri „óendanleg“. Hann var auk þess sá stjórnmálamaður sem þjóðin hefur haft hvað mest dálæti á, lífs og liðinn. Færri vita hins vegar að þessi óskasonur Íslands átti um margt stormasama ævi og á milli stóru sigurstundanna voru sárir ósigrar. Í þessari vönduðu og skemmtilegu ævisögu dregur Guðjón Friðriksson fram heilsteypta og um margt óvænta mynd af manninum Hannesi, meðal annars í ljósi fjölmargra einkabréfa og nýrra heimilda sem aldrei áður hafa komið fyrir almenningssjónir.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Einstök sýn á óvenjulega heillandi mann

Sonurinn ...

„... En svo kom bréfið þitt, andandi allt þessum blíða, elskulega anda sem ég hvergi finn nema hjá þér og ég varð svo glaður. Þú skilur mig svo fullkomlega og tekur tillit, já meira en ég á skilið, til tilfinninga minna. Þú veist hvernig ástatt er með stúderingarnar --- já, elsku mamma, ég skal reyna að horfa niður í öldurnar og lifa mig inn í gang þeirra. Ég skal ekki leggjast fyrir sjóveikur á lagarskipið svo ég verði ónýtur farangur og verra en það. Ég kem smátt og smátt og, mamma mín, mér „tekst held ég að verða tollheimtumaður“.“



Uppreisnarmaðurinn ...

„Mikið óendanlega er það vitlaus statsinstitution [ríkisstofnun] að láta þá menn, sem eiga að sitja í embættum, ganga í gegnum þessi vitlausu examen [próf] sem aldrei hafa neina praktíska þýðingu. Það leiðir það af sér að hafi verið í þeim kraftur og fjör þá kafnar það og bognar á leiðinni og þessi eilífa þvingun á andanum demoraliserar [afsiðar] hann og leggur spírur til ýmislegs sem embættismönnum er við brugðið fyrir. Ég veit ekki til hvers ég er að skrifa þetta – jú, þá sér þú að minnsta kosti að ég er lifandi.“

Pabbinn ...

„Sigurður er mikið úti og vanalega heldur þægur en allraddljótur þegar hann fer í bassa. En það gjörir hann þegar hann fær ekki allan sinn vilja. Ástríður segir ennþá ekkert annað en „Adda, Adda“ með mörgum nuancer [tilbrigðum], frá urri til skræks, frá skipan til bænar, og er digur mjög eins og hún á nafn til og nefljót. Kristjana nafna þín er mest „interessant“ sem stendur. Andlitið á henni er okkar einasta staðkvæmi (substitut) fyrir suðrænt „Landskab“. Blátt er Miðjarðarhafið og blár er himninn í Nizza en blárra er þó undir augunum á Nönu og á nefinu og enninu eru rauðar rósir með dökkgrænum lundum á milli. Hún fór nefnilega svo herfilega á hausinn í hálku á Skólabrúnni – var mærkelig nok að elta stelpu en ekki strák, verður kannski annað ofan á ef hún eldist. Andlitið varð eins og rúskumsnúsk af undarlega löguðum skilningarvitum. En hún meiddist ekkert í höfðinu sjálfu, var frísk og glöð strax sama daginn og er nú að útenda sín glóðaraugu.“

Guðjón Friðriksson er einn vinsælasti ævisagnahöfundur landsins og hefur þrívegis hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir verk sín.

Edda
edda.is

LEO TOLSTOY (1828-1910) LÉST ÞENNAN DAG.

„Nietzsche var heimskur og afbrigðilegur.“

HINN RÚSSNESKI RITHÖFUNDUR LEO TOLSTOY SKRIFAÐI MEÐAL ANNARS BÆKURNAR STRÍÐ OG FRIÐ OG ÖNNU KARENINU.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 20. NÓVEMBER 1995

Díana viðurkennir framhjáhald

Á þessum degi árið 1995 viðurkenndi Díana prinsessa af Wales í sjónvarpsviðtali að hafa haldið framhjá Karli krónprins. Þetta var í fyrsta sinn sem Díana tjáði sig opinberlega um skilnað sinn við prinsinn. Sjónvarpsmaðurinn Martin Bashir hafði tekið klukkutímalangt viðtal við prinsessuna fyrir þáttinn Panorama á BBC. Í samtali þeirra kom meðal annars fram að Díana hafði átt í ástarsambandi við reiðkennarann James Hewitt. Hún lýsti einnig sárum tilfinningum sínum vegna langrar vináttu Karls við Camillu Parker-Bowles. Þá ræddi hún einnig á opinskáan hátt um þunglyndi og búlimíu sem hún hafði lengi átt við að stríða.

Mánuði eftir viðtalið sendi Elísabet drottning bréf til bæði Karls og Díönu þar sem hún bað þau að fá lögskilnað. Hjónabandinu lauk því formlega þann 28. ágúst 1996.

Díana lést á sviplegan hátt í bílslysi 31. ágúst

DÍANA PRINSESSA 1997 í París. Karl prins giftist Camillu Parker-Bowles í apríl á þessu ári.

MERKISATBURÐIR

1763 Dómkirkjan að Hólum í Hjaltadal, sú sem enn stendur, er vígð.

1945 Réttarhöldin yfir 24 háttsettum nasistaforingjum hefjast í Nürnberg.

1947 Elísabet krónprinsessa giftist Philip Mountbatten í Westminster Abbey.

1959 Viðreisnarstjórnin, samsteypustjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks undir forsæti Ólafs Thors, tekur við völdum.

1975 Spánski einræðisherrann Francisco Franco hershöfðingi andast 82 ára að aldri.

1992 Eldur kviknar í Windsor-kastala í Englandi.

†

Ástkær eiginkona mín, besti vinur og móðir okkar,

Carla Pizarro Fernandez

sem lést sunnudaginn 13. nóvember, verður jarðsungin frá Landakotskirkju mánudaginn 21. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á söfnunarreikning: banki 515 14 105600 kt. 140770 3029 sem stofnaður var fyrir börnin hennar.

Símon Jóhann Bragason
Sóldís Rós Símonardóttir
Veronica Alexandra Símonardóttir
Rafael Róbert Símonarson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórhallur Ásgeirsson
fv. ráðuneytisstjóri, Einimel 6,

andaðist laugardaginn 12. nóvember.
Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 23. nóvember klukkan 15.00.

Lilly Ásgeirsson
Sverrir Þórhallsson — **Inga Helgadóttir**
Dóra Þórhallsdóttir — **Magnús B. Einarson**
Ragna Þórhallsdóttir — **Flosi Kristjánsson**
Sólveig Þórhallsdóttir — **Gunnar Jóakimsson**
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Sigríður Finnsdóttir
Hraunbæ 122, Reykjavík,

andaðist að morgni 17. nóvember á Landspítala - Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. nóvember klukkan 13.00.

Gísli Víglundsson
Ragnar Sigurbjörnsson — **Anna Stína Þórarinsdóttir**
Inga María Henningsdóttir — **Ólafur Sigurjónsson**
Sveinbjörg Friðbjörnsdóttir — **Gunnar Sigurðsson**
Guðfinna Friðbjörnsdóttir — **Þór Magnason**
Hallfríður Friðbjörnsdóttir
Sveinn Indriði Gíslason
Barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Loftur Ólafsson tannlæknir
Bergstaðastræti 72,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 17. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Hrafnhildur Höskuldsdóttir
Ólafur Loftsson — **Dagný Hermannsdóttir**
Auður Loftsdóttir — **David Tomis**
Birta, Grímur, Ásta og Emma.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1841 Wilfred Laurier, forsætisráðherra Kanada.

1889 Edwin Powell Hubble stjörnufræðingur.

1925 Robert Kennedy, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna.

ANDLÁT

Kristjana Guðmundsdóttir, frá Blönduósi, Hjallaseli 55, Reykjavík, lést föstudaginn 4. nóvember. Jarðarförin fór fram í kyrrþey.

Anna Sigríður Finnsdóttir, Hraunbæ 122, Reykjavík, lést fimmtudaginn 17. nóvember.

Einar Oddsson, fyrrverandi sýslumaður í Vík, Úthlíð 6, Reykjavík, lést 17. nóvember.

Loftur Ólafsson, tannlæknir, Bergstaðastræti 72, lést 17. nóvember.

Jóhanna Ólafsdóttir, frá Beitistöðum, Leirársveit, Garðabraut 22, Akranesi, lést 16. nóvember.

Björn Vignir Sæmundsson, Ránarbraut 9, Vík í Mýrdal, lést 14. nóvember.

Katrín Pétursdóttir, Akurgerði 37, Reykjavík, lést 16. nóvember.

STEINAR BIRGISSON Varð nýlega Noregsmeistari öldunga í handbolta með sínu gamla félagi Runar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STEINAR BIRGISSON ER NOREGSMEISTARI ÖLDUNGA Í HANDBOLTA:

Handbolti á daginn, djamm á kvöldin

Steinar Birgisson sem lék um árabil með gullaldarliði Víkings í handbolta varð á dögunum Noregsmeistari í handbolta öldunga. Steinar lék með Runar frá Sandefjord á árunum 1987 til 1990 og hefur síðustu þrjú ár farið utan að hausti og leikið með öldungaflokki liðsins. Nú bar vel í veiði hjá Steinari og félögum, sjálfur Noregsmeistaratitillinn vannst.

„Þetta er mjög sniðugt og flott hjá Norðmönnunum, þarna koma saman rúmlega tvö þúsund karlar og kerlingar og spila handbolta á daginn og djamma fram undir morgun. Þetta er ferlega erfitt,“ segir Steinar og hlær.

Hann kann vel við sig í Noregi og segir sama hvort hann sé þar eða á Íslandi, í báðum löndum sé hann eins og heima hjá sér. Það var reyndar ekki handboltinn sem dró hann út á sínum tíma heldur tölvurnar. „Ég var eiginlega hættur í boltanum en samdi við Runar um að liðið myndi útvega mér vinnu í tölvubransanum og í staðinn myndi ég spila með því handbolta.“

Að Noregsárunum liðnum lék Steinar eitt tímabil með Haukum áður en hann hætti í keppnisbolta. Síðan spilaði hann í nokkur ár með öldungaliði Víkings en tekur því rólega í dag. „Ég fylgist varla með handbolta lengur en horfi á Evrópu- og heimsmeistaramót. Ég hætti þessu þegar ég hætti.“

Steinar lék lengi undir stjórn hins fræga og umdeilda Bogdans en þeir tvímenningarnir vörðu löngum stundum saman. „Það eru kannski ekki margir sem vita það að hann píndi mig á kvöldin en ég píndi hann á daginn. Hann var nefnilega handlangari hjá mér í múrverki. Svo stríddi ég honum stundum á æfingum, æsti hann upp og fékk svo sem að heyra það í staðinn.“

Steinar vinnur nú sem lífeyrissjóðs- og tryggingaráðgjafi og sem slíkur hvetur hann fólk til að huga að þeim málum enda algengt að tryggingar séu í miklum ólestri þó fólk haldi annað.

Hátíðarmessa í Akureyrarkirkju

Í tilefni af 65 ára afmæli Akureyrarkirkju verður hátíðarmessa í kirkjunni í dag. Á fimmtudag voru liðin 65 ár frá vígslu kirkjunnar sem Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði.

Í messunni í dag verður frumflutt nýtt tónverk, Da pacem Domine, eftir Jón Hlöðver Áskelsson en hann samdi verkið að beiðni Listvinafélags Akureyrarkirkju. Verkið er skrifað fyrir kór, orgel og málmblásara og syngur kór Akureyrarkirkju það en kórinn fagnar einmitt sextíu ára afmæli sínu um þessar mundir. Björn Steinar Sólbergsson leikur á orgel.

Séra Óskar Hafsteinn Óskarsson predikar en séra Svavar A. Jónsson, séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Valgerður Valgarðsdóttir djákni þjóna fyrir altari.

Messan hefst klukkan 14 og að henni lokinni verður kaffisala Kvenfélags Akureyrarkirkju í safnaðarheimilinu. ■

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Oddnýjar Ólafsdóttur
kjólameistara, frá Látrum í Aðalvík.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks deildar 3-S á Hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík, fyrir auðsýnda hlýju og góða umönnun.

Guðbjörg Björnsdóttir
Arndís H. Björnsdóttir
Jóhanna G. Björnsdóttir — **Tryggvi Eyvindsson**
Hildur Björnsdóttir
Ólöf S. Björnsdóttir — **Magnús Kristmannsson**
Arinbjörn Björnsson
barnabörn, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.

Íslensku dívurnar

ásamt 25 manna stórhljómsveit, 150 manna kór skipuðum félögum úr Karlakór Fóstbræðra, Léttsveit Reykjavíkur og Stúlkna- & Kammerkór Bústaðakirkju og fjórum af þekktustu karlsöngvurum landsins

CULTURE 2.1 F2 COMPANY

Frostrósir 2005



Regína Ósk Vala Guðna Margrét Eir Hansa Védís Hervör Ragga Gísla Guðrún Árný

STÓR-JÓLATÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL
LAUGARDAGINN 10. DESEMBER KL. 20:00

Þann 10. desember næstkomandi verða haldnir stærstu jólatónleikar Íslandssögunnar í Laugardalshöll. Fram koma allar þær helstu söngkonur sem skipað hafa sæti hinna Íslensku díva undanfarin þrjú ár ásamt nokkrum okkar fremstu karlsöngvurum.

Á dagskrá tónleikanna verða öll vinsælustu lög undanfarinna tónleika Frostrósa auk þess sem eitthvað mun koma skemmtilega á óvart. Nýuppgerð Laugardalshöllin verður svo sannarlega færð í jólabúning og engu til sparað svo sviðið verði sem glæsilegast.

20% AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI Í LOKAÐRI FORSÖLU VISA

SÍÐASTI DAGUR Í DAG!

FORSALA FYRIR VISA KREDITKORTHAFA LÝKUR Í DAG, SUNNUDAGINN 20. NÓVEMBER

Svarað er í síma 517 1010 og 517 1001, til 18:00 í dag en opið til miðnættis á www.2112.is

NÚMERUÐ SÆTI!

ALMENN MIÐASALA HEFST KL. 10:00 Á MORGUN Á
www.2112.is
& Á SÖLUSTÖÐVUM Select

Verð í A svæði: Kr. 3.990,-
Verð í B, C og D svæði: Kr. 2.990,-

FROSTRÓSIR 2004 OG FROSTRÓSIR 3 KOMNAR Í VERSLANIR!

...ein glæsilegasta tónlistarútgáfa ársins í hljóði og mynd

Allir eru að hlusta!

ÁRITANIR Í SKÍFUNNI Í DAG!

Tryggðu þér heitustu titlana á tilboðsverði í Skífunni um helgina!

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ;)

www.skifan.is

> SUNNUDAGUR MEÐ SIGURÐI ÞÓR

Kirkjan má ekki víkja sér undan ábyrgð

Séra Jóna Hrönn Bolladóttir fráfarandi miðborgarprestur og verðandi prestur í Garða- og Bessastaðasókn er á heimavelli á kaffihúsinu Ömmukaffi í Austurstræti. Hún átti stóran þátt í tilurð staðarins ásamt sjálfboðaliðum í Mmðborgarstarfinu og er aukinheldur með skrifstofu á hæðinni fyrir ofan.

Ömmukaffi er til húsa í vesturenda hússins sem hýsir Hressingarskálann. Þarna var síðast rekin filmuframköllun fyrir tíma stafrænu myndavélanna og þar áður gleraugnaverslun. Þegar inn er komið blasir við gamalkunnug innrömmuð mynd sem var á árum áður að finna á hverju sómakæru íslensku heimili: Drottinn blessi heimilið.

Heimilislega matar- og kaffilykt leggur á móti manni og andrúmsloftið er hlýlegt og notalegt, enda kaffihúsið reyk- og áfengislaust. Þarna er enginn íburður, einföld borð og stólar og uppi á vegg er bókahilla þar sem gestir geta seilst í góða bók meðan þeir gæða sér á veitingum. Þetta er kærleiksríkt kaffihús eins og Jóna Hrönn orðar það.

Staða miðborgarprests lögð af

Jóna Hrönn er stundvís, situr úti við gluggann á spjalli við einn af gestum kaffihússins. Hún heilsar með hlýlegu brosi og hlýju handtaki. Ljóst hárið er eilítið úfið; um hálsinn ber hún litríka festi. Á stólbaki hangir stuttur pelsjakki og bleikir leðurhanskar liggja á borðinu ásamt farsíma og opinni dagbók, þéttskrifaðri. Hún dreypir á sódavatni.

Við pöntum kaffi og Jóna Hrönn biður um tvöfaldan expressó. „Ég er svo mikill nagli," segir hún og hlær innilega. Það er stutt í hláturinn og glaðværðina hjá Jónu Hrönn en hún verður alvarleg á svip þegar talið berst að málefnum miðborgarinnar. Hún hefur gegnt starfi miðborgarprests undanfarin sjö ár en nú er því verkefni að ljúka. „Þetta var tilraunaverkefni," útskýrir hún. „Fyrst var ég fengin af KFUM&K í þetta starf til tveggja ára en síðan ákvað þjóðkirkjan að koma inn í þetta og ráða mig til fimm ára."

Kirkjan má ekki víkja sér undan

Hún talar mikið með höndunum, leggur áherslu á orð sín og kreppir hnefana ef því er að skipta. Ekki þó í illsku heldur af baráttuhug og það fer ekkert á milli mála að hugur fylgir máli hjá Jónu Hrönn og einlægnin og hluttekningin skín úr hverjum andlitsdrætti. Þegar hún hóf störf í miðborginni var unglingadrykkja og ólæti viðvarandi vandamál þar. Úr þessu dró verulega eftir að einstaklingar frá ýmsum stofnunum og hreyfingum tóku höndum saman og líka eftir að afgreiðslutími skemmtistaða varð breytilegur.

En þó svo að þessi vandi sé að mestu horfinn úr miðborginni hefur annar tekið við að sögn Jónu Hrannar, en það er vaxandi fjöldi utangarðsmanna og fólks sem á við mikla erfileika að stríða. Því finnst henni ástæða til að kirkjan velti því vandlega fyrir sér hvort ekki sé áfram þörf fyrir aukna sálgæslu í miðborginni. „Mér finnst eðlilegt að halda áfram kærleiksþjónustu í miðborginni af hálfu kirkjunnar með einhverjum hætti", segir hún og leggur áherslu á hvert orð með handahreyfingum eins og hljómsveitarstjóri. Og hún hallar sér fram á borðið, lækkar róminn og segir ábúðarmikil í fasi: „Og kirkjan getur ekki vikið sér undan þessu verkefni, það er hlutverk kirkjunnar að standa með þeim sem eru félagslega mest einangraðir. Ef við getum það ekki þá er eins hægt að loka sjoppunni." Svo mörg voru þau orð.

Gengur í sjö ára tímabilum

Aðvífandi gestur heilsar Jónu Hrönn og óskar henni til hamingju með nýja starfið og af og til kinkar hún kolli til vegfaranda um Austurstrætið utan við gluggann. Það er augljóst að Jóna Hrönn á marga vini hér í miðborginni. Hún tekur við starfi sóknarprests í Garðabæ og Álftanesi 1. desember en hyggst sinna skjólstæðingum sínum hér út samningstímann eða til áramóta.

Söknuðurinn er strax farinn að segja til sín og hún segir um leið og hún andvarpar að þetta verði erfitt. Hún segist þó ganga til nýrra verka með gleði og eftirvætingu í huga. Og það birtir yfir henni þegar talið berst að starfinu framundan. „Það er svo merkilegt að þetta gengur í sjö ára tímabilum hjá mér", segir hún brosandi. „Ég var sjö ár í Vestmannaeyjum og er nú að ljúka sjö ára starfi hér í miðborginni."

Og henni finnst spennandi að koma aftur inn í bæjarsamfélag líkt og í Vestmannaeyjum; ekki síst að starfa með börnum og unglingum. Og hún er ákveðin í að hlusta vel eftir líðan fólksins. „Ég hef fundið að það er margt fólk sem ann kirkjunni og hugsjón hennar í báðum söfnuðum. Og það er trú mín og vonandi allra að nú séu framundan dagar sátta og uppbyggingar."

Rosaleg jólakerling

Talið berst að aðventunni framundan og jólunum. „Ég er rosaleg jólakerling," segir Jóna Hrönn skellihlæjandi og baðar út höndunum. „Ég er búin að kaupa flestar jólagjafirnar og er byrjuð að skreyta heima hjá mér," bætir hún við og það vottar fyrir ákveðnu stolti í látbragði hennar.

Þetta kemur reyndar til af því að hún segist stöðugt vera að endurskoða jólahaldið hjá sér; það hafi einkennst um of af spennu og neyslu. „Þess vegna kaupi ég jólagjafirnar til dæmis allt árið og skrifa jólakortin snemma," segir hún. Svo hallar hún sér fram á borðið og bætir við lægri röddu: „Og ég ætla að gera allt sem ég get til að þurfa ekki að fara á jólahlaðborð, það er stóra samviskubitið mitt alla aðventuna. Þetta er föstutími, og ég reyni að forðast öll þessi hlaðborð og borða helst ekki kökur eða sælgæti á aðventunni, enda ekki á bætandi," segir hún og skellir upp úr.

Í skjól fyrir jól

Hún segist hafa búið til ágætis slagorð þessu tengt: „Það er, í skjól fyrir jól," segir hún, „og snýst um að geta komist klakklaust fram á aðfangadag án þess að verða fyrir skakkaföllum af öllu áreitinu."

Hún verður alvarlegri á svip þegar hún útskýrir að slagorðið hafi líka víðari merkingu sem snýr að börnum og öðrum þeim sem lifa í algjöru skjólleysi í heiminum. „Sem kristið fólk eigum við að vera hendur Guðs í veröldinni, græðgin rænir okkur hins vegar friði og meðbræður okkar lífsbjörginni." Og hún segir frá frábærri jólagjöf sem hún rakst á. „Það er gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar, þar sem hægt er að gefa barni vatn í ákveðinn tíma eða styrkja það til menntunar eða hreinlega gefa því að borða. Og þetta ætla ég að hafa í jólapökkunum mínum í ár," segir Jóna Hrönn Bolladóttir með hlýju í röddinni.

CR-V

HONDA
The Power of Dreams

4x4xinnkaupakerra

HÉR & NÚ / SÍA

Verðlaun

- Eftirsóttasti borgarjeppinn í sínum flokki (Edmunds.com)
- Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)
- Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
- Fyrsti borgarjeppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)

Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

2.749.000 kr.

28.715 kr. á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. ** Bíll á mynd er CR-V Executive

Komdu í Bernhard, Vatnagörðum og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag honda.is

Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rými og drifgetu fyrir allan afraksturinn úr innkaupaleiðangrinum. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þeirra atriða sem tryggja öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan.
Honda CR-V er glæsilegt dæmi um Honda áreiðanleika og Honda fjölhæfni á Honda-góðu verði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Kakan

Kíktu á verðið!

Ný sending af glæsilegum leðursófasettum

Model 3001
3+1+1: Verð kr. 189.800,- Leður, litur brúnt.

Model 3050
3+1+1: Verð kr. 169.800,- 3+2+1: Verð kr. 189.800,- Leður, litur brúnt.

Model 3055
3+1+1: Verð kr. 159.800,- 3+2+1: Verð kr. 179.800,- Leður, litur brúnt.

Opið í dag kl. 13 -16

Grafíska smiðjan ehf. 11-05

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugard. kl. 11 - 16, í dag, sunnudag kl. 13 - 16.

Kíktu á leðrið!

Kakan

Model 3022
Sessalong: Verð kr. 179.800,- Leður, litur cream og svart.

Model 601
3+1+1: Verð kr. 199.800,- 3+2: Verð kr. 179.800,- Leður, litir cream og brúnt.

Leður, litir cream og brúnt.

Model 558
3+1+1: Verð kr. 249.800,- 3ja+2ja sæta: Verð kr. 199.800,-

Model 598
Hornsófi: Verð kr. 219.800,-
Leður, litir cream og brúnt.

Ondvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

Opið í dag kl. 13 -16

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Mesti leyndardómur tilverunnar

Rauði þráðurinn í skrifum Steinunnar Sigurðardóttir er ástin, tíminn og dauðinn. Hún sagði Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur frá bráðdrepandi og seigdrepandi ástarsorg, djúpri hamingju, vanræktum börnum og Sólskinshestinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sólskinshestur er Reykjavíkursaga, en Reykjavík er borgin í lífi Steinunnar Sigurðardóttur.

„Allt sem hefur skipt máli í lífi mínu hefur gerst í Reykjavík, þótt ég hafi flúið frá Reykjavík í allar áttir og búið í Frakkalandi síðan 1996. Líf mitt er hér; þótt ég sé jafnan í burtu frá eigin lífi, en því að koma heim og horfa á birtuna, trén og hitta vini mína fylgir djúp hamingja," segir Steinunn og brosir íhugult.

„Það er nauðsyn að fara. Hér heima truflar svo margt sem væri undir venjulegum kringumstæðum dásamleg truflun, en á krítískum tímum þegar bók er í smíðum næ ég ekki árangri nema einbeita mér í algjörum friði að skrifunum," segir Steinunn sem gerir ekki annað á meðan.

„Og þá meina ég ekkert. Ég elda eina máltíð, set í þvottavél og fer í gönguferð en tala ekki við fólk og einangrast í mínum heimi. Það er mjög góður jarðvegur fyrir geðveiki þannig að maður teflir á tæpasta vað með sjálfan sig og þanþol sambandsins við sinn sambýlismann," segir Steinunn sem á við Þorstein Hauksson tónskáld, sem haldið hefur vinnutaktík Steinunnar út með glöðu geði.

„Ég flutti frá París til Suður-Frakklands til að ljúka við Sólskinshestinn og leigði hús með löngum gangi. Því eru margir metrar og margar hurðir á milli okkar Þorsteins í vinnunni, sem er dásamlegt, og svo hittumst við í eldhúsinu og svefnherberginu. Guðbergur Bergsson hafði rétt fyrir sér þegar hann sagði: „Steinunn mín. Það er vandamál fyrir listakonu að finna sér mann. Hann verður annað hvort að vera listamaður eða rola." Og ég fann sem betur fer annan listamann sem leggur á mig engar kvaðir. Sambandið er algjörlega frjálst og byggir á hundrað prósent gagnkvæmum stuðningi og hvatningu, enda þegar Þorsteinn er mjög önnum kafinn við sín verk er það ég sem held hlutunum gangandi," segir Steinunn hamingjusöm með lífið.

„Ég er óendanlega heppin með fjölskyldu og vini. Þau láta mig aldrei finna að ég er stundum félagsskítur en hefði ég þá sektarkennd á bakinu að vera drusla sem sinnti ekki mínum nánustu mundi mér líða óbærilega. Ég veit ég vanræki vini mína hryllilega meðan ég skrifa bók, en þegar ég hitti þá aftur eftir langt sambandsleysi og fjarveru er allt eins og gerst hefði í gær og það er guðs gjöf sem verður aldrei fullþökkuð."

Skilaboð að handan

Steinunn varði sjö árum í rannsóknir á uppruna og ævi aðalsöguhetju Sólskinshestsins, en sú var þó aldrei á lífi.

„Ég veit ekki hvaðan hún kom til mín, en það sótti mjög á mig að skrifa um ákveðna tegund af örlögum. Þá þurfti ég að finna út hvernig kona mætti slíkum örlögum og rakti mig aftur á bak. Ég var svo heppin að finna hús í hverfi sem geymir mikið af súrefninu í sögunni, en húsið fann ég á Fjölnisvegi 7 þótt ég hafi staðsett það við Sjafnargötu í sögunni," segir Steinunn um hið magíska hús.

„Þegar ég var búin með bókina og var að sniglast þar í kring sá ég að í garðinum stóð hlynur, rétt eins og í minni bók. Fyrir tilviljun hitti ég fólk sem býr í húsinu og þá kom í ljós að húsráðandi hafði heitað Hrafnkell, rétt eins og faðir söguhetjunnar hét allan tímann, upp að þremur síðustu mánuðunum að ég breytti nafninu," segir Steinunn og aftekur að vera skyggn.

„Ég er ekkert inni í dulrænum málum en þó er þetta ekki tilviljun. Svona hlutir hafa gerst of oft og of sterkt til að um tilviljanir geti verið að ræða. Ég hef sennilega opnar rásir fyrir umheiminum, en ótrúlegar tilviljanir í sambandi við nöfn koma upp aftur og aftur," segir Steinunn og minnist slíkra fyrirbæra þegar hún skrifaði metsölubókina Hjartastað.

„Þá skrifaði ég óvart sögu konu sem er ættuð úr Skaftafellssýslu og persóna henni nátengd hét mjög sjaldgæfi nafni sem aðeins tvær konur á Íslandi hafa heitið. Ég var um það bil að gefast upp á skrifunum þegar ég var með foreldrum mínum í sumarhúsi í Skaftafellssýslu og bað mömmu að koma í bíltúr. Hennar hugmynd að skemmtun var Prestbakkakirkjugarður og þar sem ég eigraði um storkaði ég máttarvöldunum: „Guð, ef þú vilt að ég ljúki við þessa bók skaltu gefa mér merki!" Og þá fann ég nafnið, þetta ótrúlega sjaldgæfa nafn, á leiði í garðinum, og ég sem hélt að ég hefði búið það til! Þannig fara reimleikarnir af stað þegar ég fer í mín eigin spor og bókaskrifin eru í höfn, en þótt það sé hjátrú lít ég á það sem staðfestingu þess sem ég er að gera," segir Steinunn með einlægnina að vopni.

Einleikur og einmanaleiki

Steinunn var löngu orðinn rithöfundur þegar hún hóf háskólanám í sálarfræði og heimspeki í Dyflinni, en hún byrjaði að skrifa aðeins þrettán ára gömul og gaf út sína fyrstu ljóðabók nýorðin nítján ára.

„Það lá auðvitað beinast við að fara í bókmenntafræði en ég er haldin því sem kallast á góðri íslensku þvergirðingsháttur. Ég lærði að lesa fjögurra ára og las alla mína æsku; fór þrjár ferðir á dag í strætó til að ná mér í bækur á bókasafnið í Þingholtsstræti og læsti mig inni á klósetti til að fá lestrarfrið, ef því var að skipta," segir Steinunn og skellir upp úr.

„Ég tók því aldrei meðvitaða ákvörðun um að verða rithöfundur, eins og margir karlmenn gera, enda skorti mig fyrirmyndir á þessum árum. Ég er óendanlega þakklát fyrir að hafa farið í háskólanám því það gefur vissa ögun í vinnubrögðum. Mér hefði svo alveg dottið í hug að vinna við sálarfræði eftir námið en fór aftur í blaðamennsku og störf fyrir ríkisútvarp og -sjónvarp," segir Steinunn, sem árið 1980 tók meðvitaða ákvörðun um að hætta í fastri vinnu.

„Það er erfiðasta ákvörðun sem ég hef nokkurn tímann tekið. Síðan hef ég ekki verið í föstu starfi, en skrifað og lifað af því. Á þessum tíma var ég komin með lítið barn og bjó við það grunnöryggi að búa í íbúð sem foreldrar mínir eiga og var ekki hent út þótt leigan skilaði sér ekki á réttum tíma. Reynslan varð sú að ég vann gríðarlega mikið við „freelance"-blaðamennsku, en þegar meiri þungi kom í eigin bókaskrif varð ég æ frábitnari því að vinna „freelance" og eftir því sem ég varð blankari vildi ég enn síður vinna fyrir aðra," segir Steinunn hláturmild, en síðari ár hefur hún alfarið lifað af eigin skáldskap og launasjóði rithöfunda.

„Það er bæði og draumalíf að vera rithöfundur. Stundum prísa ég mig sæla fyrir að geta farið beint að vinnuborðinu á morgnana og þurfa ekki að hafa mig til og fara út í kuldann, því að vinna heima hjá sér er dásamlegt og alger óskastaða. Það hefur líka þann kost að vera sinn eigin herra, en um leið er ekkert smá verkefni að keyra sjálfan sig áfram og í raun verkefni sem lýkur aldrei," segir Steinunn og viðurkennir að stöðugt návígi við sjálfan sig sé alvöru áskorun.

„Ef ég má tala púrt út úr pokanum er það á köflum ómanneskjulega erfitt, enda margir rithöfundar sem hneigjast til þunglyndis og það geri ég sjálf. Látlaust návígi við sjálfan sig er þungbært og annað fólk hjálpar manni að hugsa út fyrir sjálfan sig og verndar mann með návist sinni. Rithöfundarstarfið er því einleikur og yfirgengilega einmanalegt starf," segir Steinunn alvarleg í bragði.

Óhugsandi líf án ljóða

Með Sólskinshestinum segist Steinunn hafa tekið áhættu.

„Ég er ekkert fyrir að leggja gildrur fyrir fólk en uppbygginguna var ákaflega flókin og á köflum hrein geðveiki að setja söguna saman. Ég var með blöð á langborðum á þremur stöðum í húsinu og ekki alltaf viss um að ég hefði það af að klára púsluspilið," segir Steinunn sem tileinkar bókina sambýlismanni sínum.

„Það fékk enginn að sjá handritið nema hann, snemma í vor. Sem tónskáld er hann vanur að hugsa í formum og var fljótur að sjá að þetta var komið hjá mér. Það var mér nauðsynlegt að vita frá fleirum en sjálfri mér, svo ég vissi frekar seint að ég mundi klára bókina á þessu ári. Það eina sem vantaði var lykilviðburður sem tengdist bernskunni og hann fiskaði ég upp úr bókinni, en ég þarf oft að sækja í eigin texta til að halda áfram því þetta er hreinn og ómengaður skáldskapur," segir Steinunn og álítur að það sé styrkur að hafa ímyndunarafl ljóðskáldsins í sagnagerð.

„Ég er að minnsta kosti tvö skáld, ljóðskáld og sagnaskáld, og ofsalega glöð yfir því. Það er öruggt að ljóðskáldið styrkir sagnaskáldið því meiri gjöf er í ljóðinu. Það er algengt að skáld byrji sem ljóðskáld og fari svo yfir í prósann en hætti þá alveg að yrkja. Það hef ég aldrei gert og ætla aldrei að gera; finnst það óhugsandi líf," segir Steinunn sem minnist góðra viðtaka fyrstu ljóðabókar sinnar.

„Þær hlýju viðtökur voru mér ómetanlegar, en hefðu þær verið öðruvísi er alls ekki víst að ég hefði haldið áfram, þótt um það geti ég í raun ekki sagt. Hvatningin var stórbrotin og gaf mér byr undir báða vængi."

Grátið yfir örlögum

Í veröld Steinunnar eru ástin og sorgin systur. Þær systur sýna sig vel í Sólskinshesti, sem oft feykir sandkornum í augu lesendans.

„Það er klárt að við afhjúpum okkur í ástinni, og ástleysinu líka. Ástin er lykillinn að manneskjunni og það flottasta sem kemur fyrir fólk; einn af mestu leyndardómum tilverunnar, eins og hví verður tiltekið fólk ástfangið en annað ekki?" spyr Steinunn eins og svo margir á undan henni.

„Ástin er oft það sterkasta sem kemur fyrir fólk um dagana. Sólskinshestur er saga af margföldum ástarsorgum bæði söguhetjunnar og foreldra hennar, og saga um það hvernig þessi stóra ást fylgir fólki út allt lífið. Það getur hugsað um aðra og talið sig elska, en þessi glataða ást er alltaf sveipuð ljóma," segir Steinunn rómantískri röddu.

„Eitt það stórkostlega við ástina er að hún er algjörlega utan við tilfinningalega eða vitsmunalega sjálfsstjórn. Við getum farið í milljón hringi og séð í gegnum manneskjuna, en það skiptir engu. Ástin er nákvæmlega jafn heit fyrir því. Ég held að hver manneskja elski eina aðra langlanglangmest, en sú þarf þó ekki að vera sú rétta út lífið. Þetta er oft draumsýn sem fólk losnar aldrei við og ástin er sannarlega lífsháski. Þessi bók er að hluta til um það. Ástin er hættuleg og getur ekki verið öðruvísi," segir Steinunn og játar að hafa fellt mörg tár yfir örlögum söguhetjanna.

„Þetta tók mikið á mig og ég var náttúrulega hágrenjandi yfir þessu á köflum. Þegar ég hafði lokið við lokakaflann fór ég með hann inn í annað herbergi og hélt honum frá mér á meðan ég fann konuna sem varð fyrir þessum örlögum. Ég hef aldrei áður viljað söguhetjum mínum svo grimm örlög, en þau voru það fyrsta sem ég vissi og skrifaði í þessari bók."

Litframköllun ástarinnar

Bernskan er Steinunni hugleikin í Sólskinshestinum, og ástir og ástarsorgir unglinganna.

„Já, ég hef upplifað svona ástarsorg," segir hún hljóð. „Á vissan hátt afgreiddi ég hana í Tímaþjófnum sem er saga um mína prívat ástarsorg, en það sem ég skrifa í Sólskinshestinum er síður persónulegt þótt ég þekki vel þessar aðstæður í bókinni. Þegar ég var unglingur í Reykjavík voru svona unglingsástir vel hugsanlegar og þá gekk um göturnar alvarlegt ungt fólk sem tók hinn minnsta koss hátíðlegan og verndaði hvort annað fyrir lífinu. Þetta er óskaplega sérstakur hlutur sem gerist í landinu á milli bernsku- og fullorðinslands og snýst um ótrúlega tærar og sterkar tilfinningar sem umfram allt eru saklausar og einlægar," segir Steinunn sem skrifar um bernsku allra tíma í Sólskinshestinum.

„Að hluta til er bókin sprottin út frá reiði. Ég hef hugsað mikið um það atlæti sem börn búa við og finnst sú tilhugsun að börn alist upp í tómarúmi, en eigi þó foreldra og ríkidæmi, og þurfa bara að eiga sig, eru ein á báti og þurfa að sjá um sig sjálf. Það er vanræksla í sínu hreinasta formi. Það er enginn að skipta sér af börnunum, en heldur enginn að gera þeim neitt. Slíkt ástleysi veldur óbætanlegum skaða," segir Steinunn og vonast til að vekja fólk til umhugsunar.

„Þetta gæti verið víti til varnaðar, en ég vil fá nýja hugsun um börn því hennar er þörf á Íslandi. Það þarf að viðurkenna að börn eru sakleysingjar sem geta sér enga björg veitt þegar brotið er á þeim á heimilunum því það er í eðli þeirra að halda með foreldrum sínum," segir Steinunn sem í þessari bók, eins og sínum fyrri, galdrar fram gullmola í formi fagurra setninga eins og þegar aðalsöguhetjan segir um ástina að hún framkalli litina í sér.

„Vonandi skrifast þessi galdur á hæfileika; ég verð að minnsta kosti að trúa því. Mitt lán er að hafa byrjað svo ung að skrifa og vera þá algjörlega saklaus rithöfundur. Þetta sprettur upp úr þeim djúpum, þótt svona setningar komi oft ekki fyrr en í tíundu atrennu. Ég er glímumanneskja við orð og fer í þau aftur og aftur, og sú handavinna fæðir af sér hugmyndir og blómstur. Orðin eru eftir allt saman líf mitt."

Opið í dag

BT Skeifan kl. 11 til 22

BT Kringlunni, BT Egilsstöðum, BT Selfossi kl. 13 til 17 **BT Smáralind kl. 12 til 18**

MEDION

MD41527

MEDION 27" LCD TV

- 27" LCD Skjár
- High Definition ready
- Upplausn 1280x720
- Mynd í Mynd (PIP)
- Contrast 500:1
- Birta 500cd/m2
- Textavarp
- Magnari 2x 10W RMS
- Tengi: 2 Scart/RGB/2 S-VHS/ 1 Component
- PC-inngangur / Tengi fyrir heyrnatól
- Fjarstýring

HDTV READY

WIDE SCREEN

Stækkaðu stofuna! Örþunnt LCD Sjónvarp

11 DVD myndir fylgja

High Definition Ready
Sjónvarpið er með 1280x720 dpi upplausn á meðan hefðbundin sjónvörp eru með 640x480 dpi. Flatsjónvarpið getur því skilað skýrari mynd en þú átt að venjast.

Ótal tengimöguleikar
Sjónvarpið er útbúið 2 scart tengjum sem auðveldar tengingar við DVD spilara, heimabíó eða afruglara. Einnig er tækið útbúið 2x S-VHS og RGB tengi.

Mynd í mynd
Tækið er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.

Tengdu við tölvuna
Medion flatsjónvarpið er með inngang fyrir tölvur. Upplausnin býður uppá góða mynd jafnvel á 27" tæki.

7.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
89.988 STAÐGREITT

Stafræn tökuvél

SONY GÆÐI

SONY
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22

Snerti-skjár!

CCD myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

2,5" Litaskjár/ Snertiskjar
Björt og skýr mynd og allar stillingar fram-kvæmdar á skjánum.

Tengistöð
Ekkert mál að ná myndum af vélinni yfir á tölvuna sem og hlaða rafhlöðuna. Ekkert snúruvesen!

Carl Zeiss linsa
Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litaðgreiningu myndarinnar

Tengistöð fylgir

4.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
59.988 STAÐGREITT

Klippihugbúnaður og 3 spólur fylgja

FYLGIR

Stafræn myndavél

SONY
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80

4.1 megapixlar

Hleðslurafhlöður
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

RAFHLAÐA

2" litaskjár
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.

Carl Zeiss linsa
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

MPEG Movie VX
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi og minnið leyfir.

2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT

BT Bestu kaupin

MSH-128 Sony Memorystick 128MB HISPEED að verðmæti 3.999 fylgir

FYLGIR

LCSSAB Sony taska DSC-80 að verðmæti 3.999 fylgir

FYLGIR

Heimabíókerfi

Panasonic
Panasonic Heimabió
SCHT330

- Fjölkerfa • Magnari 400W RMS
- Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/S-VCD/JEPG/MP3
- Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari
- Hljóðtengi fyrir TV

3.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
41.988 STAÐGREITT

Spilaðu alla tónlistina beint í Panasonic heimbíókerfinu - venjulega diska eða skrifaða. Spilar MP3 tónlistina sem þ ú hleður af netinu. mp3

Netfang: halldor@fasteignasala.is
Sími: 840 2100

Nýr Jeep Gr. Cherokee SRT8 2006. Vél 6,1L, 415 hö. Sjálfskiptur, "20 álfelgur, Leður og rússkin innrétting, sportsæti, sportfjöðrun, allt rafknúið, DVD fyrir aftursæti, ofl.ofl. Okkar verð 6.263 þúsund.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

MAGNÚSSON EHF

Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi og USA. www.bilasolur.is/magnusson

Nýr Land Rover Sport bensín 4400cc. 300 hestöfl, 19" dekk, ABS, álfelgur, geislaspilari, glertopplúga, GPS staðsetningartæki, hiti í sætum, hraðastillir, leðuráklæði, loftkæling, Xenon aðalljós. Verð 8.790.000. Fleiri litir fáanlegir. Ágúst s. 862 2000 e -mail magnusson@internet.is myndir, www.bilasolur.is/magnusson

M. Benz E 500, ek. 38 þ. km, árg. 2003, 18" álfelgur, ABS, leðuráklæði, loftpúðafjöðrun, Xenon aðalljós ofl. Verð 5.900 þ. Ágúst s. 862 2000,myndir, www.bilasolur.is/magnusson

Porsche Cayenne S árg. 2004, ek. 45 þ. km, ný vetrardekk, 20" Turbo felgur. Áhv. bílalán, 346 hö, leðuráklæðiopplúga - Xenon aðalljós ofl. Verð 6.980 þ. Sími Ágúst 862 2000, e-mail magnusson@internet.is myndir, www.bilasolur.is/magnusson

M. Benz E 200 K Classic (W211), 6/2004, ek. 26 þ. km, 16" álfelgur, ESP stöðugleikakerfi, CD, glertopplúga, hraðastillir, rafdrifin sæti og fl. Verð 3.900 þ. Allir litir fáanlegir. Ágúst s. 862 2000 e-mail magnusson@internet.is, www.bilasolur.is/magnusson

Range Rover TD 6 07/2002, 225 hö. Ek. 89 þ. km, 18" álfelgur, ABS, glertopplúga, hraðastillir, leðuráklæði, NAV+TV, loftpúðafjöðrun, Xenon aðalljós, þjónustubók. Verð 5.900.000 stgr. Ágúst s. 862 2000, myndir á www.bilasolur.is/magnusson

Magnússon ehf.
Sími: 862 2000
a.magnusson

Bílar til sölu

Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com

Til sölu Toyota Avensis St. '05, ek. 13 þús. Sumar og vetrardekk á felgum. Fallegur bíll. Uppl. í s. 893 7518.

100% lán, aðeins yfirtaka, til sölu Opel Vectra Elegance 2,2 árg. '03, ek. aðeins 23 þús. km, topplúga hraðastillir, tölva o.fl. 2 dekkjagangar, fæst gegn yfirtöku á bílasamningi. Uppl. í s. 896 5290.

Nissan Patrol SE+ '99 38", Ford F350 '05 og Toyota Touring '95 4x4. S. 893 4595.

Mercedes Bens árg. '89. Í góðu standi, nýskoðaður. Uppl. í s. 862 9050.

Bens 309D,13 árgerð 1983 ekinn 129þkm og er fyrverandi skólabíll 25 manna rúta.Allur endunýjaður 1998 og er með nýja afturhásingu og loftbrensukerfi og olíumiðstöð. Mjög gott efni í húsbíl.TLBOÐ ÓSKAST. Upplýsingar í Gsm 8689882,Róbert.

0-250 þús.

VW Golf árg. '97, ek. 120 þús. Verð 250 þús, lágt verð fyrir góðan bíl! S. 698 4459.

Hvít Mazda 323 Wagon 4x4, ek. 140.000 km. Skoðuð í september 2005. Fjögur dekk á felgum fylgja með. Uppl. í síma 588 6607 eftir kl. 19

Til sölu Nissan Almera '96, ek. 140 þús. þarfnast smá aðhlynningar fyrir skoðun. Fæst á 170 þús. Uppl. í s. 617 6031.

Sprengitilboð!
VW Polo '96, ekinn 120 þ. Sk. '06. Verð 240 þús, nú 149 þús. Uppl. í s. 663 0710.

Virkilega ódýrt! Vaxtalaust lán í 4 mán. á völdum pökkum! Pyle.is S:893-1994

VW Golf árg. '94, ek. 170 þús. Mikið endurnýjaður, sk. '06. Lítur vel út. Verðhugm. 170 þús. S. 821 9810 & 821 9809.

Daihatsu Charade '96, ek. 103 þ. 5 dyra. Tjónað framhúdd. V 150 þ. S 822 4167.

Til sölu Toyota Carina '93, sk. '06, Uppl. í síma 844 1819.

Til sölu Cherokee Laredo árg. '88. Verð 120 þús. Uppl. í s. 692 4849.

Honda Civic árg. '91 með bilaða heddpakkningu, fullur af bensín, verð 20.000. S. 698 3350.

Honda Civic árg. '91. Vel með farinn og keyrður 92 þ. km. Nýtt púst, nýviðgerðar bremsur, nýjir demparar og skoðaður 2006. Tveir eigendur. Uppl. í síma 696 1057.

Suzuki Swift '92, 1600cc, 4x4, skoðun '06. Góður í vetrarferðina. Verð 45.þús. S.8616773

Renault Clio 97 til sölu. 1400 beinsk. Ek. 127.000. V. 100.000 stgr. uppl. 8465559

250-499 þús.

Toppbíll til sölu!!
Honda Civic árg. '97, ek. 142 þús., álfelgur. Í toppstandi. Verð 430 þús. Uppl. í s. 820 9496.

Til sölu Nissan Almera árg.99. ek.145 þús. 2 eigendur frá upphafi. Upplýsingar 8698908

Dawoo Nubira station árgerð '99, 2000 vél, sjálfskiptur, rafdr.rúður og speglar, central læs., með þjófavörn, ekinn 91.000. Sumard. á álfelgum fylgja með. Verð 550.000 en selst núna á 420.000. S-690-6005

Toy4Runner árg.'91 V6 ssk.31"dekk ek160. centrallæsing.rafm.í rúðum. staðgrv.270þús s.866-1870

Golf st 4x4 árg. '96 ek. 126 þús., góð dekk, krókur, geislasp. Áhv. 270 þ. V. 440 þ. S. 825 6215.

VW Polo 1.4 árg. '99. Verð 450 þús. Uppl. í s. 892 2762.

500-999 þús.

Chrysler Caravan 2.4, árg. 1996. Keyrður 104.000. Mjög gott eintak. Reyklaus. Sumar- og vetrardekk. Verð 550-600.000. Sími 690 0970 eða 552 3721.

Einn sá fallegasti Ford Focus 01/2001 til sölu. ekinn 73000 km, 16" álffelgur með heilsársdekkjum, upplýsingar í síma 8930888

Mazda 626 árg. '99, góður fjölskyldubíll. Lítið ekinn. Verð 890 þús. Uppl. í s. 699 7557.

1-2 milljónir

Isuzu Trooper TDi 35" dráttarkúla, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, reyklaust ökutæki, smurbók, nýtt opið púst. Upplýsingar síma 893 0693.

Dekurlimmi
Volvo S70 '00, ek. 94 þús. Leður, sjálfsk. Verð 1.490 þús. Uppl. í s. 825 7568.

2 milljónir +

Chevrolet Tahoe Z-71. Árg.'02. 8 cyl, 5,3 L vél, leður, rafmagn í sætum, rúðum og fl. Verð 3.990.000 þús. Áhvílandi 2,6. Uppl. í s. 895 5577

Bílar óskast

Óska eftir rúmgóðum vinnubíl helst station eða stærri, ekki verra ef hann er dísel. Allt að 400 þús. stgr. Uppl. í s. 896 5511 Óskar.

Óska eftir að kaupa bíl, helst Subaru '87 og uppúr eða Toyota Touring. Aðeins góðir bílar koma til greina, verður að vera skoðaður. Uppl. í s. 866 9921.

Jeppar

Jeep Grand Cherokee 2005 með nýja laginu frá kr. 2.650.000! Valinn Jeppi ársins 2005 af bílablöðum í USA. Splúnkunýjir eða næstum nýjir lítið eknir Jeep bílar langt undir markaðsverði. Útvegum einnig frá öðrum framleiðendum, t.d. Ford og Hummer. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán fæst á alla bíla frá Islandus.com. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Sími 552 2000 www.islandus.com

Nýja eða nýlega jeppa færðu ódýrara hjá Islandus.com. Útvegum frá öllum helstu framleiðendum langt undir markaðsverði. Öflug þjónusta, allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com

Landcruiser 90VX 12/'00, átta manna með dráttarkúlu. Glæsilegt eintak, reyklaus nánast eins og nýr. Aðeins keyrður 60.200. Verð 2.940.000. Sími 863 8777.

M. Benz ML 320 AMG Sport
árg. '01, ekinn 74 þús. mílur. Óaðfinnanlegur bíll. í toppstandi. Topplúga, 20" álfelgur, DVD, sjónvarp o.fl. Verð 3.490 þús. Áhv. 1.750 þús. Uppl. í s. 693 9030.

Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 09/00 EK. 105 þús Verð kr. 1.850.000. upphækkaður, góð nagladekk, og nýleg aukadekk á álfelgum Jeppi í góðu standi. S. 8976770.

Landcruiser 80 árg. '92, ek. 375 þús. Allur nýtekinn í gegn. Ásett verð 1550 þús. Tilboð eða skipti á ódýrari. Uppl. í s. 868 8701.

Nissan Patrol árg. '92, 37", allur uppgerður. Verð 790 þús. Uppl. í s. 893 7203.

Jeep Wrangler 4,0 High Output árg. '91, ek. 184 þús. Verð 500 þús. S. 894 1451.

Tilboð sem ekki má missa af. Ford 350 double cab, árg. 2003, ek. 32 þús. m. Ásett verð 3.490 áhvílandi 1.800 þús. Tilboð 3.150 þ. stgr. S. 699 5880 & 849 7300.

Ford Explorer ltd 04, með ÖLLU, dvd, 7 manna toppeintak 4190 þ. ekin 40 þ km nánar 6956073,

Gallopper á Útsölu, árg 98, ek 86.500 - sjálfsk, ný dekk, fínar felgur ofl. Fínn í færðina í vetur. uppl í síma 867-7996 - 660-9403. fæst á 700Þ.

Ford Explorer XLT 2004 ekinn 48 þ. km, sjálfskiptur, 7 manna ofl. á frábæru verði. Uppl. í síma 898 3738.

Til sölu Toyota Landcruiser árg. 2000, 38" dekk, beinskiptur. Verð 3.200 þús. Uppl. í s. 699 7720.

Toyota Hi-Lux Diesel árg. '99, ek. 220 þús., smurbók, ný dekk+felgur. Verð 930 þús. Ath. skipti. Sími 896 6366.

Nissan Terrano árg. 2000 ek. 109 þús. sjálfskiptur dísel. Möguleiki að taka bíl upp í. s. 6648203.

Pallbílar

2006 Ford F150 Lariat kominn og fæst hjá Islandus.com undir markaðsverði! Einnig Dodge RAM og Toyota Hilux Diesel pallbílar á tilboðsverði. Hægt að velja um fjölda lita og aukabúnað Við útvegum allar gerðir pallbíla t.d. Ford Explorer SportTrack, Nánari upplýsingar í síma 552 2000 og á www.islandus.com www.islandus.com

Mótorhjól

Honda XR 400 '05, nýtt hjól. Verð 395 þús. Sími 896 6366.

Fjórhjól

Til sölu sexhjól árg. '03 í toppstandi. Uppl. í síma 693 5702 og 894 1705, Óskar.

Þessu fjórhjóli + jeppakerru var stolið af Kleppsvegi. Fundarlaun. Uppl. í s. 863 8007.

Polaris Sportsman 500 6x6 Árgerð 2004. Ekið 330 km. Verð 795.000 staðgreitt. Eingin skipti eða uppítökur. Upplýsingar í síma 825 0021

Hjólbarðar

Vetrardekk á felgum undan Kia Sportager til sölu. Uppl. í s. 555 3729.

Varahlutir

Aðalpartasalan s. 565 9700
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

bilapartar.is
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

Alternatorar & Startarar í Fólksbíla, Vörub. Vinnuv. Bátav. á lager og hraðsendingar. 40 ára reynsla. Bílaraf. Auðbrekku 20. S. 564 0400.

KEYPT & SELT

Til sölu

Glæsilegt kóral fiskabúr
til sölu 600 L fiskabúr með öllu. Fullkomin hreinsibúnaður, góðar straumdælur. 100+kg liverock íðandi í lífi og einstaklega góð flóra, 15 fiskar rækjur, krabbar og stjörnufiskar. Stórkostlegt augnarindi, 3 skápar undir. viltu fara af stað með fiskabúr? Þetta er pakkinn! Fyrirtæki get boðið viðhald með, gott verð. Uppl. í s. 699 8038.

Þvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar. Tökum bilað upp í. Sími 847 5545.

Sófasett 3+2+1, sófaborð, hornborð. Dökkar hansahillur. Vínrauðar gardínur 16 lengjur. Gefins á sama stað gamalt sófasett og fataskápur. GSM 695 8511

Til sölu sláttuvél, hjólbörur, eikarhurðir, dekk 235/75 15, selst ódýrt. S. 222 2221.

Ættfræðiáhugafólk: GRASAÆTTIN er nýstárleg og fróðleg bók. Sími 561 2927.

Svefnsófi 8.000 kr., barnakerra, 5000 kr., bílstóll 9-18 kíló 5000 kr., dót og föt. Uppl. í síma 8601178.

Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykku beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrí fittings fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

Saumlaus og fylltur kr. 1.995,- og buxur í stíl kr. 995,- Misty, Laugavegi 178, 105 Reykjavík sími 551 3366. Mælum og veitum faglega ráðgjöf.

Óskast keypt
Símkerfi (notað) óskast til kaups, fyrir minnst 4 línur. Uppl. í síma 8212705.

Sjónvarp
Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

Tölvur

Kynntu þér sjónvarp yfir ADSL hjá Hringiðunni. Sími 525 2400.

Bækur
Afkomendur Grasa-Þórunnar: GRASAÆTTIN er tilvalin jólagjöf. Sími 561 2927.

Verslun

Kr. 4.900 (fást í svörtu og sand)
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S. 568 2878 & 691 0808 Síðumúla 13, 108 R. www.praxis.is , praxis@praxis.is

Kr.5.990 (fást í svörtu og hvítu.)
Opið 10.00-18.00 þriðjud.- föstud. Praxis S. 568 2878 & 691 0808 Síðumúla 13, 108 R., www. praxis.is. praxis@praxis.is

Hreingerningar
Kona á besta aldri getur tekið að sér þrif í heimahúsum 3-4 tíma á dag eða eftir samkomulagi. Uppl. í s. 892 5085.

Tek að mér alhliða ræstingar í heimahúsum, er vön. S. 849 0050.

Ræstingar
Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur,teppahreinsun,bónvinna, o,fl Húsfélagaþjónustan ehf s: 863-8855 husfelag@husfelag.is ~~www.husfelag.is~~

Ráðgjöf
KAFLASKIPTI

Í fjármálum, alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.
Skattskil og bókhaldsþjónusta Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna.
SÍMI 517 1030 OG 822 9670
Kaflaskipti ehf. - Skipholti 5 - Sími 517 1030 og 822 9670
kaflaskipti@rsg.is

Húsaviðhald

Húsaviðhald.
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa-& parkertlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Flísalagninga fyrirtæki. Tökum að okkur allar flísalagnir. S. 861 7294 & 691 2326.

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í viðgerðum innanhúss, málningarvinnu og trésmíði. S. 861 7294 & 691 2326.

Tölvur
Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Snyrting

Spádómar
Englaljós til þín.
Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 16:00 til kl. 24:00.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Trésmíði
Tökum að okkur uppslátt fyrir einstaklinga og fyrirtæki. MG Hús s. 699 8128.

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjólveggjum og allri almennri gipsvinnu. Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir næsta sumar. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.

Heilsuvörur
15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Líkamsrækt
Fit - Pilates leikfimi Skráning á byrjendanámskeið núna 896 2300 og á einka.is

Fæðubótarefni
Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is

Snyrting

Húsgögn

Til sölu 2 franskir sófar og 2 hliðarborð. Vel með farið. Uppl. í s. 896 1306.

Til sölu mjög fallegt Ambassador leðursófasett. Keypt í Öndvegi, lítið notað og lítur mjög vel út. Uppl. í s. 552 6196 & 863 6196.haha

Antík
Til sölu ýmsir antíkmunir meðal annars Guðmund frá Miðdal. Uppl. í s. 893 2179.

TIL SÖLU
Grálúðunetabátur / Línubátur.
Til sölu er m/b Marta Ágústsdóttir Gk 31. Skipið er mjög vel búið til netveiða, 2 búr afturá taka 20 trossur eða 2000 grálúðunet. Á millidekki er búnaður til að draga net og ekkert annað. Bakborðsmegin er autt frá keis að hvalbak 18 metrar. Skipið hentar mjög vel til línuveiða, pláss fyrir beitingavélabúnað er með því mesta sem gerist í flotanum (að mati sjóvéla). Með skipinu fylgja 16 netatrossur 8 trossur 6", og 8 trossur 8". Það er búið trimtönkum og veltitank og er einstaklega gott sjóskip. Vélbúnaður er í mjög góðu lagi. Ný ljósavél, 2 benz hliðarskrúfuvélar, aðalvél, öll hedd yfirfarin í sumar, upptekin, Gaterpillar ljósavél, nýtt rafmagn og töflur. Vel búin tækjum. Skipið er til afhendingar strax.
Upplýsingar í síma 894 2013

Heimilistæki
BetraHeimili

Betra verð á nuddbaðkörum, sturtuklefum, nuddpottum, baðinnréttingum og eldhúsinnréttingum hjá Betra Heimili. Upplýsingar í síma 517 4600.

Til sölu lítið notuð og í góðu lagi, 3 ára (1 og hálft ár) Siemens uppþvottavél. S. 820 0961.

Óska eftir vel með förnu 26-30" sjónvarpi og video. Uppl. í s. 431 1322 & 898 9479.

Blóm og plöntur

DALMATINER HVOLPA vantar gott heimili. Hreinræktaðir og ættbókarfærðir. Myndir: http://www.hibyliogskip.is Upplýsingar 8933985

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR
! 90,9 FM 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 VÍSIR

Bingó í kvöld. Allir velkomnir.
Vinabær.

6 handklæði saman í pakka.
Verð aðeins 1690.-
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Þrír blómaskreytar sýna það nýjasta í aðventuskreytingum um helgina.
Garðheimar.

2 stk. gæsadúnssængur verð aðeins 9900.-
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Verðsprengja á gervijólatrám.
Blómaval.

Batmann, Madagascar og Barbie sænguverasett verð aðeins 2990.-
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Húfur og vettlingar í miklu úrvali fyrir alla krakka
á frábæru verði.
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Jólin eru að koma með KK og Ellen er komin í verslanir.
12_Tónar

Sirius ljósaseríur, afsláttarhelgi.
Garðheimar.

Fullar búðir af flottum jólakertum.
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Lendir þú á lukkustund?
Garðheimar.

Þú færð jólagardínurnar hjá okkur aðeins ódýrari.
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Alpafjóla á 399 krónur.
Blómaval.

Ódýr og góð boxdýna stærð 90x200
Verð áður 29.900.- Nú aðeins 19.900.-
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Missið ekki af Romanov sýnigunni, leiðsögn klukkan 2 og 3.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn.

Jólin þín byrja í
Ikea.

Vatn er takmörkuð auðlind sem þarf að vernda:
Vatn fyrir alla.

Fullar búðir af inni og útiseríum verð frá 149.-
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Vönduð og góð boxdýna stærð 140x200
Verð áður 109.900.- Nú aðeins 69.900-
Rúmfatalagerinn – aðeins ódýrari.

Þrjár jólastjörnur á 999 krónur.
Blómaval.

Opið til sex um helgar.
Ikea.

Bingó í kvöld
Vinabær.

Bingó í kvöld kl. 19:45
Vinabær, Skipholti 33

Ert þú að auglýsa á réttum vef?
Smart.is

Ert þú smart á netinu?
Smart.is

Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

KONUR HLUSTA
83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.
Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

Dýrahald

30% Kynningarafsláttur
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.

Pointer. Foreldrar alþj.meistarar með hæstu skor í veiðiprófum. Blíðir heimilishundar, frábærir veiðihundar. S. 897 5005.

Vegna sérstækra aðstæðna vantar DALMATINER par gott heimili. Ræktunarhundar Upplýsingar 8933985

Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Vegna óviðráðanlegra ástæðna eru til sölu 9 vikna Labrador hvolpur og 2ja ára Rottweiler tík. Uppl. í síma 691 7306.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Spánn-leiga
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

Gisting

Gisting á spáni.
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

Hestamennska

Aðalfundur Hestamannafélagsins Andvara verður haldinn mánudaginn 28.11 í Félagsheimili Andvara kl. 20.00. Stjórnin.

Ljósmyndun

Eru myndirnar þínar öruggar? Hrynur talvan á morgun? Eru þær á geisladiski sem endist í 6 ár? Er tekið afrit af myndunum þínum reglulega þar sem þú hýsir þær. Ef ekki, þá áttu á hættu að glata þeim fyrir fullt og allt. Bið upp á 5 gígabæta fría vistun. Ótrúlegir möguleikar í myndnotkun. Nánari upplýsingar; heimsmynd@simnet.is eða 699 1114.

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Ýmislegt

Jólakort með mynd af börnunum! Nú þarf að fara að huga að jólakortunum. Get boðið upp á jólakort með þinni eigin mynd, allt niður í 40 kr. stykkið. Tvær gerðir. Mismunandi verð eftir stykkjafjölda. Heimsmynd ehf, heimsmynd@simnet.is, sími 699 1114.

Húsnæði í boði

Bílskúr til leigu fyrir hreinlega starfsemi, Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 847 2819 & 561 3428.

4 herb. íbúð í lyftuhúsi á svæði 101 með húsgögnum til langtímaleigu. Ábyrgir aðilar eingöngu. s. 8249092 Óskar.

Snyrtileg og rúmgóð 4ja herb íbúð til leigu í 112 Rvk. Uppl. S. 663 9270.

Ný og ónotuð 108 fm, 3ja herb. íbúð til leigu í Kópavogi. Uppl. í s. 467 1021 & 867 2035 eða fljot76@mi.is

3ja-4ra herb. íbúð í vesturbæ Kópavogs til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 863 9908 eftir kl. 12.

Húsnæði óskast

Ung hjón með 2 börn óska eftir leiguhúsnæði (4 herb. eða stærra) í amk. 1 ár. Öruggar greiðslur. Íris s. 661 1864.

Óska eftir stúdíóíbúð, herb. með aðg. að snyrt, ósamþ.íbúð eða íb.hæfum bílskúr til kaups (eða leigu) á höf.b.sv, helst Kópavogi. S. 862 4086, Hólmfríður.

Reyklaus og reglusamur karlmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð. skilvísar greiðslur. S. 868 5125.

Enstaklingsíbúð eða herbergi óskast til leigu með stofu og eldunaraðstöðu frá 1.des. Uppl. í s. 567 6664 & 699 1566, Gunnar.

Óska eftir snyrtilegri 2ja-3ja herbergja íbúð á svæði 110, 111, 112 eða 113. Reyklaus. Uppl. í síma 698 7758.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 206 fm við Réttarholtsveg 3 í Rvk. http://www.rettarholtsvegur.com eða í s. 898 3677.

50 fm, 35 þús og 100 fm, 65 þús, húsn. í Skeifunni til leigu.
Tilvalið geymsluhúsnæði. Innkeyrsludyr á 100 fm. (ekkert útipláss). Uppl. í . s 892 0808.

Óskast til leigu / kaups á höfuðb.svæði húsnæði á jarðhæð. 30-50 fm. Lítið prentverk. Öruggar greiðslur. Uppl. í s. 693 1081.

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Nokkur pláss laus í upphituðu geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla á Höfuðborgarsv. Uppl. í síma 661 3131 & 897 2000.

ATVINNA

Atvinna í boði

Veitingahúsa vinna
Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakari fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

Frábær tími framundan!
Erum að leita að nokkrum duglegum sölufulltrúum á höfuðborgasvæðinu til að kynna falleg og vönduð dönsk föt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar!
Allar nánari upplýsingar gefur Anna í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, eða á anna@clamal.is

Ýmis störf í boði
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.

Vantar þig góða vinnu?
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.

Sagtækni auglýsir.
Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
Upplýsingar í s. 893 3236.

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sæki um á www.dominos.is

Rennismiður óskast- framtíðarstarf
Vélvík ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstæði þar sem verkefni eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirka menn með metnað. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Vélvík ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

REGNBOGINN - leikskóli -

Leikskólakennari eða leiðbeinandi
Glaður og gefandi með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa frá og með næstu áramótum. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áhersla er á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggiostefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk. Skilastaða. Jafnframt óskast traustur einstaklingur í skilastöðu seinnipart dags c. 25-30 % staða.
Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma 557 7071 og 899 2056. Netfang: regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri

Leikskólinn Laufásborg, Laufásvegi 53-55.
Starfsmann vantar í afleysingar í 100% stöðu, í 2-3 mánuði, Starfið er laust nú þegar.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 7219.

Leikskólinn Sólborg.
Óskar eftir áhugasömu samstarfsfólki til starfa. Bjóðum góða leiðsögn í skemmtilegu vinnu umhverfi. Erum með tvær lausar stöður, önnur laus núna strax og hin um áramótin.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 5380.

Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!
Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum.
Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.
Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is

Pítan Skipholti
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu í sal. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is

energia/smáralind
Óskum eftir starfsfólki í sal og eldhús.
Upplýsingar í s. 864 6600 & 896 4000 eða senda á energia@energia.is.

Sjómenn
Tvo vana háseta vantar á Eldhamar til netaveiða frá Grindavík strax.
Uppl. í s. 894 2013.

Rafvirkjar
Rafvirkjar eða rafvirkjanemar óskast til starfa sem allra fyrst.
Upplýsingar í síma 660 0300

Pizza Hut

Vaktstjóri á Pizza Hut
Pizza Hut leitar að vaktstjóra á Sprengisandi. Starfið felst í þjónustu, stjórnun vakta og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

Pizza Hut

Viltu koma í Pizza Hut liðið?
Pizza Hut getur bætt við sig starfsfólki í hlutastörf í sal og eldhús. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á www.pizzahut.is eða loa@pizzahut.is

Furðufiskar ehf
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík

Reyndan húsasmið vantar í starf verkstjóra. Upplýsingar gefur Jens í síma 696 9955.

Leikskólinn Hof, Gullteig 19
óskar eftir að ráða jákvæðan og duglegan starfsmann í hlutastarf eftir hádegi frá og með 1. des.
Upplýsingar gefur Sigrún Leikskólastjóri í s. 553 3590 & 553 9995

Yfirvélstjóri
Yfirvélstjóri óskast á 105 tonna bát sem gerður er út frá Þorlákshöfn og Sandgerði á tog/humarveiðar. Vélastærð 416 kw. Uppl. gefur Sigurður í s. 899 6361 & 852 2236 & Hjörleifur í s. 893 2017.

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum, verkamönnum og viðgerðamanni fyrir austan fjall. Uppl. í s. 862 0727.

Just-Eat.is vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Uppl. í síma 820 6992.

Sendlastarf!
Óska eftir starfsmanni við útkeyrslu og lagerstörf. Upplýsingar í s. 530 2700 á skrifstofutíma. Ístak.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7.30-13 og 13-18.30. Áhugasamir hafi samban við Sigríði í síma 699 5423.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf til þess að sinna áfyllingum í verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega og vera með bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar merktar "Áfylling" eða á netfangið keli@egils.is

Ertu til í að reyna eitthvað nýtt. Getur þú hugsað út fyrir "boxið". Viltu auka tekjurnar þínar? Áttu 2 tíma til að kynna þér málið. Hringdu þá í 699 1114.

Rizzo Pizzeria óskar eftir starfsfólki , fullt af vinnu skemmtilegur starfsandi. Nánari uppl. Hraunbæ 121

Háseta og stýrimann vantar á 150 tonna netabát frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 695 5796 & 892 0367.

Húsameistarinn Ehf óskar eftir mönnum vönum byggingarvinnu. Uppl. í s. 865 2954.

Heimilishjálp óskast
Óska eftir heimilishjálp (þrif og þvottur) 1-2 x í viku í Árbæjarhverfi. Uppl. í s. 863 5351.

Við leitum eftir hressilegu sölufólki á aldrinum 30-55 ára í söluverkefni fyrir jólin. Um er að ræða sölu á vandaðri hágæðavöru! Góð sölulaun í boði. Sendu okkur nafn þitt og síma í tölvupósti á srs@internet.is

Járnabindingar
Vantar menn í járnabindingar, næg vinna framundan. Uppl. í s. 899 7347.

Aukavinna.com
Lítil fyrirhöfn og býður uppá mikil laun? Kíktu á aukavinna.com.

Atvinna óskast

Húsasmíðmeistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 5347.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Viltu vera memm?
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

Kona 68 ára óskar eftir að kynnast góðum manni á líkum aldri, vinátta og félagsskapur. Svar sendist Fréttablaðinu merkt 2005.

allt
hús
Alla mánudaga

Víkingar í fullum skrúða.

Víkingar sóttu jólabjórinn frá Viking norður

Jólabjórinn er orðinn partur af stemningunni fyrir jólin og hefð hefur skapast fyrir því að fyrsti jólabjórinn frá Vikingbruggi á Akureyri sé sóttur norður yfir heiðar með miklum tilþrifum. Í þetta sinn fóru nokkrir vaskir víkingar norður í fylgd veitingamanna og fjölmiðlafólks og sóttu bjórinn úr höndum Unnsteins Jónssonar verksmiðjustjóra og Baldurs Kárasonar bruggmeistara. Jólabjórinn var fyrst framleiddur árið 1990 og er þetta fjórtánda árið sem Viking framleiðir þennan afar vinsæla bjór. Í Vikingverksmiðjunni á Akureyri hefur verið bruggað síðan 1966. Í dag starfa 24 starfsmenn við framleiðslu og stjórnun. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er allt að 14 milljónir lítra á ári og þess má geta að framleiðsla hennar hefur aukist um 95% síðastliðin 5 ár.

Jólabjórinn frá Viking var mest seldi jólabjór í vínbúðum í fyrra enda var hann valinn besti bjórinn í árlegri bragðprófun á veitingahúsinu Þremur Frökkum. Bruggun jólabjórsins er sérstök, en talsvert lengri tíma tekur að brugga hann en hefðbundinn lagerbjór. Hann er því aðeins framleiddur í takmörkuðu magni. Í jólabjórinn er nota svokallað karamelmalt, sem gefur honum dekkri lit og keim af brenndri karamellu. Þá er einnig afar sérstakt við framleiðslu jólabjórsins að hann er látinn eftirgerjast við lágt hitastig þegar aðalgerjuninni er lokið. Þessi vinnsluaðferð gefur jólabjórnum þétt og mjúkt bragð, mikla fyllingu og góða froðu. Það gerir einnig það að verkum að jólabjórinn hentar einkar vel með mat. ■

Víkingarnir fögnuðu jólabjórnum.

TVÖ Í STUÐI Gulli Helga og Kaffi-Gurrí gæddu sér á girnilegu hangikjöti.

FYLGDUST SPENNT MEÐ Ingibjörg Örlygsdóttir og Garðar Kjartansson, oft kennd við Nasa, létu sig ekki vanta.

KÁTIR Gísli Kristjánsson fréttamaður og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri voru mættir til að prófa nýjan árgang, en Kristján er aldrei langt undan þegar jólabjórinn er settur á markað.

ÞÆGINDI OFAR ÖLLU

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, sóllúga, álfelgur og spoiler.

Almera
Verðtilboð 1.790.000.-

Fíton / SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Sólin á Kanarí
- á alvöru verði!

Bókaðu á nýju heimasíðunni okkar, www.apollo.is

Verðdæmi (netverð):

18. jan. San Agustin
1 vika í tvíbýli í stúdíóíbúð
Netverð á mann 37.990,- með öllum sköttum

15. mars San Agustin
2 vikur í tvíbýli í stúdíóíbúð
Netverð á mann 48.990,- með öllum sköttum

18. jan. Playa del Inglés
Fjögurra manna fjsk., þar af 2 börn 2ja-17 ára, í 1 viku í 2ja herb. íbúð
Netverð á mann 39.145,- með öllum sköttum

Barnaverð
Fast barnaverð (netbókun) fyrir 2ja-17 ára sem búa með 2 fullorðnum aðeins
Vikuferðir 36.000,- með öllum sköttum
2ja vikna ferðir 38.000,- með öllum sköttum
Takmarkaður sætafjöldi!

Apollo, einn stærsti ferðaskipuleggjandi á Norðurlöndum, hefur numið land á Íslandi. Um leið bjóðast Íslendingum enn fleiri áfangastaðir á kjörum sem norræn frændsystkini hafa ein setið að til þessa.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo
www.apollo.is • 5 100 300

NARNÍA Ljónið, nornin og skápurinn er fyrsta bókin í flokknum um Narníu, en alls skrifaði C.S. Lewis sex bækur um þessa töfraveröld.

Ljón í vegi Harrys Potter

Fjórða myndin af sjö um ævintýri Harrys Potter verður frumsýnd fyrir þessi jól og er fastlega búist við að hún slái öll met. Undanfarin ár hafa Hringadróttinssaga og myndirnar um galdrastrákinn borið höfuð og herðar yfir aðrar myndir sem frumsýndar voru um jólin svo ekki verður um villst að bíógestir eru sólgnir í epísk ævintýri.

Eins og fjallað er um á vefsíðu BBC nýlega hafa risarnir í kvikmyndaframleiðslu gengið á lagið. Þegar Hringadróttinssaga var að baki réðst Disney í það gríðarmikla verkefni að koma ævintýrunum frá Narníu á hvíta tjaldið til að fylla í tómið. Ljónið, nornin og skápurinn verður líka frumsýnd um svipaðar mundir og Harry Potter og eldbikarinn og leggur stein í götu galdrastráksins.

Hvergi var til sparað í að gera undraheimi C.S. Lewis skil og er margt sem minnir á Hringadróttinssögu; bæði verkin byggja á klassískum bókmenntum 20. aldar og voru kvikmyndaðar á Nýja-Sjálandi. Narníu-bækurnar eru hins vegar sex talsins og gefa því kvikmyndaframleiðendum færi á að maka krókinn lengur en Hringadróttinssaga, auk þess sem ekki eru nema þrjár myndir eftir í röðinni um Harry Potter.

Rétt eins og bækurnar um galdrastrákinn snúast Narníu-bækurnar um börn í töfraheimi þar sem þau eru umkringd töfrum, nornum og framandlegum verum. Aðalpersónurnar eru hins vegar ekki alltaf þær sömu og þurfa kvikmyndagerðarmennirnir því ekki að reiða sig á sömu börnin í hverri mynd, eins og í Harry Potter þar sem leikararnir eldast nokkuð hraðar en persónurnar sem þeir leika. Narnía sjálf er stjarnan í bókum C.S. Lewis og rétt eins og í Miðgarði Tolkiens fylgir henni mikil saga, landafræði og goðafræði.

Hollywood tekur hins vegar ekki of mikla áhættu frekar en fyrri daginn og Narnía er að mörgu leyti óráðin gáta. Ekki hefur verið tilkynnt um hvort til standi að gera fleiri myndir um Narníu og framhaldið veltur auðvitað á hinum endanlega prófsteini, það er að segja aðsókninni.



Íslenskir tónlistardagar

Öll íslensk tónlist án virðisauka í nóvember

TAX FREE TÓNLIST

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Smáralind í dag kl. 14:00

BERGSVEINN - September
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Spönginni í dag kl. 14:00
Kringlunni í dag kl. 16:00

ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 14:00 ÁRITA OG SPILA Í SMÁRALIND KL. 16:00

NYLON - Góðir hlutir

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 15:00

GARÐAR THOR CORTES - Cortes

ÁRITA Í SMÁRALIND KL. 15:00

BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

BRYNHILDUR G. -

ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 15:00 ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 16:00

HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

KK & ELLEN - Jólin eru að koma

BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the rain

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum áhrifum

JÓN SIGURÐSSON - Til þín

INGIBJÖRG ÞÓRBERGS - Í sólgulu húsi

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fimm rán á fjórum mánuðum

Fjórir til sjö vopnaðir menn réðust inn í öryggisgeymslu Securitas í bænum Jönköping í Svíþjóð. Ræningjarnir hringdu inn sprengjuhótun til háskólans í bænum. Á meðan lögreglan var að leita að sprengjunni óku ræningjarnir pallbíl í gegnum hurð á öryggisgeymslu Securitas og flúðu af vettvangi með nokkra peningasekki.

Fyrir tveimur vikum réðust vopnaðir og grímuklæddir ræningjar á peningaflutningabíl í Stora-Höga í Bohus-léni. Öryggisvörðum bílsins var hótað og þeim gert að yfirgefa bílinn. Ræningjarnir sprengdu stórt gat á öryggisbílinn og tóku verðmæti úr honum. Öryggisverðirnir slösuðust þegar sprengjubrotum rigndi yfir þá. Ræningjarnir komust á brott með talsverða upphæð.

Í lok október var peningaflutningabíll rændur á Berga-svæðinu í kringum Helsingborg. Ræningjarnir notuðu lyftara til að opna bílinn, hótuðu öryggisvörðum og komust burt með talsverða upphæð.

Í lok ágúst var peningaflutningabíll stöðvaður við E4 hraðbrautina við Hallunda, suður af Stokkhólmi. Að minnsta kosti þrír grímuklæddir menn með sjálfvirk vopn sprengdu upp hurðina á bílnum og hurfu á braut með peningakassa. Ræningjarnir dreifðu beittum hlutum á veginn á flóttanum til að koma í veg fyrir að lögreglan gæti veitt þeim eftirför.

Nokkrum dögum áður rændu nokkrir þungvopnaðir menn peningaflutningabíl í Akalla í norð-vesturhluta Svíþjóðar. Ræningjarnir komust á brott með 450 milljónir íslenskra króna.

ÖLLUM RÁÐUM BEITT Ræningjarnir óku bíl í gegnum hurð og komust þannig inn í öryggisgeymslu Securitas í Jönköping.

VEL SKIPULÖGÐ RÁN Ránin í Svíþjóð þykja einstaklega vel skipulögð og stendur lögreglan ráðþrota gagnvart þeim.

Paradís ræningjanna

Vopnuð rán verða æ algengari í Svíþjóð og nú er svo komið að flest peningaflutningarán í Evrópu eru framin þar. Fjárhæðin sem ræningjarnir hafa komist yfir nemur um 51 milljón íslenskra króna á hvern íbúa í Svíþjóð. Lögreglan stendur ráðþrota enda eru ránin ótrúlega vel skipulögð. Kristján Hjálmarsson fer yfir mál málanna í Svíþjóð um þessar mundir.

Rúmlega 250 vopnuð peningaflutningarán hafa verið framin í Svíþjóð á síðustu sex árum og þeim fer fjölgandi á ári hverju. Í ár eru ránin orðin 35 talsins, næstum eitt í hverri viku og upphæðin sem ræningjarnir skipta á milli sín er í kringum 34 milljarðar íslenskra króna.

Starfsfólk öryggisfyrirtækja á borð við Securitas hefur farið verst út úr ránunum, en um tvö þúsund manns vinna við peningaflutninga á vegum slíkra fyrirtækja í Svíþjóð. Verst er þetta þó fyrir þá 300-400 peningaflutningamenn sem vinna í Stokkhólmi, en um helmingur þeirra hefur orðið fyrir barðinu á þungvopnuðum ræningjum.

Lögreglan ráðþrota

Lögreglan sem og öryggisfyrirtækin standa ráðþrota gagnvart þessum þaulskipulögðu ránum sem mörg hver minna á atriði úr bandarískum hasarmyndum. Grímuklæddir, þungvopnaðir menn sprengja upp öryggisbíla, keyra á bílum í gegnum veggi, hóta peningaflutningamönnum og flýja af vettvangi. Sjálf ránin taka oftast ekki nema örfáar mínútur.

Ránin eru orðin svo algeng að nú eru sænskir fjölmiðlar farnir að kalla landið Paradís ræningjanna. Í Stokkhólmi hefur lögreglunni aðeins tekist að stöðva þrjú rán – 28 hafa hins vegar heppnast.

Óttaslegnir öryggisverðir

Í langflestum tilvika hafa ræningjarnir beitt einhvers konar skotvopnum sem er auðvelt að komast yfir. Í fimmta hverju ráni eru notaðar stolnar haglabyssur, í 7% tilvika eru notuð sjálfvirk vopn sem koma frá Eystrasaltslöndunum eða nálægum þjóðum í austri. Í langflestum tilfellum koma axir eða hnífar einnig við sögu.

Starfsfólk öryggisfyrirtækjanna er að vonum orðið hrætt. Að minnsta kosti tveir hafa slasast og margir hafa þurft að leita áfallahjálpar eftir að hafa verið hótað með byssum eða öðrum vopnum. Í síðustu viku var rán framið í peningageymslu Securitas í Jönköping. Ræningjarnir keyrðu pallbíl í gegnum hurð öryggisgeymslunnar og fjórir til sjö vopnaðir menn ruddust inn. Fjórir öryggisverðir Securitas urðu svo hræddir um líf sitt að þeir földu sig inni í læstri geymslu á meðan þjófarnir athöfnuðu sig.

Ófullnægjandi öryggiskerfi

Bent hefur verið á að öryggismálum hjá bönkum og fyrirtækjum hljóti að vera ábótavant og til sé mun betri tækni en sú sem notast er við í dag. Til dæmis er hægt að merkja peningasekkina með gps-staðsetningarbúnaði sem ætti að auðvelda lögreglunni að fylgja slóðinni. En slíkur búnaður þykir dýr og sænsk öryggisfyrirtæki hafa ekki enn látið verða af því að fjárfesta í slíkum búnaði.

Lélegt réttarkerfi?

Sænsku kvöldblöðin hafa velt sér einna mest upp úr ránunum. Þau vilja kenna lélegu réttarkerfi um hversu mörgu rán eru framin, og einnig lúxusfangelsum og lélegu öryggiskerfi.

Aftonbladet bendir á að Hofréttur, sem er miðdómstig í hinu almenna dómskerfi, mildi of marga dóma og að dómar séu of mildir einkum í málum sem snúa að manneskjum. Máli sínu til stuðnings bendir blaðið á tvö nýleg mál þar sem dómar hafa verið mildaðir. Í fyrra málinu voru þrír menn grunaðir um að hafa orðið manni að bana með barsmíðum. Allt benti til þess að þeir hefðu orðið manninum að bana en tveir mannanna voru sýknaðir en sá þriðji var dæmdur í eins árs fangelsi.

Hitt málið var gegn fjórum körlum sem voru grunaðir um að hafa misnotað þrettán ára stúlku. Þingréttur dæmdi mennina í fangelsi fyrir grófa kynferðislega misnotkun. Hof-réttur sýknaði hins vegar tvo þeirra og mildaði dóm hinna tveggja. Þar að auki fékk einn hinna sýknuðu kvartmilljón sænskra króna í skaðabætur frá ríkinu fyrir frelsissviptingu. Síðarnefnda málið vakti mikla reiði í Svíþjóð og gagnrýndu helstu sérfræðingar í lögum niðurstöðu Hofréttarins.

Í Aftonbladet hafa fangelsi landsins einnig verið gagnrýnd. Árið 2004 náðu 269 manns að flýja úr fangelsi og af þeim hafa 33 ekki enn náðst.

Glæpagengin

Ekki er vitað hverjir standa að baki ránunum en líklegt þykir þó að um nokkur glæpagengi sé að ræða. Glæpagengið „Fucked for life“, eða Glataðir að eilífu, er grunað um að hafa framið nokkur af þessum ránum enda hefur gengið verið iðið við kolann síðustu ár.

Foringi FFL, Daniel Maiorana, sem situr inni fyrir margvísleg brot, sagði í viðtali fyrir skömmu að hann vissi fyrir víst að FFL hefði ekki komið nálægt ráninu í Hallunda í lok ágúst. Hann segir að líklega sé um fyrrverandi atvinnuhermenn frá öðrum löndum að ræða enda hafi ránið verið skipulagt í þaula.

Lögreglan stendur ráðþrota

Ríkislögreglustjórinn sænski hefur komið á fót sérstakri sveit innan lögreglunnar sem á að berjast gegn ránum á peningaflutningabílum. Lítið hefur þó komið út úr starfi sveitarinnar og var hún meðal annars ekki kölluð til þegar ránið í Jönköping var framið. Þá var tilkynnt um sprengjuhótun við háskólabóksafnið í Jönköping og meðan lögreglan leitaði sprengjunnar var öryggisgeymsla Securitas rænd. Það er kannski til marks um það hversu ráðþrota lögreglan er að það tók hana tæpa klukkustund að komast í öryggisgeymsluna, sem er í um átta hundruð metra fjarlægð frá háskólabókasafninu.

Peningaflutningarán í Evrópu 1998-2004

Heildarfjárhæð sem hefur verið rænt í hverju landi fyrir sig og fjárhæð á hvern íbúa landsins í milljónum íslenskra króna.

Land	Heildar-fjárhæð	Fjárhæð pr. íbúa
Bretland	9.203	152
Frakkland	4.750	76
Ítalía	3.929	68
Svíþjóð	3.481	388

Ótrúlegt verð
á sófasettum á vaxtalausu tilboði

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Sérsmíðaðir hornsófar á jóla-tilboði
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **9.990*** kr
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 99.900,-**
Verð áður 149.900,-

Púðahornsófi 2+h+2 Paris

Hornsófi 2+h+2 bycast

** Sérsmíðaðir hornsófar 2+h+2

Öll sófasett fást á VAXTALAUSUM GREIÐSLUM

verð 149.980.-
Leðurhornsófi 3+1+1 3166

verð 179.980.-
Leðursófasett 3+1+1 Nice

verð 174.980.-
Leðursófasett 3+1+1 Relax

verð 149.980.-
Leðurhornsófi 2+h+2 3130

verð 149.980.-
Leðursófasett 3+1+1 M6217

verð 149.980.-
Leðursófasett 3+1+1 Dany

verð 149.980.-
Leðursófasett 3+1+1 3057

verð 149.980.-
Leðursófasett 3+1+1 G1982

verð 99.980.-
Leðursófasett 3+1+1 3002

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 23. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Glamúr, samsæri og njósnavélar

Það var engin lognmolla yfir fréttum vikunnar. Sylvía Nótt og Dagur Kári heita bæði tveimur nöfnum og unnu öll merkilegustu verðlaunin á Eddunni á sunnudagskvöldið. Jón Ólafsson gaf út Jónsbók og gaf tilefni til ótal samsæriskenninga þegar viðtal hans í Kastljósi birtist ekki vegna tæknilegra örðugleika. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra stundi þungan yfir Bandaríkjamönnum sem eru með vesen í kringum varnarsamninginn, og vegleg hönnunarsýning var haldin í Laugardalshöll á vegum tímaritsins Hús og hýbýli. Nýr íslenskur ballett var frumsýndur í Íslensku óperunni og Vetur konungur sýndi á sér klærnar.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hélt blaðamannafund á miðvikudag um bagalegt ástand varnarviðræðna Íslands og Bandaríkjanna. Hann sagði síðasta útspil Bandaríkjamanna hafa komið sér á óvart og vera algerlega óviðunandi, en það er að Íslendingar greiði hluta kostnaðarins við veru hins eiginlega herliðs. Hann minntist hins vegar ekkert á veru CIA-flugvélarinnar hér á landi.

Vetur konungur var mættur til leiks við Þingvallavatn í vikunni sem leið. Fjallahringurinn orðinn snævi þakinn og klakahröngl farið að myndast við strendur vatnsins. Líklegt að murtan sé lögst í vetrardvala.

Sylvía Nótt, réttu nafni Ágústa Eva Erlendsdóttir, massaði Edduverðlaunin síðastliðið sunnudagskvöld. Hún fékk bæði verðlaun fyrir að vera vinsælasta sjónvarpsstjarnan og með besta skemmtiþáttinn og sýndi fram á að Íslendingar vilja fyrst og fremst frumlegheit, frumlegheit, frumlegheit.



Hér má sjá frá æfingu á ballettinum Von í Íslensku óperunni. Verkið er samið af Láru Stefánsdóttur og er dansað meðal annars af ungum dönsurum sem eru að þreifa fyrir sér á erlendri grund. Verkið var frumsýnt í gær.

Samsæriskenningar spruttu upp í byrjun vikunnar þegar Kastljóssviðtal við Jón Ólafsson birtist ekki á tilteknum degi og tíma. Þjóðin róaðist þó á þriðjudagskvöld þegar viðtalið var sýnt og Jón hafði meira að segja um æsku sína heldur en Davíð Oddsson. Lífsferill Jóns kom líka út á þriðjudaginn í Jónsbók sem var rituð af Einari Kárasyni. Hér er Jón á blaðamannafundi í Iðuhúsinu við Lækjargötu þar sem hann sakaði skattrannsóknarstjóra um fyllerí (sem hann síðar baðst afsökunar á). Hér ávarpar ef til vill rödd samviskunnar Jón á meðan Einar Kárason sofnar við hlið hans.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra kíkir hér á nýjustu strauma og stefnur í húsbúnaði við opnun hönnunarsýningar í Laugardalshöllinni á fimmtudagskvöldið. Tímaritið Hús og hýbýli hélt sýninguna í samstarfi við Hönnunarvettvang og hélt líka upp á útkomu tölublaðs númer 200.

Af hverju eru loftbólur í kampavíni?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005

19.-20. nóv.
í Smáralind

Opið frá kl. 13.00 til 18.00

Miðaverð 1.000 kr.

Forsala aðgöngumiða í Smárabíói, 13.-18. nóv., kl. 15.20 til 22.40.

20 ára aldurstakmark

Vínsýningin 2005 verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind, 19.-20. nóvember.

Markmiðið með sýningunni er að veita gestum betri innsýn í heim vínsins og verður hún stórglæsileg í hvívetna. Meðal þátttakenda eru allir helstu vínbirgjar landsins sem kynna meðal annars vín sem henta með hátíðarmatnum. Að auki verður gestum boðið að bragða dýrindis mat með vínunum.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

STUÐ MILLI STRÍÐA Botninum náð

KRISTJÁN HJÁLMARSSON HEFUR FENGIÐ NÓG AF ÚTLITSDÝRKUN.

Útlitsdýrkun hefur fylgt manninum frá örófi alda en hún hefur sennilega aldrei verið meiri en einmitt nú. Kröfurnar um hið fullkomna útlit eru orðnar slíkar að þær eru farnar að hafa áhrif á allt og alla, þar með talið heilbrigða hugsun og heilbrigt fólk. Hvar sem drepið er niður fæti trana sér fram kröfurnar um hið fullkomna útlit og í raun er maður ekki maður með mönnum nema maður eigi flottan bíl, íbúð, föt og fylgihluti. Það er meira að segja farið að skipta máli hvernig hrærivélar fólk á.

Það sem er einna verst við þessa stílíseringu er að allt á að uppfylla einhverjar ímyndaðar, einhæfar kröfur um það hvernig fólk og hlutir eiga að vera. Fyrir vikið verður allt eins og um leið gleymir fólk því hversu fallegur fjölbreytileikinn er.

Það sem er þó öllu verra við þessa stílíseringu er að fólk virðist vera hætt að gera greinarmun á hlutum og manneskjum, öllu verður að breyta hvað sem það kostar.

Í barnaskap mínum hélt ég að það væri ekki hægt að ganga lengra í útlitsdýrkuninni en með sílikonfylltum brjóstum, vörum, hökum og kinnum, fitusoguðum lærum og maga, hvítuðum tennum, lituðu hári en þó hárlausum og ljósabrúnum líkama frá hálsi og niður. En þar skjátlaðist mér all verulega.

Fyrir skömmu var sýndur þáttur í sænska sjónvarpinu um þær útlitsbreytingar sem standa fólki til boða. Nýjasta nýtt í þessum bransa er að láta lýsa á sér gatið á rassinum með svipuðu kremi og fólk notar til að aflita á sér hárið. Og hugmyndin að slíkri aðgerð er að sjálfsögðu komin frá klámmyndaiðnaðinum líkt og að líkum flest sem upp hefur verið talið.

Það eru ýmsar spurningar sem vakna upp í kjölfarið á svona útlitsbreytingum. Spurningar sem verður seint eða aldrei hægt að svara. En ég ætla rétt að vona að nú sé botninum náð, í orðsins fyllstu merkingu.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Pú og pa

Eftir SÖE



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

			4		8		1	5
				9	7			8
		8						9
						4	5	
	2		6	1	5		9	
	5	3						
3						8		
2			5	6				
9	4		3		1			

Lausn á gátu gærdagsins

3	4	6	2	9	1	5	7	8
9	1	2	7	5	8	4	3	6
8	5	7	4	3	6	2	9	1
7	2	8	5	4	9	1	6	3
1	6	4	3	8	2	9	5	7
5	9	3	1	6	7	8	2	4
6	7	1	8	2	5	3	4	9
4	8	5	9	7	3	6	1	2
2	3	9	6	1	4	7	8	5

HALLDÓR GUÐMUNDSSON
> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

Fimm vikur á fremsta bekk

Rösklega þriðjungur þjóðarinnar fær enga bók í jólagjöf. En áður en við bókabéusar sökkvum í þunglyndi yfir þessu hörmulega hlutskipti er rétt að minna á að þeir eru talsvert fleiri sem eignast 1-2 bækur um jólin og fimmti hver Íslendingur fær þrjár eða fleiri bækur í jólagjöf á hverju ári. Samtals gera þetta eftir tölfræðinni tæplega eina og hálfa bók á mann, skv. könnun sem Gallup gerði fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda árið 2005.

Sé þetta rétt selst næstum hálf milljón bóka á Íslandi fyrir jól. Er nema von að mikið gangi á þessar fimm vikur frá miðjum nóvember, þegar flestar bækur eru komnar út, og fram til jóla? Gjafamarkaðurinn ræður úrslitum um afkomu bókaútgáfunnar á Íslandi sem þrátt fyrir allt er miklu öflugri en búast má við á örlitlu málsvæði. Að vísu taka sig alltaf öðru hverju til góðir menn og býsnast yfir þessu, óska eftir meiri dreifingu útgáfunnar, fleiri kiljum og þar fram eftir götum. Þá verður að segja útgáfunni til varnar að mikil breyting hefur orðið á henni síðasta áratuginn. Bækur koma út allt árið, æ stærri hluti veltunnar er utan jólatímans, kiljuútgáfa hefur stóreflst. En gjafamarkaðurinn veldur því engu að síður að höfundar sem eru að senda frá sér nýja skáldsögu, ævisögu eða fræðirit handa almenningi hljóta að kjósa útgáfu fyrir jól; þá eru möguleikar innbundinna bóka mestir, þær eru mun dýrari en kiljur, höfundarlaun sem prósentur af verði mun álitlegri og útgáfan líklegri til að hala inn fyrir útlögðum kostnaði.

Góð sala og þar af leiðandi sæmileg afkoma ræður því oft hvort höfundur geti haldið áfram að helga sig starfi sínu eða verði að snúa sér að öðru, og sama gildir að breyttu breytanda um útgefendur: Það er að duga eða drepast á jólamarkaði. Gamalreyndur forleggjari sagði stundum við okkur hina á útgefendafundum að við yrðum að breyta ímynd jólabóksölunnar, hætta að tala um jólabókaflóðið , sem minnti alltof mikið á syndaflóðið, og segja heldur: Ja, nú fer blessuð bókin að koma.

Jólasalan fer ekki af stað í alvöru fyrr en í síðustu viku nóvember og hálf salan á sér stað á tíu dögum fyrir jól. Taugaveiklunin, fjölmiðlasæknin, afbrýðisemin og stöku ofsóknarhugmyndir eiga sér þessar skýru efnislegu orsakir. Höfundur og útgefandi hafa kannski unnið að tiltekinni bók í mörg ár, en svo ráðast örlög hennar á örfáum vikum. Ritdómar, auglýsingar, viðtöl og önnur umfjöllun um rösklega fjögur hundruð titla á jólamarkaði verða að komast fyrir á fimm vikum. Á Íslandi eru fleiri fjölmiðlar en fréttir, en þeir eiga samt í mestu vandræðum með að koma öllu að á svo skömmum tíma. Fremsti bekkur íslenskra skálda, eins og Pétur Gunnarsson hugleiddi einu sinni skemmtilega, verður svo fjölskipaður að þar situr hver undir öðrum. Allt hefur maður reynt þetta sjálfur: Útgefendur fá svo mikla ást á fjölmiðlamönnum fyrir jól að þeir slá við stjórnmálamönnum fyrir kosningar, og engir eru jafnvinsælir og þáttastjórnendur á borð við hinn glaðbeitta Gísla Martein, sem njóta vinsælda og eru ólíklegir til að hafa uppi mikla gagnrýni.

Og það verður líka fúslega að játast að margir fjölmiðlamenn standa sig vel, þótt enginn jafnist á við ofurmennið Jón Óttar Ragnarsson þegar hann sá um bókaþætti á Stöð 2 í árdaga. Ég minnist þess að hafa einu sinni látið skjóta á hann bók þar sem hann fór niður Laugaveginn á leigubíl, og klukkustund síðar var hann að taka upp þátt í miðbænum, átti gott viðtal við höfundinn og dró svo bókina upp úr pússi sínu og sagði: Ég gef þessu verki hiklaust tvær stjörnur.

Þetta er líklega eina leiðin til að komast yfir allt sem beðið er um. Því vandinn er sá að í viðskiptalegum skilningi er offramleiðsla á íslenskum bókamarkaði, það koma út fleiri titlar en nokkurt rými er fyrir, og hefur svo verið um langt skeið. Þegar þröng er á þingi verða alltaf einhverjir útundan og einn sölutitill getur raskað öllum hlutföllum. Ef Harry Potter selst í 15 þúsund eintökum jafngildir það rösklega þremur árgöngum íslenskra barna: Það gefur auga leið að þá þrengir heldur að öðrum barnabókum á sama markaði.

Fyrir nokkrum árum var engin tegund bóka vinsælli á Íslandi en svokallaðar viðtalsbækur. Þegar bylgjan náði hámarki komu 47 viðtalsbækur út fyrir ein jólin; svo miklu tekur markaðurinn ekki við og meirihlutinn átti aldrei möguleika. Nú virðist íslenska sakamálasagan stefna í sömu átt, ótal höfundar spreyta sig á þessu formi sem lengi vel var heldur óáberandi í íslenskum bókmenntum. En hvert er plássið ef Arnaldur selur 20 þúsund? Við þessar aðstæður hleypur skiljanlega nokkur verðbólga í yfirlýsingar útgefenda: Enskur útgáfusamningur fyrir íslenska bók, sem er alltaf afrek útaf fyrir sig, heitir núna „sala til 70 landa“, af því enska forlagið áskilur sér yfirleitt rétt til að selja bækur sínar í öllum enskumælandi löndum utan Norður-Ameríku.

Einn er þó sá aðili sem nýtur góðs af þessum fyrirgangi öllum, og það er lesandinn sem fær sína einughálfu bók í jólagjöf. Hvað sem öllu líður er kraftur og fjölbreytni á íslenskum bókamarkaði og furðu mikið af athyglisverðum bókum sem kemur út í ekki stærra landi. Og okkur útgefendum, fyrrverandi og núverandi, sem lifum okkur inn í samkeppnina líktog skæruliðahreyfingar í þjóðfrelsisstríð, getur verið hollt að minnast afar skýrrar niðurstöðu úr ofannefndri Gallup könnun: 95% aðspurðra töldu litlu sem engu skipta hvar bók væri gefin út. Þeir höfðu áhuga á efni hennar.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksyning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur
eftir Árna Ibsen
18. sýn fös 18. nóv. - örfá sæti laus
19. sýn lau 19. nóv. - örfá sæti laus
20. sýn fös 25. nóv. - Nokkur sæti
21. sýn lau 26. nóv. - Nokkur sæti
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

GERÐUBERG

Söngur og sund á sunnudegi
Sunnudaginn 20. nóvember kl. 13:00
Sönghópur Ingveldar Ýrar leiðir okkur um Draumalandið og aðrar söngperlur. Aðgangseyrir 500 kr.
Töfraveröld tóna og hljóða
Sunnudaginn 20. nóvember kl. 15:00
Kynningarsýning fyrir leikskóla Reykjavíkur. Flytjendur Herdís Anna Jónsdóttir og Steef van Oosterhout
Eggert Magnússon
"Ungur undir silfurhærum".
Sýning á olíumálverkum
Þetta vilja börnin sjá!
Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum 2005
Sólveig Eggerz Pétursdóttir
„Áhrif hins liðna og dagsins í dag". Hið smá og stóra, draumar og vaka, Vatnslitamyndir
Sýningarnar eru opnar:
virka daga 11-17, miðv. 11-21 og um helgar 13-16.
Sjá nánar á gerduberg.is

allt bílar
Alla laugardaga

Leikfélag Mosfellssveitar
Fjórir einþáttungar
eftir Lárus H. Jónsson
og Pétur Ragnar Pétursson
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
3. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 20:00
4. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 22:00
5. sýning Sunnud. 20.nóv. kl. 20:00
Síðustu sýningar
Sýndir eru einþáttungarnir Húð og hitt og Það er frítt að tala í GSM hjá guði eftir Pétur R. Pétursson og Það verður að stoppa þennan mann og Einn dagur í einu eftir Lárus H. Jónsson.
Sýningin er ekki við hæfi áhorfenda yngri en 16 ára.
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1000,-
www.leikmos.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið
Salka Valka
Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 Su 11/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20
Woyzeck
Lau 26/11 kl. 21 Su 27/11 kl. 21
Þr 29/11 kl. 20 UPPS Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 Mi 7/12 kl. 20 UPPS
Fi 8/12 kl. 20 Fö 9/12 kl. 20
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Kalli á þakinu
Í dag kl. 14 UPPS L au 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14 Su 4/12 kl. 14
Su 11/12 kl. 14 Má 26/12 kl. 14
Id - HAUST
Wonderland, Critic´s Choice? og Pocket Ocean
Í kvöld kl. 20 Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!
Nýja svið/Litla svið
Lífsins tré
Fö 25/11 kl. 20 Lau 26/11 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 Lau 3/12 kl. 20
Þr 27/12 kl. 20
Alveg brilljant skilnaður
Í kvöld kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPS. Su 4/12 kl. 20 UPPS
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Síðustu sýningar!
Manntafl
Fi 24/11 kl. 20 Mi 30/11 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20
GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 24/11 örfá sæti laus, fös. 25/11 nokkur sæti laus, lau. 26/11 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðustu sýningar fyrir jól.
EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.
LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Í kvöld sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11 uppselt, fim. 1/12 uppselt, fös. 2/12. Síðustu sýningar.
LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.
LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld sun. 20/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans. Útgáfutónleikar "Ég um þig". Agnar Már Magnússon og Kristjana Stefánsdóttir.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

„Hver er sá sem ekki finnur fyrir skyndilegum hrolli og þarf að hrista af sér hik og leyndan ótta þegar hann stígur í fyrsta skipti eða eftir langa fjarveru upp í feneyskan gondól?“

- Thomas Mann spyr áleitinna spurninga í Dauðanum í Feneyjum.

THOMAS MANN

bækur

baekur@frettabladid.is

Neon fékk viðurkenningu Jónasar

Það brutust að vonum út mikil fagnaðarlæti í herbúðum bókaútgáfunnar Bjarts þegar forlagið fékk viðurkenningu Jónasar Hallgrímssonar fyrir Neon-bókaklúbbinn sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að koma þýðingum úrvalsverka eftir marga af fremstu rithöfundum samtímans á framfæri við íslenska lesendur. Viðurkenningin var afhent á degi íslenskrar tungu á miðvikudaginn en þá fengu einnig Guðrún Helgadóttir rithöfundur og þróunarverkefnið Lestrarmenning í Reykjanesbæ viðurkenningu. Verðlaunanefndin sagði í rökstuðningi sínum að Bjartur hafi „á undanförnum árum látið þýða erlend úrvalsverk eftir marga af fremstu rithöfundum samtímans. Árlega koma út fjórar til sex bækur af þessu tagi í ritröðinni Neon og eru þær nú komnar vel á fjórða tuginn. Höfuðáhersla er lögð á ný skáldverk sem vakið hafa athygli í heimalandinu og þykja eiga erindi við íslenska lesendur. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hve mikilvægt það er að nýjum erlendum skáldverkum sé komið á framfæri hér á landi, einkum þegar um er að ræða bækur sem ritaðar eru á málum sem fáir Íslendingar kunna til hlítar eins og ítölsku og rússnesku. En hitt er ekki minna um vert að þýðendur eru þannig hvattir í verki til að láta reyna á þanþol og þróunargetu íslenskrar tungu. Málnotendur og unnendur fagurbókmennta njóta góðs af þeirri glímu og þegar best tekst til nær þýðingin að skjóta rótum í innlendri bókmenntahefð og verða hluti af menningarlandslaginu. Það er lofsvert að bókaútgáfa skuli sýna slíkt frumkvæði og metnað.

Bjartur er því vel að viðurkenningu kominn á degi íslenskrar tungu fyrir öflugt kynningar- og útgáfustarf sitt á erlendum samtímabókmenntum.“

SÖGUR TÓMASAR FRÆNDA

BÓK VIKUNNAR

Bókin Sögur Tómasar frænda inniheldur sannar sögur Tómasar M. Tómassonar, bassaleikara Stuðmanna, skráðar af Friðrik Indriðasyni blaðamanni. Sögurnar eru stuttar, skemmtilegar og auðlesnar þannig að það er gott að grípa til bókarinnar þegar mann þyrstir í sögur af þjóðþekktum Íslendingum. Við sögu koma meðal annarra Bubbi Morthens, Davíð Oddsson, Egill Ólafsson, Lalli Johns og miklu fleiri.

Fréttamaður með skáldsögu

Björn Þorláksson, fréttamaður Útvarps og Sjónvarps á Akureyri, hefur sent frá sér sína þriðju skáldsögu og nefnist hún Lífsloginn. Sagan gerist á Akureyri og fjallar um drykkfelldan menntaskólakennara sem stofnar til ástarsambands við ungan nemanda sinn.

BJÖRN ÞORLÁKSSON FRÉTTAMAÐUR. Gefur út skáldsögu.

Björn segir bókina að hluta persónulegt uppgjör við sína eigin fortíð og á hann von á að sumum bregði í brún við lýsingar sem fram koma í bókinni.

Björn ólst upp í Mývatnssveit og fyrstu skáldverk hans litu dagsins ljós í Menntaskólanum á Akureyri. Hann vann til fyrstu verðlauna bæði fyrir frumsamin tónverk og smásögur og lagði í kjölfarið stund á nám í íslensku og bókmenntafræði í Háskóla Íslands.

Björn hefur mest allt sitt líf unnið sem píanóleikari og tónlistarmaður í hlutastörfum samhliða blaðamennsku og ritstörfum. Hann var meðal annars í hinum vinsælu hljómsveitum Stuðkompaníinu og Rokkbandinu. **- kk**



ÓLAFUR GUNNARSSON. Sultur Knuts Hamsuns olli straumhvörfum í lífi hans og ýtti mjög undir bókmenntaáhuga Ólafs. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Ævistarfið leitaði mig líklega uppi

Á 35 ára rithöfundarafmæli sínu kveðst Ólafur Gunnarsson standa á krossgötum. Bergsteinn Sigurðsson forvitnaðist um tímamótin sem og persónulegasta verk Ólafs hingað til.

„Ætli það standi ekki upp úr að hafa þraukað í þessu öll þessi ár. Þetta virðist svo langur tími,“ segir Ólafur íhugull. Hann rifjar upp þegar hann var ungur maður í Verzlunarskólanum. Þá var gegnumgangandi menningaráhugi þar sem og víðar. „Ég held það hafi verið í því andrúmslofti sem áhuginn á því að leggja ritstörfin fyrir mig vaknaði. Ég var í verslunarnámi og vann viðskiptastörf á sumrin og hefði sjálfsagt getað endað í slíku starfi, en efast um að ég hefði fundið mig þar. Ætli ævistarfið hafi ekki leitað mig uppi.“

Ólafur kveðst hafa verið bókhneigður sem barn; þræddi fornbókasölurnar og vildi bara bækur í jólagjöf. Lengi samanstóð lesefnið mestmegnis af ævintýrum og strákabókum en á unglingsárum rakst hann á verk sem olli straumhvörfum. „Faðir minn hafði keypt dánarbú og því fylgdi stór kassi fullur af litteratúr og kom í minn hlut. Fyrsta verkið sem ég dró úr kassanum og las var Sultur eftir Knut Hamsun. Ég man enn nákvæmlega stemninguna í herberginu, birtuna og allt saman. Ég hafði aldrei lesið annað eins verk og Sultur kynti mjög undir bókmenntaáhuga mínum og það varð ekki aftur snúið.“

Á skólaárunum komst Ólafur að því að hann átti gott með að koma hugsun sinni í orð þegar bekkjarfélagar hans leituðu iðulega til hans með stílaæfingar. „Ég var dúndur stílaframleiðandi og samdi stundum stíla fyrir hálfan bekkinn. Verðið fyrir hvern stíl var tvær rækjusamlokur og gosflaska. Kennarinn var ekki hrifinn af þessu, eins og gefur að skilja, enda fékk ég alltaf verst fyrir mína eigin stíla,“ rifjar hann upp og hlær.

Þegar hann lítur um öxl, kveðst Ólafur eiga erfitt með að merkja ákveðna þróun á eigin ferli, nema hann veit það eitt að hann stendur á krossgötum sem birtist í nýjustu bók hans, Höfuðlausn. „Ég held hún dragi saman ákveðin tímamót á höfundarferli mínum. Í henni eru vísanir í mín eldri verk auk þess sem þetta er ákveðin samantekt á mínu lífsviðhorfi. Þetta er sjálfsagt mitt persónulegasta verk hingað til.“ Höfuðlausn gerist sumarið 1919 og fjallar um þegar Saga Borgarættarinnar var kvikmynduð, en faðir Ólafs aðstoðaði við upptökur. „Þetta var einn af eftirminnilegustu viðburðum lífs hans og hann sagði okkur í fjölskyldunni ótal sögur af kynnum sínum við Gunnar Gunnarsson og Mugg sem hann hafði í háum metum. Mig langaði til að festa þessar sögur hans á blað með ákveðnum hætti og flétta öðrum minningum hans í verkið, en ég finn að ég er líka að marka mér nýja stefnu með þessari bók og skipta um tón. Hvert það á eftir að leiða mig mun tíminn leiða í ljós. Þetta er eins hjól sem ekki verður stöðvað.“

Stormasöm ævi glæsimennis

Mál og menning hefur gefið út bókina Ég elska þig stormur, ævisögu Hannesar Hafstein, eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing. Guðjón hefur getið sér gott orð fyrir ævisögur Einars Benediktssonar, Jónasar frá Hriflu og Jóns Sigurðssonar og nú beinir hann sjónum sínum að bráðgera glæsimenninu Hannesi.

Hannes orti kvæði sem lifa enn á vörum þjóðarinnar og sagt var að kvenhylli hans hafi verið „óendanleg“. Stjórnmálaferill hans var sigurganga framan af, hann varð fyrsti ráðherra Íslands og sá stjórnmálamaður sem þjóðin hefur haft hvað mest dálæti á, lífs og liðinn.

Þessi óskasonur Íslands átti um margt stormasama ævi og á milli stóru sigurstundanna voru sárir ósigrar. Í ævisögunni beinir Guðjón sjónum sínum að manninum Hannesi, meðal annars í ljósi einkabréfa og nýrra heimilda sem aldrei hafa komið fyrir almenningssjónir. Smám saman verður til mynd af margbrotnum en heillandi manni sem þrátt fyrir gæfu og gjörvileik þurfti að takast á við margvíslegt mótlæti.

HANNES HAFSTEIN, RÁÐHERRA OG SKÁLD.

METSÖLULISINN
Söluhæstu bækurnar

AÐALLISTINN - ALLAR BÆKUR

1. **VETRARBORGIN** ARNALDUR INDRIÐASON
2. **Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM** STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR
3. **ROKLAND** HALLGRÍMUR HELGASON
4. **ÞRIÐJA TÁKNIÐ** YRSA SIGURÐARDÓTTIR
5. **MORÐIÐ Í DREKKINGARHYL** STELLA BLÓMKVIST
6. **AFTURELDING** VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON
7. **AUÐUR EIR** SÓLIN KEMUR ALLTAF UPP
8. **GÆFUSPOR** GILDIN Í LÍFINU - GUNNAR HERSVEINN
9. **109 JAPANSKAR SUDOKU** GIDEON GREENSPAN
10. **KROSSTRÉ** JÓN HALLUR STEFÁNSSON

HANDBÆKUR/FRÆÐIB./ÆVISÖGUR

1. **AUÐUR EIR - SÓLIN KEMUR...** EDDA ANDRÉSDÓTTIR
2. **GÆFUSPOR - GILDIN Í LÍFINU** GUNNAR HERSVEINN
3. **109 JAPANSKAR SUDOKU - 1** GIDEON GREENSPAN
4. **HEIMSMETABÓK GUINNES 2006** VAKA HELGAFELL
5. **SU DOKU 1** WAYNE GOULD
6. **MYNDIN AF PABBA** GERÐUR KRISTNÝ
7. **ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORÐAR** DR. GILLIAN MCKEITH
8. **ÚTKALL** HERNAÐARLEYNDARMÁL Í VIÐEY
9. **JÖRÐIN** JPV
10. **PÉTUR POPPARI** KRISTJÁN HREINSSON

Listinn er gerður út frá sölu dagana 09.11.05 - 15.11.05 í Bókabúðum Máls og menningar, Eymundsson og Pennanum.



ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
VÍSIR VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

FRÁ MORGNI TIL MIÐNÆTTIS
DAGSKRÁ SUNNUDAGSINS 20. NÓVEMBER 2005

SUNNUDAGUR

10:00 Morgundagskrá
- 10:00 Fréttir og veðurlýsing
- 10:05 Ísland í dag – samantekt síðustu viku
- 11:00 Fréttaljós – vikulegur fréttaskýringaþáttur í umsjón fréttastofu NFS

12:00 Hádegisfréttir
- 12:00 Fréttir
- 10:14 Markaðurinn
- 12:15 Íþróttafréttir
- 12:20 Veðurfréttir

12:25 Silfur Egils

14:00 Síðdegisdagskrá
- 14:00 Fréttir

14:05 Endurteknir þættir frá því fyrr um daginn
- 14:05 Ísland í dag – samantekt síðustu viku
- 15:00 Fréttaljós
- 16:00 Fréttir
- 16:05 Silfur Egils

18:30 Kvöldfréttir
- 18:00 Fréttayfirlit
- 18:02 Ítarlegar veðurfréttir
- 18:12 Íþróttafréttir
- 18:30 Kvöldfréttir
- 18:58 Yfirlit frétta og veðurs

19:10 Kompás
Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar

19:50 Endursýndir þættir frá helginni

FRÉTTIR Á TVEGGJA KLUKKUSTUNDA FRESTI

HVAR SÉRÐU NFS?
- Á rás 6 á Digital Íslandi*
- Í beinni á visir.is

MYNDLYKLAR
Þú færð stafrænan myndlykil í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild að Krókhálsi 6 í Reykjavík. Aðrir en áskrifendur geta fengið stafrænan myndlykil afhentan gegn 500 kr. leigugjaldi á mánuði í minnst þrjá mánuði.

* Ef þú nærð ekki NFS á stafræna myndlyklinum ferðu í sjálfvirka eða handvirka leit á aðalvalmynd.

GOTT FOLK McCANN

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR
digital ísland | VÍSIR VEF TV

HUGSAÐU STÓRT
SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ÞAÐ SEM KOM FYRIR EMILY ROSE ER ÓHUGNANLEGRA EN NOKKUÐ SEM ÞÚ GETUR ÍMYNDAÐ ÞÉR

BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
THE EXORCISM OF EMILY ROSE

Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.40 B.i. 16 ára
Sýnd í Lúxus kl. 2, 5, 8 og 10.40

Þau eru góðu vondu gæjarnir



Frá höfundi Buffy the Vampire Slayer.
Ótrúlegar brellur og svöl átakaatriði.

Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.40 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 5.20

Sýnd kl. 8 og 10.40 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 2 með íslensku tali.

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.20 B.i. 14 ára

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ÞAÐ SEM KOM FYRIR EMILY ROSE ER ÓHUGNANLEGRA EN NOKKUÐ SEM ÞÚ GETUR ÍMYNDAÐ ÞÉR

BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
THE EXORCISM OF EMILY ROSE

Sýnd kl. 3, 6, 8.30 og 11 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30

3 BÍÓ Á AÐEINS 400 KR.

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 10 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 3, 6 og 8

bara lúxus
LAUGARÁS BÍÓ
Sími 553 2075

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 b.i. 14

Sýnd kl. 8 og 10:30 b.i. 16

Sýnd kl. 8 og 10:30 b.i. 16
Sýnd kl. 2 og 4:30
Sýnd kl. 6 b.i. 16
Sýnd kl. 2 og 4 b.i. leyf

TILBOÐ Á FYRSTU SYNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400KR!
ATH: SYNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU



FRÉTTIR AF FÓLKI

Kynbomban **Denise Richards** hefur verið kosin kynþokkafyllsta móðir í Hollywood. Denise, sem á tvö börn með leikaranum Charlie Sheen, varð efst í kjöri tímaritsins In Touch. Urðu þokkadísir eins og Reese Witherspoon og Angelina Jolie að láta sér lynda annað og þriðja sætið í kjörinu.

Catherine **Zeta Jones** hefur ljóstrað upp um leyndardóminn bak við fegurð sína. Hún segist vera farin í rúmið klukkan hálf níu flest öll kvöld. „Að mínu mati kemur fegurðin innan frá en ég lít illa út ef ég fæ ekki nægan svefn" segir þessi geðþekka leikkona.

Enska leikkonan **Keira Knightley** hefur viðurkennt að vera mjög klaufsk. „Ég er algjör klaufi, ég er ávallt að sulla niður á mig drykkjum eða jafnvel mat. Það gerir þó alls ekkert til þar sem ég er ekki ein af þeim sem eyðir fúlgum fjár í ný föt. Ég helli því bara niður á ódýrar flíkur". Ástralska söngkonan Kylie Minogue mun ekki geta farið heim til Ástralíu og eytt eyttíma með fjölskyldu sinni um jólin. Kylie, sem um þessar mundir gengst undir krabbameins-meðferð í París, er bannað að ferðast samkvæmt læknisráði þangað til snemma á næsta ári.

allt heimili
Alla fimmtudaga

Klón númer fimm

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Rammstein á í vandræðum. Það ætti að vera öllum ljóst að sveitin á í tilvistarkreppu þessa dagana.

Plötur hennar seljast minna og minna og áhugi á tónlistinni er nær enginn nema hjá gallhörðustu aðdáendum sveitarinnar. Það er líka örugglega mjög erfitt að vera í þeirra stöðu. Ég get ekki ímyndað mér í hvaða átt Rammstein-meðlimir geta vaxið til þess að heilla fólk fyrir utan þröngan hlustendahóp þeirra.

Þeir geta varla orðið neitt harðari. Gítarhöggin eru eins þung og þau verða líklegast í metal og ég efast um að það færi þeim eitthvað að spila spítmetal.

Þeir geta varla orðið neitt léttari, því þá fara pungsveittir og fánaveifandi aðdáendurnir bara að væla. Á þessari nýju plötu gera þeir tilraunir til þess að sýna mýkri hlið sína í laginu Stirb nicht vor mir, og útkoman er hræðilega smeðjuleg. Verri er tilraun þeirra til að blanda stíl sínum við spænska þjóðlagatónlist í laginu Ti quireo puta.

Þeir geta ekki skipt út þessum söngvara, því rödd hans er örugglega 60% af því sem gerir Rammstein að Rammstein. Tilgerð hans smellpassar við öfgafullt sterarokkið, en hann er byrjaður að minna mig meira og meira á leikara á barnaplötu. Eða á Bessa Bjarna að leika vonda karlinn í einhverri teiknimynd hjá Afa á sunnudagsmorgni.

Hvað gerir Rammstein þá? Jú, sveitin gerir bara nákvæmlega eins plötu og hún hefur allt af gert. Alveg eins hljómur, riff sem maður hefur sjálfur spilað milljón sinnum á gítarinn heima hjá sér og áfram daður við sömu þjóðrembu og áður. Nema hvað að tíminn fyrir þessa tegund tónlistar er löngu, löngu liðinn. Neistinn er líka farinn. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur lifandi maður sem er að leita að einhverju nýju til að hlusta á geti mögulega tengt sig við þennan gamla, þreytta graðhest.

Á sama tíma vorkenni ég sveitinni, því allt sem var svo ögrandi og heillandi við hana fyrir nær tíu árum er orðið svo hversdagslegt í dag að það hreyfir ekki við neinum. Átta ára gömlum frænda mínum finnst þetta t.d. álíka ógnvekjandi og íþróttaálfurinn.

RAMMSTEIN:
ROSENROT
Niðurstaða: Fimmta plata Rammstein er nákvæmlega eins og hinar fjórar. Nema hvað að núna bíta þeir ekki einu sinni á vöfflum. Varist Rosenrot eins og heitan eldinn.

Kannski er framtíð Rammsteins bara þar, að búa til barnaplötur? Þeir sýna a.m.k. engin þroskamerki. Sama gamla ruglið, aftur og aftur og aftur og aftur. Zzz. Zzz. Zzz.

Birgir Örn Steinarsson

Ertu í húsgagnaleit?
Opið í dag
frá kl.13-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Nýjar sendingar - Mikið úrval!
Sími 581-2275 ■ 568-5375

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Við hrósum...

... knattspyrnudeild Keflavíkur sem hefur sett af stað söfnun til styrktar eins árs barni sem er með alvarlegan lifrarsjúkdóm. Við hvetjum fólk til að fara inn á keflavik.is og lesa sér til um hvernig hægt er að styrkja drenginn og fjölskyldu hans.

sport

sport@frettabladid.is

60 MEÐ DAVID MAY

SEKÚNDUR

Erfiðasti útivöllur? Það var alltaf erfitt að heimsækja Liverpool og Arsenal.

Kæmist Eiður Smári í enska landsliðið? Já, og hann væri í byrjunarliðinu.

Chelsea er... besta liðið í augnablikinu.

David Beckham er... góður strákur.

Fótbolti er... frábær.

Besti leikmaður Man. Utd fyrr og síðar? Eric Cantona.

Erfiðasti andstæðingur? Ian Rush.

Skemmtilegast að glíma við? Erfitt að taka einn út. Ég naut þess að glíma við alla þá bestu.

Besti leikmaður heims? Thierry Henry.

Á Sven-Göran Eriksson að leiða England á HM? Já, ekki spurning.

Besti samherji? Gary Pallister.

Hápunktur ferilsins? Þrennan með United árið 1999.

Hvað veistu um Ísland? Þar er kalt.

> Ólöf María í spor Ragnhildar

Ólöf María Jónsdóttir lék á 80 höggum, eða 7 yfir pari, á lokastigi úrtökumótsins fyrir evrópsku mótaröðina en leikið er á Spáni. Ragnhildur Sigurðardóttir tók þátt í forkeppninni og lék þá einnig fyrsta hringinn á 80 höggum. Þrjátíu efstu á mótinu fá fullan þátttökurétt á mótaröðinni en 96 keppendur takast á um sætin þrjátíu. Ólöf María er í 37. sæti ásamt nokkrum öðrum kylfingum.

NEEL JANI Ók vel í rigningunni í Malasíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tímatakan í A1-kappakstrinum:

Sviss verður á ráspól

AKSTURSÍÞRÓTTIR Neel Jani sá til þess að Sviss verður á ráspól í A1-kappakstrinum í dag en þá verður ekið í Malasíu. Mikið gekk á þegar tímatakan fór fram enda helli-rigndi og ökumenn áttu erfitt með að hemja vélfákana.

Jani verður með Frakkann Alexandre Premat fyrir aftan sig en Frakkar eru efstir í stigakeppninni með nítján stiga forskot. Írinn Ralph Firman var síðan með þriðja besta tímann en gamli Formúlukappinn, Jos Verstappen, varð að gera sér þriðja sætið að góðu. - hbg



ALLAN BORGVARDT Búinn að semja við norska liðið Bryne og spilar því ekki á Íslandi næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samdi við Bryne til tveggja ára

Allan Borgvardt leikur ekki knattspyrnu á Íslandi næsta sumar þar sem hann samdi við norskt félag sem er í næstefstu deild þar í landi.

FÓTBOLTI Það er nú orðið ljóst að danski framherjinn Allan Borgvardt leikur ekki á Íslandi næsta sumar en hann hefur skrifað undir tveggja ára samning við norska liðið Bryne sem leikur í næstefstu deild þar í landi og varð í fimmta sæti í deildinni á síðasta tímabili.

Borgvardt hefur verið í lykilhlutverki hjá FH síðustu þrjú ár og tvisvar hefur hann verið útnefndur besti leikmaður ársins. Hann yfirgaf FH undir lok tímabilsins í fyrra og gekk í raðir úrvalsdeildarliðs Viking. Þar fékk hann ekkert almennilegt tækifæri og Viking hafði ekki áhuga á að framlengja samninginn við Danann.

- hbg

HAFÐU ÞETTA Tyrkinn Alpay sparkar hér í afturendann á einum leikmanna Sviss við upphaf slagsmálanna í Istanbúl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Svissneski slagsmálahundurinn Benjamin Huggel:

Reiknar með banni

FÓTBOLTI Svissneski landsliðsmaðurinn Benjamin Huggel, sem sparkaði hressilega í lappirnar á aðstoðarþjálfara tyrkneska landsliðsins á dögunum, reiknar ekki með öðru en að fá leikbann fyrir framkomu sína í einhverri ljótustu uppákomu fótboltans í áraraðir.

„Ég reikna með banni," sagði Huggel sem segist hafa verið að svara fyrir félaga sinn, en Huggel segir tyrkneska þjálfarann hafa reynt að bregða fæti fyrir félagann. Birtar hafa verið myndir sem sanna þá yfirlýsingu Huggels. „Annars er ég feginn að hafa sloppið lifandi frá Tyrklandi," sagði Huggel sem leikur með Eintracht Frankfurt.

Slagsmálin héldu áfram í göngunum eftir leikinn og markvarðaþjálfari Sviss, Erich Burgener, segir að öryggisverðir hafi ráðist á hann.

„Þetta var með hreinum ólíkindum. Ég var sleginn í andlitið og svo var sparkað í mjöðmina á mér. Það voru öryggisverðirnir sem lúskruðu á mér. Þeir héldu mér í stað þess að verja mig. Ég var verulega skelkaður," sagði Burgener. - hbg

NAVISION SMALL BUSINESS

Fjárfesting til framtíðar

Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottnar
- Birgðir

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja NAVISION SMALL BUSINESS

- ✔ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✔ Einföld uppsetning
- ✔ Íslenskar handbækur
- ✔ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✔ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✔ Tenging við aðrar lausnir
- ✔ Fjöldi viðbótarlausna
- ✔ Microsoft samhæft
- ✔ Aðgangur að þjónustuborði
- ✔ Fjöldi námskeiða í boði

Verð frá kr. 130.900*

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver aukanotandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtukerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Hringdu núna í síma 545-3200

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

www.maritech.is



THIERRY HENRY Orðaður við Barcelona.

Stórlið Barcelona:

Viðurkennir áhuga á Henry

FÓTBOLTI Barcelona er hætt að fela þá staðreynd að það vill kaupa franska framherjann Thierry Henry frá Arsenal. Henry, sem á tvö ár eftir af samningi sínum við Arsenal, hefur verið orðaður við Barcelona ansi lengi.

„Hann er af þeim mönnum sem myndi bæta hópinn hjá Barcelona," sagði íþróttastjóri félagsins, Txiki Beguiristain. Ef hann kemur þá þarf það ekki að þýða að Ronaldinho eða Eto´o fari annað. Þeir gætu allir spilað saman."

Frank Rijkaard, þjálfari Barcelona, er mikill aðdáandi Henry og hefur margoft lýst yfir áhuga sínum á Frakkanum. **- hbg**

Hvert fer Keane?

Sá leik Celtic og Rangers

FÓTBOLTI Fjöldamörg lið hafa lýst yfir áhuga á að fá Roy Keane í sínar raðir eftir að Írinn harði yfirgaf herbúðir Man. Utd á föstudag. Hann er sterklega orðaður við skoska félagið Celtic en hann sé nágrannaslag Celtic og Rangers í gær og var það ekki til draga úr þeim sögusögnum.

Bolton og Portsmouth eru einnig á meðal þeirra liða sem vilja fá Keane en hafa líklega ekki efni á að greiða honum laun.

- hbg

SONURINN MÆTTUR Callum Best var mættur við hlið föður síns sem á vart langt eftir ólifað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

George Best:

Kominn í öndunarvél

FÓTBOLTI Knattspyrnugoðið George Best liggur enn á spítala alvarlega veikur og berst fyrir lífi sínu. Ástand hans hefur farið versnandi og í gær var hann settur í öndunarvél. Best er með sýkingu í lungum og ástand hans alvarlegt og margir sem efast um að hann muni lifa veikindin af.

Bæði talsmaður og starfsmenn sjúkrahússins hafa staðfest að ástand Bests sé alvarlegt og þegar vinur Bests, Denis Law, yfirgaf spítalann í gær var hann hágrátandi og engu líkara en hann hefði verið að kveðja vin sinn. Law sagði að Best væri nánast meðvitundarlaus og bætti við að hann hefði á tilfinningunni að Best myndi ekki lifa þetta af.

Sir Alex Ferguson rak Roy Keane frá Manchester United

Bresk blöð greindu frá því í gær að Sir Alex Ferguson hefði rekið Roy Keane frá Manchester United. Heiftarlegt rifrildi endaði með því að Keane gekk út og mun aldrei snúa aftur.

FÓTBOLTI Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að heiftarlegt rifrildi milli Fergusons og Keanes hefði leitt til þess að Keane var rekinn frá félaginu. Þeir félagar höfðu tekið margar rimmur síðustu vikur en Ferguson taldi Keane hafa gengið of langt þegar hann fyrst réðst á félaga sína í viðtali á MUTV, sem aldrei var sýnt, og síðar í eigin persónu.

Á miðvikudag var ljóst að Keane fengi ekki nýjan samning hjá United en núverandi samningur átti að renna út í lok tímabilsins. Þegar hann mætti í leik með varaliðinu á fimmtudag var honum sagt að hann fengi ekki að spila og ætti að ræða við Ferguson.

Keane mætti á fund hjá Ferguson klukkan níu um morguninn ásamt ráðgjafa sínum. Breska blaðið Guardian segir að Ferguson hafi hellt sér yfir Keane á fundinum sem í fyrstu hafi hlustað á svívirðingarnar. Síðan hafi hann svarað hressilega fyrir sig og ekki sagst ætla að spila fyrir mann sem niðurlægði sig á slíkan hátt. Ferguson á þá að hafa sagt honum að koma sér út. Keane stormaði á dyr og sagði Kennedy að ganga frá smáatriðunum.

Þetta er sú saga sem flest blöðin segja en götublaðið The Mirror heldur því fram að fundurinn hafi farið fram á siðsamlegum nótum og í mesta bróðerni en að Keane hafi beðið um að yfirgefa félagið þar sem hann átti ekki að fá nýjan samning. Hann hafi ekki viljað vera áfram hjá félagi þar sem hann átti enga framtíð lengur.

Klukkan hálf tólf hélt Ferguson síðan vikulegan blaðamannafund þar sem hann setti upp einstaka grímu. Ekki var hægt að sjá á honum að nokkuð hefði gerst tveimur tímum fyrr. Aðspurður um Keane sagði Ferguson ekkert að frétta og hélt áfram að gera að gamni sínu. Það sanna var að Keane gekk út tveimur tímum áður og hafði ekki einu sinni tíma til að kveðja félaga sína.



EKKI LENGUR VINIR OG FÉLAGAR Hið trausta og einstaka samband milli Alex Ferguson og Roy Keane er á enda og ekki líklegt að þeir muni nokkurn tímann talast við á ný. Þeir sjást hér glaðir á góðri stund. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hálftíma eftir blaðamannafundinn kom tilkynning um að Keane væri farinn. Ummælin frá Ferguson og Keane sem fylgdu tilkynningunni voru skrifuð af almannatengslum en samþykkt af Ferguson og Keane.

Keane var hjartað í Unitedliðinu og drifkraftur þess. Hann var maðurinn sem dreif menn áfram þegar á móti blés og það verður ekki auðvelt verk að fylla hans skarð. Endirinn á samstarfi Keane og Ferguson er sorglegur en þeir hafa staðið þétt við bak hvor annars í erfiðum málum í rúm tólf ár. Sama hvað á hefur gengið hafa þeir stutt hvor annan þótt stundum hafi í einrúmi verið tekist á utan vallar. Sumir halda því fram að Keane hafi gengið of langt í gagnrýni sinni síðustu vikur og að hann hafi stigið inn á verksvið Fergusons. Það er aðeins einn maður sem stýrir málum hjá United og það er Alex Ferguson. Ef menn virða það ekki fá þeir að fjúka. Skiptir engu hvað þeir heita.

Það sannaðist rækilega í máli Roys Keane sem mun eflaust aldrei tala við Ferguson aftur og ekki er vitað hvort hann vilji spila góðgerðarleik fyrir félagið næsta sumar.

henry@frettabladid.is

Fyrst á ströndina

Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn hérna heima og fáðu um leið *Forgangskort* hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvellinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með *Forgangskorti* Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn bíður eftir þér.

We try harder.®

Við leggjum okkur fram

Kanarí - verð frá kr.16.200 á viku

m.v. A flokk - innifalið ótakmarkaður akstur, kaskó og þjófatrygging, flugvallargjald og skattar.

AVIS

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

hausverk / SÍA

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > STEVE COPPELL

LEIKMAÐURINN STEVE COPPELL Coppell þótti gríðarlega skemmtilegur leikmaður á sínum tíma en vond meiðsli í landsleik árið 1982 urðu til þess að binda enda á feril hans, þá var hann aðeins 28 ára gamall. Hann lék lengst af með Manchester United á sínum leikmannsferli, en rétt rúmlega þrítugur tók hann við liði Crystal Palace og stjórnaði því í tæp 10 ár. Hér sést hann fagna marki sem hann skoraði fyrir England gegn Skotum á Wembley. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÍSLENSKIR LEIKMENN HAFA REYNST MÉR AFAR VEL

Reading er það lið sem komið hefur mest á óvart í ensku 1. deildinni það sem af er leiktíð. Þar situr Steve Coppell við stjórnvölinn og hefur í sínum röðum tvo íslenska knattspyrnumenn, þá Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson. Coppell ræddi við Fréttablaðið um íslensku leikmennina hjá Reading og rifjaði upp þann tíma sem hann sá Hermann Hreiðarsson spila í fyrsta skipti.

Steve Coppell er knattspyrnustjóri sem nýtur gríðarlegrar virðingar í starfi sínu á Bretlandseyjum. Hann hefur orð á sér fyrir að ná ótrúlega miklu út úr takmörkuðum efniviði, en þau lið sem hann hefur stjórnað á rúmlega 20 ára þjálfaraferli hafa oftast náð mun betri árangri en fræðingar hafa búist við. Í dag er Reading í 2. sæti ensku 1. deildarinnar og stefnir hraðbyri á sæti í úrvalsdeildinni sem er mun betri árangur en búist var af liðinu fyrir tímabilið.

„Leyndarmálið er að ég næ að kalla fram það besta í mínum leikmönnum," sagði Coppell við Fréttablaðið, spurður um hver væri lykillinn að góðum árangri hans, ekki aðeins með Reading í ár heldur einnig með Brentford og Brighton þar á undan – litlum liðum sem Coppell náði nánast að hífa upp til skýjanna.

Hjá Reading eru á mála tveir íslenskir leikmenn, sem báðir hafa blómstrað undir stjórn Coppells. Og stjórinn er mjög sáttur við þeirra framgöngu í ár.

„Þeir hafa báðir reynst félaginu mikill happafengur. Ívar er leikmaður sem fer ekki mikið fyrir, hann er með mjög einfaldan leikstíl sem byggir á því að gera nánast engin mistök og sinna sínu hluverki nánast óaðfinnanlega. Hann býr ekki yfir neinum stórkostlegum kosti sem fótboltamaður en hefur heldur enga stóra veikleika. Hann hefur verið gríðarlega traustur í ár," segir Coppell um Ívar.

Brynjar er orðinn stöðugri

Coppell segir að Brynjar Björn hafi fyrst fangað augu sín þegar hann lék með Stoke um rúmlega þriggja ára skeið frá aldamótunum. „Ég hef alltaf hrifist af hans leikstíl sem miðjumanni og þegar við heyrðum af því síðasta vor að Watford væri reiðubúið að sleppa honum fyrir lítinn pening, þá ákváðum við að stökkva á hann. Þetta var kannski svolítil áhætta en hún hefur svo sannarlega borgað sig," segir Coppell og lofar frammistöðu hans í haust í hástert.

"Ég sá mikla möguleika í Hermanni en vildi sjá hann betur í leik. Í þessum leik staðfesti hann það sem ég hélt. Hann var mjög hrár og ómótaður leikmaður en möguleikarnir voru svo sannarlega til staðar."

„Hann er meiddur í augnablikinu, rétt eins og hann var þegar hann kom fyrst til okkar og missti fyrir vikið af undirbúningstímabilinu. Vegna þess átti hann ekki greiða leið í liðið í byrjun," segir Coppell, en ekki leið á löngu þar til Steve Sidwell, sem af mörgum er talinn besti leikmaður 1. deildarinnar og hefur meðal annars verið undir smásjá Arsenal, meiddist og þurfti að hvíla í nokkrar vikur. Brynjar fékk tækifærið og nýtti sér það til hins ýtrasta.

„Brynjar hefur staðið sig frábærlega og fyrir vikið söknuðum við ekkert Sidwells. Ég get ekki sagt að hann hafi komið okkur á óvart, við vissum að hann gæti spilað svona vel. En það að hann skuli spila svona vel í hverri viku hefur komið mér á óvart. Hann er orðinn mjög stöðugur leikmaður og það er mikilvægt. En nú er hann aftur meiddur eftir að hafa slasað sig á þýðingarlítilli æfingu. Það er mikil synd fyrir hann því hann var búinn að spila svo vel. Og jafnframt mikill missir fyrir liðið," segir Coppell.

Ívar getur spilað 3-5-2

Margir fótboltamenn hafa gengið í endurnýjun lífdaga með félagsliði sínu við það eitt að leggja landsliðsskóna á hilluna, rétt eins og Ívar gerði á sínum tíma. Coppell kveðst eiga erfitt með að dæma um hvort frammistaða Ívars síðusta árið sé eitthvað tengd þeirri ákvörðun hans að hætta með landsliðinu en hann telur að frammistaða Ívars muni haldast óbreytt nú þegar hann hefur ákveðið að gefa kost á sér á ný. „Ívar er fagmaður fram í fingurgóma, á besta aldri og ræður vel við það álag sem felst í landsleikjaferðalögum."

Ívar fékk ekki góða dóma í fjölmiðlum fyrir frammistöðu sína með íslenska liðinu í þeim leikjum sem hann lék áður en hann var settur á bekkinn fyrir vináttuleikinn gegn Ítalíu þann 18. ágúst í fyrra. Íslenska vörnin hafði beðið afhroð í tveimur leikjum á Manchester-mótinu þar á undan og fengið á sig níu mörk. Þetta var á þeim tíma sem Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson voru hliðhollir 3-5-2 leikkerfinu sem síðar átti eftir að víkja fyrir hefðbundnum 4-4-2 og höfðu margir á orði að það hentaði einfaldlega ekki stíl Ívars að spila sem miðvörður í þriggja manna vörn. Coppell segir að svo sé ekki.

„Hann spilaði hjá mér í vörninni hjá Brighton og þá spilaði ég 3-5-2 kerfi. Hann stóð sig mjög vel og var sjálfum sér líkur. En auðvitað eru gæðin í alþjóðlegum fótbolta hærri og ég tel að það henti honum betur að spila í 4-4-2 kerfi. En hann getur vel spilað 3-5-2, það veit ég," segir Coppell. „Annars er Ívar leikmaður sem vill bara spila og myndi gera það hvar sem er. Ég væri í engum vandræðum með að setja hann á miðjuna og efast ekki um að hann myndi standa sig vel þar. Hann er mikill íþróttamaður og ef hann kemst ekki í íslenska landsliðið þá hljóta að vera virkilega góðir varnarmann til staðar hjá liðinu."

Eru Ívar og Brynjar nógu góðir til að spjara sig í ensku úrvalsdeildinni?

„Ef að þeir eiga þátt í því ævintýri að koma Reading upp í ensku úrvalsdeildina, þá eiga þeir skilið að fá sitt tækifæri þar. Annars er ég lítið fyrir að spá um framtíðina, við skulum byrja á því að klára tímabilið og sjá í hvaða sæti við lendum."

Vissi alltaf hvað bjó í Hermanni

Coppell hefur einu sinni komið til Íslands. Það var þann 2. júlí árið 1997 og var tilgangurinn að fylgjast með tæplega 23 ára gömlum Eyjapeyja, Hermanni Hreiðarssyni, í leik með ÍBV gegn Keflavík á útivelli. Hermann hafði farið til reynslu hjá Palace nokkru áður og hafði Dave Bassett, þáverandi stjóra liðsins, ekki líkað nægilega vel við það sem hann sá í Hermanni. Hann hrökklaðist hins vegar skömmu síðar úr starfi og við tók Coppell, sem mundi eftir Hermanni og ákvað að kíkja betur á hann.

„Ég sá mikla möguleika í honum en vildi sjá hann betur í leik. Í þessum leik staðfesti hann það sem ég hélt. Hann var mjög hrár og ómótaður leikmaður en möguleikarnir voru svo sannarlega til staðar. Hann hefur gert mikið úr hæfileikum sínum og ferill hans síðan þá hefur verið magnaður. Og svo reyndist hann auðvitað fjársjóður fyrir okkur," segir Coppell og hlær, en Hermann var fenginn til Palace fyrir slikk en var síðan seldur til Brentford fyrir næstum 100 milljónir króna.

„Ég man eftir fyrstu æfingunum hans með okkur. Hann var, og er enn, gríðarlega sterkur og það fara fáir fram hjá honum. Hann er líka fljótur og hugarfarið algjörlega fyrsta flokks en það var alltaf vitað að það þyrfti að vinna í honum. Það hefur svo sannarlega tekist og í dag er hann að spila fyrir mjög gott úrvalsdeildarlið þar sem hann er líklega einn af fyrstu mönnum inn í liðið."

Coppell segist alltaf hafa litið á Hermann sem miðvörð – eins og hann er að spila um þessar mundir, en ekki vinstri bakvörð – eins og hann hefur spilað lengst af sínum ferli.

„Ég var furðu lostinn að sjá hversu góður hann var fyrst þegar hann spilaði þá stöðu. Hann er frábær bakvörður og það er mjög óvanalegt að sjá leikmann af hans stærðargráðu standa sig svona vel. Ég ber mikla virðingu fyrir Hermanni og því sem hann hefur afrekað og myndi ekki slá hendinni á móti því að fá hann til Reading einhvern daginn," segir Coppell og útilokar ekki að hann muni fá til sín fleiri íslenska knattspyrnumenn á næstu árum.

„Við erum alltaf með augun opin og með útsendara úti um alla Evrópu, þar á meðal Íslandi. Ef einhver þeirra kemur auga á íslenskan leikmann sem gæti hentað okkur mun reynsla mín af íslenskum leikmönnum örugglega ekki skemma fyrir. Sú reynsla er afar góð."

vignir@frettabladid.is



STJÓRINN STEVE COPPELL Hefur náð afar góðum árangri með sín lið á stjóraferli sem spannar rúm 20 ár. Á tímabilinu í ár hefur hann leitt Reading upp í 2. sæti ensku 1. deildarinnar og stefnir liðið hraðbyri á sæti í úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Poweradebikar karla:

NJARÐVÍK-KR 90-78

Stig Njarðvíkur: Jeb Ivey 20, Friðrik Stefánsson 19, Brenton Birmingham 19, Halldór Karlsson 13, Guðmundur Jónsson 9, Egill Jónasson 9, Jóhann Ólafsson 1.

Stig KR: Omari Westley 28, Skarphéðinn Ingason 16, Brynjar Björnsson 10, Fannar Ólafsson 8, Steinar Kaldal 7, Níels Dungal 6, Baldur Ólafsson 2, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 1.

Poweradebikar kvenna:

KEFLAVÍK-ÍS 78-50

Stig Keflavíkur: Reshea Bristol 25, Anna María Sveinsdóttir 14, Birna Valgarðsdóttir 13, María Erlingsdóttir 8, Rannveig Randversdóttir 7, Bryndís Guðmundsdóttir 5, Margrét Sturludóttir 2, Hrönn Þorgrímsdóttir 2, Svava Stefánsdóttir 2.

Stig ÍS: Þórunn Bjarnadóttir 12, Helga Jónasdóttir 11, Stella Kristjánsdóttir 11, Hanna Kjartansdóttir 6, Signý Hermannsdóttir 5, Hafdís Helgadóttir 3, Berglind Ingvarsdóttir 2.

HAUKAR-GRINDAVÍK 69-63

Stig Hauka: Kesha Tardy 18, Helena Sverrisdóttir 15, Pálína Gunnlaugsdóttir 10, Hanna Hálfdánardóttir 6, Ösp Jóhannsdóttir 6, Jelena Jovanovic 6, Ingibjörg Skúladóttir 4, Kristrún Sigurjónsdóttir 2, Sigrún Ámundadóttir 2.

Stig Grindavíkur:

DHL-deild karla:

STJARNAN-ÍBV 39-36 (19-19)

Mörk Stjörnunnar: Patrekur Jóhannesson 13, David Kekelia 6, Björn Óli Guðmundsson 6, Tite Kalandadze 5, Þórólfur Nielsen 3, Guðmundur Guðmundsson 3, Björn Friðriksson 2, Arnar Theodórsson 1.

Varin skot: Jacek Kowal 20, Styrmir Sigurðsson 3.

Mörk ÍBV: Goran Kuzmanowski 9, Svavar Vignisson 7, Jan Vtipil 4, Sigurður Bragason 4, Grétar Þór Eyþórsson 2, Erlingur Richardson 1.

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 19.

SELFOSS-VALUR 27-38 (12-18)

Mörk Selfoss: Bergsveinn Magnússon 8, Einar Örn Guðmundsson 7, Hörður Bjarnason 4, Gylfi Már Ágústsson 3, Davíð Ágústsson 2, Einar Jónsson 2, Helgi Héðinsson 1.

Varin skot: Þórður Þórðarson 7, Birkir Fannar Bragason 4.

Mörk Vals: Baldvin Þorsteinsson 10, Mohamadi Loutoufi 6, Atli Rúnar Steinþórsson 5, Fannar Þór Friðgeirsson 5, Elvar Friðriksson 4, Kristján Karlsson 3, Klaus Olsen 1, Davíð Höskuldsson 1, Þórir Júlíusson 1, Ægir Hrafn Jónsson 1, Kristinn Guðmundsson 1.

Varin skot: Sigurjón Kjærnested 15/1, Pálmar Pétursson 1.

VÍKINGUR/FJÖLNIR-HAUKAR 28-30

Mörk Víkings: Sverrir Hermannsson 6, Brjánn Guðni Bjarnason 6/1, Björn Guðmundsson 5, Pálmar Sigurjónsson 5, Sveinn Þorgeirsson 4/1, Brynjar Loftsson 1, Brynjar Þór Hreggviðsson 1.

Mörk Hauka: Andri Stefan Guðrúnarson 11, Árni Þór Sigtryggsson 9, Samúel Ívar Árnason 7/3, Freyr Brynjarsson 1, Guðmundur Þórir Pedersen 1, Ólafur Björnsson 1.

STAÐA EFSTU LIÐA:

VALUR	**10**	**8**	**0**	**2**	**310-274**	**16**
FRAM	10	6	2	2	263-252	14
HAUKAR	**8**	**6**	**1**	**1**	**241-215**	**13**
FYLKIR	11	6	1	4	301-274	13
KA	**11**	**5**	**3**	**3**	**299-293**	**13**
ÍR	9	5	1	3	313-285	11

Enska úrvalsdeildin:

WIGAN-ARSENAL 2-3

0-1 Robin Van Persie (11.), 0-2 Thierry Henry (21.), 1-2 Henri Camara (28.), 1-3 Thierry Henry (41.), 2-3 Matthew Bullard (45.).

CHARLTON-MAN. UTD 1-3

0-1 Alan Smith (37.), 1-1 Darren Ambrose (65.), 1-2 Ruud Van Nistelrooy (70.), 1-3 Ruud Van Nistelrooy (85.).

CHELSEA-NEWCASTLE 3-0

1-0 Joe Cole (47.), 2-0 Hernan Crespo (51.), 3-0 Damien Duff (90.).

LIVERPOOL-PORTSMOUTH 3-0

1-0 Boudewijn Zenden (23.), 2-0 Djibril Cisse (39.), 3-0 Fernando Morientes (80.).

MAN. CITY-BLACKBURN 0-0

SUNDERLAND-ASTON VILLA 1-3

0-1 Kevin Phillips (55.), 0-2 Gareth Barry (82.), 0-3 Milan Baros (83.), 1-3 Dean Whitehead, víti (90.).

WBA-EVERTON 4-0

1-0 Nathan Ellington, víti (45.), 2-0 Neil Clement (51.), 3-0 Nathan Ellington (69.), 4-0 Robert Earnshaw (90.).

STAÐA EFSTU LIÐA:

CHELSEA	**13**	**11**	**1**	**1**	**31-7**	**34**
WIGAN	**12**	**8**	**1**	**3**	**15-8**	**25**
MAN. UTD	**12**	**7**	**3**	**2**	**19-12**	**24**
ARSENAL	12	7	2	3	19-10	23
BOLTON	**12**	**7**	**2**	**3**	**14-11**	**23**
MAN. CITY	**13**	**6**	**3**	**4**	**15-11**	**21**
SPURS	12	5	5	2	13-8	20
LIVERPOOL	11	5	4	2	12-8	19
CHARLTON	**12**	**6**	**1**	**5**	**17-17**	**19**
WEST HAM	**11**	**5**	**3**	**3**	**15-10**	**18**
BLACKB.	**13**	**5**	**3**	**5**	**15-15**	**18**

Enska 1. deildin:

BURNLEY-LEICESTER 1-0

Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Leicester.

CREWE-STOKE 1-2

Hannes Sigurðsson lék síðustu 11 mínútur leiksins fyrir Stoke.

READING-HULL 3-1

Ívar Ingimarsson lék allan leikinn fyrir Reading en Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í leikmannahóp félagsins.

Það er líf eftir Roy Keane

Man. Utd vann öruggan sigur á Charlton, 3-1, í gær og átök innan félagsins síðustu daga virtust lítil áhrif hafa haft á leikmenn liðsins. Chelsea hélt sigurgöngu sinni áfram og enn mistókst Peter Crouch að skora.

FÓTBOLTI Man. Utd átti leikinn gegn Charlton og það var arftaki Keanes hjá United, Alan Smith, sem skoraði fyrsta markið með góðu skoti en hann lék á miðjunni ásamt Darren Fletcher. Wayne Rooney og Ruud Van Nistelrooy voru í fantaformi og það var Hollendingurinn sem bætti við tveimur mörkum en fyrra markið var einstaklega glæsilegt og vel lagt upp af Rooney.



SKORAR HANN FYRIR ÁRAMÓT? Sjö milljón punda maðurinn Peter Crouch hefur enn ekki skorað í vetur. Hann reyndi sig á vítapunktinum í gær en allt kom fyrir ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Þetta er búin að vera erfið vika," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, eftir leikinn. „Það koma erfiðir tímar en við verðum að halda áfram. Nistelrooy kláraði færin sín frábærlega í dag og það munaði um minna."

Chelsea er enn með níu stiga forystu eftir öruggan sigur á Newcastle, 3-0. Liðið var búið að tapa tveimur leikjum í röð og Jose Mourinho, stjóri Chelsea, ánægður að vera kominn aftur á sigurbraut.

„Það er alltaf gaman að vinna. Lífið er erfitt þegar maður er sífellt að tapa, sérstaklega þegar maður hefur vanist því að sigra. Ég sagði fyrir tímabilið að við myndum verða meistarar í síðasta leik tímabilsins og ég er enn á þeirri skoðun."

Peter Crouch var búinn að lofa því að stökkva í Kop-stúkuna ef hann skoraði gegn Portsmouth. Hann fékk svo sannarlega tækifæri til þess því Liverpool leyfði honum að taka víti í leiknum. Það var arfaslakt og hann hefur því enn ekki skorað í vetur og virðist hreinlega ekki geta keypt sér mark. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, neitaði að gagnrýna Crouch eftir leikinn en hrósaði sínum mönnum í staðinn endu unnu þeir örugglega, 3-0.

SAMEINAÐIR STÖNDUM VÉR Ruud Van Nistelrooy er fyrirliði Man. Utd þessa dagana og hann fagnaði með stuðningsmönnum liðsins á The Valley í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Þetta var frábært, þrjú stig, þrjú mörk og hreint mark. Verður ekki mikið betra. Ég hef engar áhyggjur af Crouch, hann vildi taka vítið og það var í lagi að hann klikkaði. Ef hann treystir sér til að taka annað þá má hann það," sagði Benitez. **henry@frettabladid.is**

ENGIN VETTLINGATÖK Eyjamenn tóku fast á fyrrverandi félaga sínum, Tite Kalandadze, í Garðabæ í gær. Tite skoraði fimm mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stjarnan sigraði ÍBV í DHL-deild karla

Patrekur var í landsliðsklassa gegn ÍBV

HANDBOLTI „Þetta var hrikaleg barátta, við fengum kannski fullmikið af mörkum á okkur en þeir voru að spila mjög vel líka. Það er búinn að vera ákveðinn stígandi í þessu hjá okkur eftir byrjunarörðugleika," sagði Patrekur Jóhannesson eftir að Stjarnan vann þriggja marka sigur á ÍBV á heimavelli sínum í gær. Patrekur var í landsliðsklassa í leiknum, skoraði alls þrettán mörk og þar af níu í fyrri hálfleik. „Það var erfitt að glíma við Svavar Vignisson á línunni en skemmtilegt, þetta er fullorðinn og alvöru leikmaður enda lögga!"

Mikið jafnræði var með liðunum í byrjun og voru Eyjamenn óheppnir að fara ekki með forystu inn í leikhlé en Patrekur jafnaði úr aukaskoti á lokasekúndu fyrri hálfleiks og staðan 21-21. Þeir skoruðu síðan þrjú fyrstu mörkin í seinni hálfleik. Eftir það tók Stjarnan síðan völdin, náði mest fimm marka forskoti og vann síðan 39-36.

„Tite Kalandadze og Patrekur voru okkur mjög erfiðir í dag og við réðum ekkert við þá. Það er alveg ljóst að við þurfum að fara að vinna leiki, við skuldum alveg fullt af stigum," sagði Kristinn Guðmundsson, þjálfari ÍBV.

Mikil harka var í leiknum og voru leikmenn mjög duglegir í að svekkja sig á dómurunum Arnari Sigurjónssyni og Svavari Péturssyni. „Þetta eru ágætis dómarar en hafa dæmt betur en þeir gerðu í dag, þeir voru ekki með nægilega skýra línu og hefðu mátt taka betur á hlutunum," sagði Patrekur Jóhannesson. **elvar@frettabladid.is**

EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI

Lífsbjargarreglur aðdáenda Inter

Það eru ekki ný tíðindi að Internazionale frá Mílanó standi ekki undir væntingum. Árum saman hefur þetta stórlið lofað góðu, fjöldi spilara verið keyptur hvert sumar og væntingar að hausti verið miklar. Niðurstaðan að vori jafnan verið vonbrigði. Núna eru liðin sextán ár frá síðasta meistaratitli og ólíklegt að sá titill komi í hús þetta árið. Þrátt fyrir að síendurtekin skipbrot myndu draga mátt úr flestum sitja aðdáendur Inter fastir við sinn keip og þetta haustið voru væntingarnar óhemju miklar, jafnvel á mælikvarða hinna kröfuhörðu aðdáenda.

Yfir 400 leikmenn á launaskrá

Núna er liðið í fjórða sæti og hefur staðið sig ágætlega heima og í Evrópukeppni án þess þó að glæsibragur hafi verið á. Í kvöld mætir liðið öðru liði sem má muna fífil sinn fegri, liði Parma sem bjargað var á síðustu stundu frá því að fylgja fyrrverandi eiganda sínum, mjólkurrisanum Parmalat, í gröfina. Eftir hrinu jafntefla er þjálfarinn, Roberto Mancini, orðinn valtur í sessi og blöðin spá í hverri viku að næsti tapleikur velti honum úr stólnum. Enda er eigandinn, Massimo Moratti, ekki þekktur fyrir þolinmæði, meðallíftími þjálfara frá því að hann tók við stjórnartaumunum 1995 hefur verið rúmt ár. Moratti hefur ausið fé í félagið, ekkert lið hefur keypt og selt leikmenn fyrir jafnháar upphæðir og Inter á valdatíma hans og hvorki fleiri né færri en 412 leikmenn hafa verið á launaskrá aðalliðsins síðustu ellefu ár.

Þolinmæði og trygglyndi verða seint taldar höfuðdygðir Morattis. Þær dygðir prýða hins vegar aðdáendur félagsins sem hafa mátt þola háð og spott nágranna sinna í AC Milan og flestra annarra liða árum saman. Aðdáendur Inter þóttu á árum áður allgóðir með sig. Inter var lið yfirstéttarinnar í Mílanó á meðan AC Milan var frekar lið verkamannsins. Þetta hefur snúist við á síðari árum, Milan er orðið lið ríkisbubbanna hans Berlusconis á meðan það þykir orðið svalt að styðja hrakfallabálkana í Inter.

Sjálfshjálparbókin góða

Biblía aðdáenda Inter þessa dagana er bókin „Leiðarvísir til lífsbjargar Inter-mannsins" eftir tvo spéfugla og ævilanga stuðningsmenn liðsins. Í bókinni er gert óspart grín að hörmungarsögu félagsins síðasta áratuginn en aðdáendum jafnframt blásinn baráttuandi í brjóst og þeir hvattir til að standa keikir og teinréttir hvað sem á dynur.

Í bókinni veita þekktir aðdáendur og leikmenn liðsins heilræði um hvernig verjast eigi sífelldum háðsglósum. Fyrirliðinn Javier Zanetti er ástsælasti leikmaður Inter, sá leikmaður sem leikið hefur lengst með félaginu. Hann biður menn að gleyma aldrei að þótt það nálgist stundum brjálæði að halda tryggð við liðið þá sé það nú bara einu sinni þannig að það sé vonlaust að skipta um lið og ná bláu blóði Inter úr æðakerfinu. Bókin er afar skemmtileg aflestrar fyrir alla þá sem styðja vonlaus félög, hvar sem þau er í veröldinni.

Í lok bókarinnar eru teknar saman sjö lífsbjargarreglur og hljóða þær svo:

1. Haltu alltaf virðingu þinni. Frumreglan er stolt sama hve harkalega er sótt að þér.
2. Þögn er sterkasta vopnið. Lærðu að þegja þegar það á við, sem er oftast.
3. Kvabb er óhjákvæmilegt, sættu þig við að þú átt eftir að vera í fýlu í mörg ár.
4. Liðið er á mörkum raunveruleikans, líttu á það sem heimspekilegt vandamál.
5. Þótt við töpum erum við heiðarlegir. Það er annað en Juventus.
6. Inter er alþjóðlegt, ekkert lið getur státað sig af jafn mörgum erlendum leikmönnum auk þess sem heitið vísar til veraldarinnar allrar. Breiddu út boðskapinn.
7. Þetta er nú bara leikur...

EGILL GILLZENEGGER Sló i gegn í handboltanum um daginn og nú er komið að kraftlyftingunum. Ætli hann skori á Fjölni Þorgeirs í snóker næst?

Egill Gillzenegger:

Fetar í fótspor Benna Tarfs

KRAFTLYFTINGAR Hinn landsþekkti fjöllistamaður Egill Gillzenegger Einarsson er maður margra hæfileika sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna.

Nýjasta nýtt hjá kappanum er að taka þátt í Íslandsmótinu í réttstöðulyftu sem fram fer um næstu helgi. Benedikt Magnússon, sem hefur lyft mestu þyngd allra í heiminum, skoraði á Egil að taka þátt á mótinu en Egill er yfirlýsingaglaður maður með eindæmum sem þarf nú að að láta verkin tala.

Egill mun keppa í 90 kg flokki og mun væntanlega fara með veggjum nái hann að minnsta kosti ekki í verðlaun á mótinu. Frá þessu er greint á hinni stórskemmtilegu kraftlyftingasíðu stevegym.net.

Stórsigur hjá Barcelona

Ronaldinho skoraði tvívegis fyrir Barcelona sem vann stórsigur á erkióvinum sínum í Real Madrid í gær, 3-0. Leikurinn fór fram á heimavelli Madrid.

FÓTBOLTI Barcelona skaust á topp spænsku deildarinnar í gær með því að sigra Real Madrid í einum af stórleikjum ársins. Klassamunur var á liðunum í leiknum og stuðningsmenn Madrid stóðu upp og klöppuðu fyrir Ronaldinho, besta knattspyrnumanni heims, þegar hann skoraði þriðja mark Barcelona og gulltryggði sigurinn. Eftir leikinn eru fjögur stig sem skilja liðin tvö að.

Fyrsta markið kom eftir stundarfjórðung þegar Samuel Eto'o sólaði sig í gegnum vörn Real. Markið var verðskuldað þar sem Barcelona byrjaði leikinn af mun meiri krafti og ákveðni. Barcelona var með mikla yfirburði í fyrri hálfleik og getur leikmenn Real Madrid talist heppnir að vera aðeins einu marki undir þegar í leikhléi.

Ronaldinho sýndi enn og aftur af hverju hann er besti knattspyrnumaður heims og skoraði tvívegis í síðari hálfleik. Fyrra markið kom á 59. mínútu þegar hann hljóp auðveldlega framhjá varnarmönnum heimaliðsins og skoraði með góðu skoti á nær-

KÓNGARNIR Í BARCELONA Þeir Ronaldinho og Samuel Eto´o sáu um Real Madrid í gær. Áhorfendur í Madrid stóðu upp og klöppuðu fyrir Ronaldinho þegar hann skoraði seinna mark sitt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

stöng. Þegar tólf mínútur voru til leiksloka kom síðara mark Ronaldinhos og lokamark leiksins þar sem hann sýndi þann gríðarlega hraða sem hann býr yfir.

Þess má til gamans geta að tvívegis varð truflun á leiknum vegna áhorfenda sem hlupu inn á völlinn. Í upphafi leiks var það hinn kunni Jimmy Jump sem lét sjá sig og í síðara skiptið var það óþekktur allsnakinn karlmaður sem hljóp inn á völlinn þegar síðari hálfleikur var nýhafinn.

HARTSON GÓÐUR John Hartson braut ísinn fyrir Celtic í gær og hann fagnar hér marki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Framtíð Alex McLeish, stjóra Rangers í lausu lofti:

Ræðst á leiknum gegn Porto

FÓTBOLTI Eftir að lið Glasgow Rangers tapaði 3-0 fyrir erkióvinum sínum og nágrönnum í Celtic í skoska boltanum í gær er sæti knattspyrnustjórans Alex McLeish orðið ansi heitt. Rangers er fimmtán stigum á eftir Celtic í deildinni eftir úrslitin í gær en það voru John Hartson, Bobo Balde og Aiden McGeady sem skoruðu mörkin þrjú. Talið er að framtíð McLeish ráðist á leiknum gegn Porto í meistaradeildinni á miðvikudag.

„Ég er enn stjóri Rangers og hef enn tíma til að snúa gengi liðsins við. Við getum ekki bara gefist upp, en ljóst er að leikmenn þurfa að leggja meira á sig," sagði McLeish. Rangers er í öðru sæti í H-riðli meistaradeildarinnar á markatölu. Maður leiksins í gær var McGeady hjá Celtic sem skoraði þriðja markið en hann er einungis nítján ára gamall.

„Ég gæti ekki verið ánægðari, þetta var frábær og sannfærandi sigur. Aiden stóð sig frábærlega og sýndi að hann er tilbúinn í þetta og þá var Stilian Petrov einnig frábær," sagði Gordon Strachan, stjóri Celtic. **- egm**

Íslandsmótið í sundi:

Anja með Íslandsmet

SUND Anja Ríkey Jakobsdóttir úr Ægi bætti í gær Íslandsmetið í 100 metra baksundi kvenna um þrettán hundraðshluta á Íslandsmeistaramótinu í sundi í 25 metra laug sem stendur yfir í Laugardalnum. Anja kom í mark á einni mínútu og 2.81 sekúndu. Frábær árangur en Anja átti sjálf fyrra metið. Þá var meyjametið í 200 metra skriðsundi einnig slegið í gær, en þar var á ferð Soffía Klemensdóttir úr ÍRB. 200 keppendur taka þátt í mótinu sem lýkur í dag.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

7 8 9 **10** 11 12 13

Fimmtudagur

LEIKIR

19.15 **ÍR** og **Fram** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **HK** og **FH** mætast í DHL-deild karla.

19.15 **Breiðablik** og **KR** mætast í Iceland Express-deild kvenna.

LEIKIR

13.00 **World Golf championship** á Sýn.

16.00 **A1** á Sýn.

16.05 **Meistaramót Íslands í sundi** á Rúv.

19.20 **Ítalski boltinn** á Sýn. Leikur Inter og Parma í beinni.

21.20 **NFL-tilþrif** á Sýn.

21.30 **Helgarsportið** á Rúv.

21.50 **NFL** á Sýn. Leikur Cincinnatti Bengals og Indianapolis Colts.

EIÐUR SMÁRI Var ánægður með að spila loksins heilan leik.

Eiður Smári Guðjohnsen:

Gott að leika í 90 mínútur

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea gegn Newcastle í gær og það sem meira er þá lék hann allan leikinn en það hefur ekki gerst í háa herrans tíð.

„Ég fann að ég þurfti virkilega á því að halda að leika í 90 mínútur til að komast í betra leikform. Það var gott en engu að síður var ég orðinn þreyttur undir það síðasta," sagði Eiður Smári við Fréttablaðið eftir leikinn í gær. Landsliðsfyrirliðinn íslenski átti ágætan leik og lagði meðal annars upp fyrsta markið í leiknum.

„Þetta gerðist mjög hratt. Ég sá að Cole var kominn á ferðina og náði að leggja boltann til hans á réttum tíma og hann kláraði þetta fullkomlega," sagði Eiður en næst á dagskrá Chelsea er leikur gegn Anderlecht í meistaradeildinni.

„Ég vonast til þess að verða í byrjunarliðinu en það verður að koma í ljós. Það verður gaman að koma á gamlar slóðir og í raun hálfgerðar heimaslóðir," sagði Eiður en hann ólst upp að hluta í Belgíu er faðir hans, Arnór, lék með Anderlecht.

- hbg

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON Átti enn einn stórleikinn fyrir Gummersbach í gær.

Þýski handboltinn:

Gummersbach er óstöðvandi

HANDBOLTI Þýska úrvalsdeildarliðið Gummersbach er hreinlega óstöðvandi þessa dagana en það vann enn einn leikinn í gær þegar það tók á móti Pfullingen. Gummersbach leiddi með þremmörkum í leikhléi, 15-12, og vann að lokum með fimm, 30-25. Guðjón Valur Sigurðsson var óvenju hógvær og lét sér nægja að skora 7 mörk, þar af eitt úr víti, en Róbert Gunnarsson skoraði 6. Kóreubúinn Yoon var markahæstur með 8 mörk.

Göppingen, lið Jaliesky Garcia og Andriusar Stelmokasar, lagði Concordia, 37-26, og skoraði Stelmokas 6 mörk en Garcia lék ekki vegna meiðsla.

Á Spáni var síðan Íslendingaslagur á milli Ciudad Real og Torrevieja. Leiknum lyktaði með öruggum sigri Ciudad, 35-28. Ólafur Stefánsson skoraði fimm mörk fyrir Ciudad en Einar Örn Jónsson skoraði sex fyrir Torrevieja.

- hbg

Góður seinni hálfleikur færði Njarðvík titilinn

Njarðvíkingar urðu í gær Powerade-bikarmeistarar í karla körfuknattleik með því að leggja KR að velli í úrslitaleik í 90-87. Á föstudag unnu þeir stórsigur á Keflavík í undanúrslitum.

KÖRFUBOLTI „Við vorum verulega ósáttir við frammistöðu okkar í fyrri hálfleik. Við sýndum alveg ömurlegan varnarleik, þeir voru að fá frí skot og við vorum andlausir. Margir leikir hjá okkur hafa unnist á frábærum varnarleik en hann var ekki til staðar í fyrri hálfleiknum. Svo í þeim síðari náðum við að breyta því og magnaður varnarleikur seinni hlutann var lykillinn að sigri okkar," sagði Einar Árni Jóhannson, þjálfari Njarðvíkinga, eftir sigur liðsins á KR í Powerade-bikarnum í gær.

KR-ingar byrjuðu betur í leiknum og höfðu átta stiga forskot eftir fyrsta leikhluta og héldu þeirri forystu í hálfleik en þá var staðan 44-36. Njarðvíkingar virtust pirraðir í fyrri hálfleiknum en komu ákveðnir til leiks í þeim seinni, þeir unnu þriðja leikhlutann með fimmtán stiga mun og sigur þeirra var aldrei í hættu í þeim síðasta. Á endanum vann Njarðvík tólf stiga sigur, 90-78. KR-ingar misstu tökin en stigahæstur í liði þeirra var Omari Westley með 28 stig en hann leit vel út í leiknum og tók auk þess nítján fráköst. Hann á eftir að finna sig enn betur í liðinu og gæti reynst liðinu ansi dýrmætur.

„Þetta er mjög ánægjulegt. Við byrjuðum ekki nægilega vel en svo fór þetta að ganga eftir hálfleikinn. Við vissum að við þyrftum að taka okkur á og gerðum það," sagði Friðrik Stefánsson, leikmaður Njarðvíkinga, en hann skoraði nítján stig og tók sextán fráköst í leiknum. Jeb Ivey var stigahæstur í liðinu með tuttugu stig en Brenton Birmingham skoraði nítján líkt og Friðrik.

„Við töpuðum úrslitaleiknum í fyrra og vorum ákveðnir í að láta það ekki koma fyrir aftur. Eftir að við unnum Íslandsmeistarana í undanúrslitum kom ekkert annað til greina en að landa þessum fyrsta stóra bikar á leiktíðinni," sagði Einar Árni en Njarðvíkingar ætluðu að leyfa sér að fagna ærlega í gærkvöldi og einbeita sér síðan að næsta leik. „Það er strangt tímabil framundan og við eigum hörkuleik á fimmtudaginn gegn Snæfelli sem hefur farið illa með okkur síðustu átta skipti. Við gefum okkur kvöldið í að fagna þessum titli og svo förum við að einbeita okkur að þeim leik."

elvar@frettabladid.is

SIGURKOSSINN Halldór Karlsson, fyrirliði Njarðvíkur, kyssir hér bikarinn góða eftir sigurinn gegn KR í Höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BRISTOL STERK Reshea Bristol átti stórfínan leik fyrir Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Powerade-bikar kvenna:

Haukar og Keflavík í úrslit

KÖRFUBOLTI Í gær fóru fram undanúrslitaleikirnir í Powerade-bikar kvenna í Laugardalshöllinni en þá kom það í ljós að það verða Haukar og Keflavík sem munu mætast í sjálfum úrslitaleiknum sem fram fer þann 10. desember á sama stað. Reshea Bristol var allt í öllu hjá Keflavík sem vann ÍS 78-50 í undanúrslitum í gær en hún skoraði 25 stig og tók auk þess níu fráköst. Keflavík vann fyrsta leikhlutann 21-4 og lagði þar með grunninn að 28 stiga sigri sínum sem aldrei var í hættu.

Í hinum undanúrslitaleiknum mættust Haukar og Grindavík í ansi kaflaskiptum leik. Grindavík hafði sautján stiga forskot eftir fyrsta leikhlutann en skoraði aðeins fimm stig í öðrum gegn nítján stigum Hafnarfjarðarliðsins. Jafnræði var með liðunum í þriðja leikhlutanum en í þeim fjórða höfðu Haukar yfirhöndina og unnu á endanum 69-63.

- egm

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„There are times when victory is very hard to take."

Svar:
John Lawrence úr kvikmyndinni Merry Christmas Mr. Lawrence frá árinu 1983.

dagskrá

Í TÆKINU ULRICH THOMSEN LEIKUR Í P.O.V. – POINT OF VIEW Í SJÓNVARPINU KL. 21.55

Úr sendlastörfum yfir í James Bond

Ulrich Thomsen fæddist á Fjóni í Danmörku 6. desember árið 1963. Þegar Ulrich var ungur hélt hann til Beverly Hills og vann þar sem pítsusendill. Hann sneri þó fljótlega aftur til heimalandsins og fékk hlutverk í leikriti í Nyborg. Stuttu síðar komst hann inn í leiklistarskóla í Odense og lauk síðan námi frá The Danish National School of Theatre og Contemporary Dance árið 1993. Fyrsta kvikmyndahlutverk Ulrich var aukahlutverk í mynd Ole Bornedal, Nattevagten, árið 1994. Eftir það fékk hann hlutverk í fjölda mörgum kvikmyndum, meðal annars í myndinni De største Helte eftir Thomas Vinterberg (1996), Sekten eftir Susanne Bier (1997) og Blinkende Lygter eftir Anders Thomas Jensen (2000). Hann hlaut þó mesta athygli fyrir verðlaunamynd Thomasar Vinterbergs, Festen, árið 1998 þar sem hann lék soninn Christian. Fyrir hlutverkið hlaut hann ýmis verðlaun og tilnefningu sem besti evrópski leikarinn. Í framhaldinu varð hann eftirsóttur og heimsfrægur og fékk meðal annars hlutverk vonda gæjans í James Bond myndinni The World is not Enough árið 1999. Einnig lék hann í bresku myndinni Killing Me Softly á móti þeim Heather Graham og Joseph Fiennes og í myndinni Max á móti John Cusack.

Þrjár bestu myndir Ulrich: **Max** – 2002 **Blinkende lygter** – 2000 **Festen** – 1998

▶ **20.30** *Spenna*
ÖRNINN

▶ **21.30** *Nýtt*
THE CLOSER

▶ **21.30** *Lífsstíll*
FASHION TELEVISION



▶ **20.00** *Keppni*
POPPPUNKTUR

▶ **21.50** *AM .fótboltinn*
CINCINNATI – INDIANAPOLIS

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin **8.03** Engilbert (21:26) **8.15** Hopp og hí Sessamí (29:52) **8.41** Magga og furðudýrið **9.05** Disneystundin **9.06** Líló og Stitch (48:65) **9.28** Teiknimyndir (10:42) **9.36** Mikki mús **9.58** Matti morgunn (13:26) **10.20** Latibær **10.50** Spaugstofan **11.20** Hljómsveit kvöldsins **11.50** Kallakaffi (8:12)

12.20 Mannkyn í mótun (2:2) **13.05** Stórfiskar **13.35** Listin mótar heiminn (4:5) **14.35** Allt um pönkið **16.05** Meistaramót Íslands í sundi **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

18.30 **Sigurvegarinn** Leikin barnamynd frá Sviþjóð
18.50 **Lísa (6:13)** Sænskur teiknimyndafl.
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
20.00 **Kallakaffi (9:12)**
▶ **20.30** **Örninn (4:8)** (Ørnen II) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
21.30 **Helgarsportið** Þáttur um íþróttir helgarinnar heima og erlendis.
21.55 **Sjónarhorn** (P.O.V. – Point of View)Dönsk bíómynd frá 2001. Kamilla er að fara að gifta sig í Las Vegas en stingur af á síðustu stundu, fær far með ókunnugum manni á mótorhjóli og lendir í ýmsum ævintýrum.

23.50 Kastljós **0.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.20 The Cats Meow (Bönnuð börnum) **8.10** The Associate **10.00** Beautiful Girl **12.00** Billy Madison **14.00** The Associate **16.00** Beautiful Girl **18.00** Billy Madison **20.00** **The Cats Meow** (Morð um borð) **22.00** **Training Day** (Nýliðinn) Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Braveheart (Stranglega bönnuð börnum) **2.55** On the Edge (Bönnuð börnum) **4.20** Training Day (Stranglega bönnuð börnum)

STÖÐ 2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Kýrin Kolla, Litlir hnettir, Myrkfælnu draugarnir, Töfrastígvélin, Addi Paddi, Pingu, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, Scooby Doo, Ginger segir frá, Skrímslaspilið, Titeuf, Froskafjör, Nýja vonda nornin, Stróri draumurinn) **11.35** You Are What You Eat (5:17)

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **13.55** Neighbours **14.15** Neighbours **14.35** Neighbours **15.00** Neighbours **15.25** Neighbours **15.50** Það var lagið **16.50** Supernanny US (2:11) **17.45** Oprah (8:145)

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
20.05 **Sjálfstætt fólk**
20.40 **Life Begins (2:8)**
▶ **21.30** **The Closer (1:13)** (Makleg málalok)Glænýir og hörkuspennandi bandarískir lögguþættir sem frumsýndir voru í sumar vestanhafs og hafa fengið góðar viðtökur áhorfenda og gagnrýnenda. Brenda Leigh Johnson er ung og efnileg en sérvitur lögreglukona sem ráðin er til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles-borg. Bönnuð börnum.
22.20 **The 4400 (6:13)** (4400)Magnþrunginn myndaflokkur.
23.05 **Deadwood (9:12)** (Amalgamation and Capital)Verðlaunaþáttaröð sem hefur verið lýst sem Sopranos í villta vestrinu. Stranglega bannað börnum

23.55 Idol – Stjörnuleit 3 **0.50** Idol – Stjörnuleit 3 **1.15** Over There (3:13) **2.00** Crossing Jordan (13:21) **2.40** Braveheart (Stranglega bönnuð börnum) **5.35** Fréttir Stöðvar 2 **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS

15.35 Real World: San Diego (22:27) **16.00** Veggfóður **16.50** The Cut (12:13) **17.30** Friends 4 (21:24) **17.55** Idol extra 2005/2006

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Girls Next Door (4:15)** (
19.30 **Hogan knows best (7:7)** (Hulk's Hobbies) Hulk Hogan er ekki einungis frægasti glímukappi heims.
20.00 **Ástarfleyið (4:11)** Sirkus er farinn af stað með stærsta verkefnið sitt í haust, veruleikaþáttinnÁstarfleyið.
20.40 **Laguna Beach (7:11)**
21.05 **Fabulous Life of** (Fabulous Life of: Britney & Kevin)Í þessum frábæru þáttum er farið á bakvið tjöldin með þotuliðinu í Hollywood.
▶ **21.30** **Fashion Television (3:34)**
21.55 **Weeds (7:10)** (Higher Education)
22.30 **So You Think You Can Dance (7:12)** Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþáttþar sem þeir leita að besta dansara Bandaríkjanna.

23.40 Rescue Me (7:13) **0.25** Good Bye Lenin!

E! ENTERTAINMENT

12.00 It's Good To Be **12.30** The Soup UK **13.00** What Hollywood Taught Us About Sex **15.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** The E! True Hollywood Story **19.00** The Soup UK **19.30** It's Good To Be **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Fight For Fame **22.00** Rich Kids: Cattle Drive **23.00** Wild On Tara **23.30** Party @ the Palms **0.00** The Soup UK **0.30** Wild On Tara **1.00** 101 Craziest TV Moments

SKJÁREINN

9.45 Þak yfir höfuðið (e) **10.30** The King of Queens (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn

12.00 Cheers – öll vikan (e) **14.00** Design Rules (e) **14.30** Allt í drasli (e) **15.00** House (e) **16.00** Sirrý (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Judging Amy (e)

19.00 **Battlestar Galactica (e)**
▶ **20.00** **Popppunktur** Skallapopparnir Felix og Dr. Gunni snúa aftur í haust með tilheyrandi skarkala og látum. Þetta er fimmta þáttaröðin af Popppunkti sem er ekki undarlegt þar sem þátturinn hefur notið verðskuldaðra vinsælda allt frá því að hann hóf fyrst göngu sína. Í haust etja kappi þær hljómsveitir sem hrepptu efstu sætin í fyrri þáttaröðum og því má með sanni segja að sannkölluð stjörnumessa sé í uppsiglingu. Það er því öruggt að keppnin í ár verður harðari og skemmtilegri en nokkru sinni fyrr.
21.00 **Rock Star: INXS** Í þættinum Rockstar er leitað að nýjum söngvara fyrir áströlsku rokksveitina INXS.
21.30 **Boston Legal** Alan og Tara kíkja út á lífið og Alan lendir í slagsmálum og verður handtekinn í kjölfarið.
22.30 **Rock Star: INXS**

23.40 C.S.I. (e) **0.35** Sex and the City (e) **2.05** Cheers – 8. þáttaröð (e) **2.30** Þak yfir höfuðið (e) **2.40** Óstöðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

SÝN besta sætið

8.30 World Golf Championship 2005 **11.20** Spænski boltinn

13.00 World Golf Championship 2005 **16.00** A1 Grand Prix **18.10** UEFA Champions League

18.40 **Ítölsku mörkin** Öll mörkin, flottustu tilþrifin og umdeildustu atvikin í Ítalska boltanum frá síðustu umferð.
19.20 **Ítalski boltinn** (Ítalski boltinn 05/06)Bein útsending frá Ítalska boltanum.
21.20 **NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
▶ **21.50** **Ameríski fótboltinn** (Cincinnati – Indianapolis) Bein útsending frá ameríska fótboltanum.

ENSKI BOLTINN

10.50 Man. City – Blackburn frá 19.11 **12.50** Tottenham – West Ham (b) **15.15** Spurningaþátturinn Spark (e) **15.50** Middlesbrough – Fulham (b) **18.00** Sunderland – Aston Villa frá 19.11

20.00 **Helgaruppgjör**
21.00 **Spurningaþátturinn Spark (e)**
21.30 **Helgaruppgjör (e)**
22.30 **Dagskrárlok**

ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?

Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Sjálfstætt fólk

Stöð 2 kl. 20.05

Steinunn Sigurðardóttir býr í Frakklandi

Veisla fyrir efni og anda

Viðmælandi Jóns Ársæls að þessu sinni er íslenskur rithöfundur sem ekki aðeins hefur öðlast hylli hér á landi um langt árabil heldur einnig utan landsteinanna. Jón Ársæll og Steingrímur Jón sóttu Steinunni Sigurðardóttur heim, nánar til tekið suður á bóginn til Suður-Frakklands, þar sem hún býr með manni sínum Þorsteini Haukssyni tónskáldi í Montpellier. Jón segir að Steinunn sé ein skemmtilegasta kona sunnan Alpafjalla og heimsóknin hafi verið veisla bæði fyrir efnið og andann.

12.00 *Spjall*

SILFUR EGILS

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Margrætt e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

12.10 Silfur Egils **13.40** Sögur af Megasi e. **14.00** Sögur af fólki **15.03** Barnatíminn **16.00** Laugardagsmorgunn **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Sögur af Megasi e. **20.30** Silfur Egils e. **22.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

0.00 Messufall e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Goðsagnir um landvinninga Spánverja **11.00** Guðsþjónusta í Lindarsókn í Kópavogi

12.00 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Sálmurinn um blómið **14.10** Söngvamál **15.00** Nærmynd um nónbil **16.00** Fréttir **16.10** Endurómur úr Evrópu

18.28 Seiður og hél **19.00** Íslensk tónskáld **19.40** Þjóðbrók **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Slæðingur **22.30** Í kvöld um kaffileytið **23.00** Andrarímur

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról

0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

NFS

10.00 Fréttir og veðurlýsing. **10.05** Ísland í dag – samantekt síðustu viku. **11.00** Fréttaljós – vikulegur fréttaskýringaþáttur í umsjón fréttastofu NFS.

12.00 Hádegisfréttir/Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.05** Endurteknir þættir frá því fyrr um daginn. Ísland í dag – samantekt, **15.00** Fréttaljós. **16.00** Fréttir **16.05** Silfur Egils. **18.00** Fréttayfirlit. **18.02** Ítarlegar veðurfréttir. **18.12** Íþróttafréttir.

18.30 **Kvöldfréttir**

18.58 **Yfirlit frétta og veðurs.**

19.10 **Kompás** - íslenskur fréttaskýringaþáttur.

19.50 **Endursýndir þættir** helgarinnar.

23.15 Endursýningar

ERLENDAR STÖÐVAR

11.00 Cross-country Skiing: World Cup Beitostolen **13.00** Weightlifting: World Championship Doha **14.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **15.00** Cross-country Skiing: World Cup Beitostolen **15.30** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **16.00** Bobsleigh: World Cup Lake Placid **17.00** Cross-country Skiing: World Cup Beitostolen **18.00** Fight Sport: Fight Club **20.00** Motorsports: Motorsports Weekend **20.30** FIA Gt: Championship Dubai **21.30** Boxing **22.30** Olympic Games: Mission to Torino **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Sumo: Aki Basho **0.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME

12.00 Blue Planet – a Natural History of the Oceans **13.00** Classic Eastenders **13.30** Classic Eastenders **14.00** Eastenders Omnibus **14.30** Eastenders Omnibus **15.00** Eastenders Omnibus **15.30** Eastenders Omnibus **16.00** The Life of Mammals **17.00** Last of the Summer Wine **17.30** 2 Point 4 Children **18.00** Down to Earth **19.00** Rick Stein's Food Heroes **19.30** Changing Rooms **20.00** No Going Back **21.00** Top Gear Xtra **22.00** Trouble at the Top **22.40** The Ship **23.30** Wildlife **0.00** Prohibition: 13 Years That Changed America **1.00** Blood of the Vikings **2.00** Suenos World Spanish

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Paranormal? **13.00** Seconds From Disaster **14.00** Submarine Disasters – No Escape **15.00** Hostile Waters **17.00** Quest for Dragons **18.00** Eruption At Pinatubo **19.00** When Expeditions Go Wrong **20.00** Megastructures **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Seconds From Disaster **23.00** Catastrophe **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Seconds From Disaster

ANIMAL PLANET

12.00 Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Killing for a Living **14.00** Wild India **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Big Cat Diary **16.30** Predator's Prey **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Lyndal's Lifeline **19.00** The Elephant's Empire **20.00** Wild India **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Cell Dogs **23.00** Killing for a Living **0.00** Wild India **1.00** Lyndal's Lifeline

DISCOVERY

12.05 Ultimates **13.00** Secret Life of Formula One **14.00** Mythbusters **15.00** Brainiac **16.00** Deadliest Catch **17.00** Collision Course **18.00** Biker Build-Off **19.00** American Chopper Special **20.00** Mythbusters – Specials **21.00** Street Racing **22.00** Racer Girlz **23.00** Zero Hour **0.00** Addicted to Death **1.00** Spy

MTV

15.00 Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Trippin **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** Switched ON **21.00** Shakira 5 Star Programming **23.00** Mtv Live Franz Ferdinand



HRÓSIÐ

...fær Ólafur Ragnar Grímsson fyrir að taka vel á móti Quentin Tarantino í forsetabústaðnum.

HIN HLIÐIN **BJARNI ARASON TÓNLISTARMAÐUR**

Hálfur Ísfirðingur

Hvað er að frétta?: Allt massagott bara. Ný plata komin út og allt.

Augnlitur?: Grænn held ég, svei mér þá.

Starf?: Útvarpsstjóri Bylgjunnar og Létt FM, tónlistarmaður og söngvari.

Fjölskylduhagir?: Fjögurra manna fjölskylda með tvö börn og ég er giftur ennþá.

Hvaðan ertu?: Ég er fæddur á Rauðarárstígnum í Reykjavík en alinn upp að hluta til á Ísafirði. Ég er hálfur Ísfirðingur má segja.

Ertu hjátrúarfull(ur)?: GNei, ekkert sérstaklega.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur?: 60 mínútur.

Uppáhaldsútvarpsþáttur?: Þátturinn minn náttúrulega á Bylgjunni.

Uppáhaldsmatur?: Hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi.

Fallegasti staður?: Ætli það sé ekki bara Hafnarfjörður.

iPod eða geislaspilari?: Hvort tveggja.

Hvað er skemmtilegast?: Að sinna ástríðunni sem er tónlistin og fjölskyldan.

Hvað er leiðinlegast?: Að vera í umferðinni í löngu sprungnu gatnakerfi borgarinnar á álagstímum. Það er skelfilegt og algjör tímasóun.

Helsti veikleiki?: Leti, ef ég dett ofan í hana.

Helsti kostur?: Samviskusemi.

Helsta afrek?: Börnin og þá sérstaklega eldri dóttir mín sem fæddist frekar lítil, rétt rúmar tvær merkur.

Mestu vonbrigði?: Það gengur allt svo vel þessa dagana.

Hver er fyndnastur/fyndnust?: Pétur Jóhann Sigfússon er fyrsti maðurinn sem kemur upp í hugann.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?: Kæruleysi og dónaskapur.

Uppáhaldskvikmynd?: Leaving Las Vegas með Nicolas Cage. Hún höfðar vel til mín.

Uppáhaldsbók?: Hámarksárangur eftir Brian Tracy.

Hvað er mikilvægast?: Að gera betur í dag en maður gerði í gær og að vanda sig við að lifa lífinu.

ÍRAFÁR Sveitin hefur loksins komið með nýja skífu eftir tveggja ára þögn. Hún spilar í Keflavík í kvöld en ágóði af inngangseyrinum rennur til Einstakra barna. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

ÍRAFÁR: VONAST EFTIR AÐ SAFNA TVEIMUR MILLJÓNUM

Förum okkar eigin leiðir

Hljómsveitin Írafár er loksins komin á ferð á ný og gaf nýverið út plötu sem ber nafn sveitarinnar. Tvö ár eru liðin síðan nýtt efni kom frá henni en hljómsveitarmeðlimir hafa verið önnum kafnir við önnur verkefni. Aðdáendur Írafárs hafa beðið spenntir eftir útkomunni enda hefur sveitin sannað að hún er meðal þeirra fremstu á sínu sviði.

„Þetta hefur gengið frábærlega og við erum með tónleika í Keflavík í kvöld," segir Vignir Snær, gítarleikari og aðallagasmiður sveitarinnar, en hún spilaði í Vestmannaeyjum í gær. Útgáfutónleikar Írafárs eru með heldur óvenjulegu sniði en allur aðgangseyrir rennur til Einstakra barna. „Þetta eru samtök barna sem sum hver eru með sjúkdóma sem enn hefur ekki tekist að greina. Það reynir mikið á fjölskyldur þessara barna og okkur fannst þetta því verðugt málefni sem vert væri að styrkja," útskýrir Vignir en tekur skýrt fram að ekki hefði verið hægt að gera þetta án Íslandsbanka sem bakhjarls. Nú þegar hafa fjórtán hundruð manns greitt þúsund krónur í aðgangseyri en Vignir Snær segist vona að sveitinni takist að safna tveimur milljónum.

Hljómsveitin fór út fyrir landsteinana til að taka upp plötuna. Það var þó ekki farið langt því ferðinni var heitið til Danmerkur, í litla sveit sem heitir Fredriksverket og er í klukkutíma akstursfjarlægð frá Kaupmannahöfn. Reyndar átti Vignir í smá erfiðleikum með að bera nafnið fram og viðurkennir að þetta ágæta tungumál fyrrum nýlenduherra okkar sé ekki hans sterkasta hlið. „Þetta var mjög fínt. Við leigðum okkur stórt og flott hús þar sem við settum upp hljóðver og tókum upp," segir hann. Vignir segir sveitina alls ekki vera smeyka við eigin vinsældir. „Við gerum hlutina bara eins og við viljum," segir hann en bætir við að vissulega sé erfitt að toppa eitthvað sem hefur verið vel gert.

Eftir tónleikana í kvöld gefst smá tími til að anda áður en sveitin kemur aftur fram í höfuðborginni 3. desember. „Þetta er reyndar ekkert frí því ég nýti tímann til að taka upp ný lög og við reynum að lagfæra það sem betur má fara," segir Vignir.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, þykir hafa sýnt nokkra dirfsku um helgina með því að gefa kost á sér í efsta sæti á lista Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Björn Ingi var fljótur til að lýsa yfir framboði eftir að **Alfreð Þorsteinsson**, oddviti flokksins í borgarpólitíkinni, lét þau boð út ganga að hann hygðist draga sig í hlé. Það er þó ekki hægt að segja að Björn Ingi muni taka við góðu búi af Alfreð, nái hann efsta sætinu, þar sem fylgi flokksins hefur sjaldan verið minna í Reykjavík. Það er því á brattann að sækja fyrir Björn Inga sem virðist hvergi banginn enda getur leiðin varla legið annað en upp á við hjá Framsóknarflokknum í Reykjavík.

Össur Skarphéðinsson veðjaði þremur rauðvínsflöskum aðfaranótt laugardags að Björn Ingi myndi gefa kost á sér um helgina. „Björn Ingi sem spunameistari og gamall Morgunblaðsungi þekkir króníska fréttaþurrð helganna sem leiðir til þess að minnstu frétt er slegið upp - sérstaklega þegar nýtt fólk er að lýsa framboði. Ég er því reiðubúinn að veðja við hvern sem er þremur flöskum af rauðvíni um að Björn Ingi deklarerar áður en helgin er liðin. Sá fær fyrstur sem fyrstur kemur." Þetta gekk eftir og trú Össurar á Birni Inga er slík að hann er tilbúinn til að leggja undir aðrar þrjár rauðvínsflöskur að Björn Ingi nái efsta sætinu og komist í borgarstjórn í næstu kosningum. „Ég tel þó að Björn Ingi vinni örugglega. Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar að Framsókn nái manni í kosningunum. Um það er ég reiðubúinn að veðja öðrum þremur rauðvínsflöskum við þann sem fyrst gefur sig fram," segir Össur og lætur það fljóta með að Björn Ingi sé „í hópi efnilegra stjórnmálamanna" um leið og hann sendir félögum sínum í R-listanum tóninn og afskrifar Önnu Kristinsdóttur, helsta keppinaut Björns Inga, vegna þess að hún hefur „þann ókost gagnvart Birni Inga að vera borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans sem í dag er orðið að slitnasta og minnst sexý pólitíska vörumerki á Íslandi." - þþ

Sirkus sækir fram

Fjölmiðlafjölskyldan Sirkus ætlar að færa út kvíarnar á næstu dögum. Hún hefur hleypt af stokkunum heimasíðu á vefslóðinni Sirkus.tv þar sem notendur geta búið til sinn eigin Sirkusheim. „Þar verður hægt að stofna bloggsíðu og búa til skrá sem inniheldur upplýsingar um notandann," útskýrir Guðmundur Arnar Guðmundsson, kynningarstjóri Sirkus. „Síðan getur þú hleypt öðru fólki að þér og þannig kynnst öðru fólki," bætir hann við. Þetta er byggt á tengslaneti sem hefur verið að slá í gegn um allan heim.

Bloggæði hefur gripið landann á undanförnum árum og munu tvær af vinsælustu síðunum sameinast Sirkusvefnum en það eru blog.central og folk.is. „Þessar síður telja um þrjátíu þúsund notendur," útskýrir Guðmundur, en um þessar mundir er verið að taka við ábendingum frá notendum. „Þannig verður þetta næstu tvær til þrjár vikur," segir Guðmundur.

Sjónvarpsstöðin Sirkus ætlar að setja í fluggírinn á næstunni en á dögunum hófst herferð á vegum hennar þar sem auglýst var eftir hugmyndum að íslenskum þáttum. Þar að auki hefur Sirkus fest kaup á erlendum þáttum sem forsvarsmenn hennar binda miklar vonir við. „Meðal þeirra er My Name Is Earl sem spáð er jafn mikilli velgengni og Friends en Jason Lee leikur aðalhlutverkið," segir Guðmundur og telur sig hafa fulla innistæðu fyrir öllu. „Það hefur engin sjónvarpsstöð farið af stað með jafn miklum krafti og Sirkus." - fgg

GUÐMUNDUR ARNAR GUÐMUNDSSON Hefur mikla trú á þeim erlendu sjónvarpsþáttum sem stöðin hefur fest kaup á og verða teknir til sýninga á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ VÍFILFELL



KATIE MELUA

LAUGARDALSHÖLL 31. MARS

MIÐASALA Í SKÍFUNNI, BT VERSLUNUM ÚTI Á LANDI OG Á CONCERT.IS

MASTERCARD FORSALA HEFST 6. DESEMBER KL 10:00

ALMENN FORSALA HEFST 7. DESEMBER KL 10:00

MasterCard

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, www.kreditkort.is/tonlist

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 511 2255
MIÐASALA Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG Í BT ÚTI Á LANDI OG Á WWW.CONCERT.IS

CONCERT

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20.nóv. í Smáralind
ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Kjörþyngd

Í denn voru feitir karlar ríkir karlar. Kjörþyngd hefur þá væntanlega verið reiknuð út frá kaupum og kjörum hvers og eins. Ég vænti þess að nafnið hafi byrjað þannig. Menn sem taldir voru yfir kjörþyngd hafa einfaldlega ekki þótt nægilega efnaðir til að bera þetta valdatákn. Í denn var fita öfundsverð. Í dag er hún það ekki.

ÉG las að 65 prósent Bandaríkjamanna yfir tvítugu séu of feitir eða hreinlega þjáist af offitu. Af myndum sem berast frá „landi hinna frjálslega vöxnu“ sýnist mér að fatahönnun og landslagsarkítektúr renni bráðlega saman í eina sæng.

EN þar sem fita er svona mikið á milli tannanna á fólki, í öllum skilningi, er rökrétt að umræðan um úrbætur snúist upp í andhverfu sína. Að sjálfsögðu er það mikið áhyggjuefni þegar fita er farin að rýra heilsufar fólks og valda því fötlun í daglegu lífi en... þegar hvorki líkamleg heilsa né skert hreyfigeta eiga við er fólk í mörgum tilfellum að kljást við sjálfskapaða geðfötlun. Líkamlega stálhraust fólk er nánast óvinnufært yfir að vera ekki vaxið eins og sundfatamódel og grunnskólastelpur svelta sig til að líkjast fárveikum eiturlyfjafíklum sem flaggað er í glanstímaritum.

ÞETTA minnir mig á tímabil í mínu lífi þegar ég var miður mín yfir að vera ekki svarthærður. Ég var sjö ára glókollur sem dreymdi um að verða trommuleikari KISS en sá drauminn sigla út í hafsauga þegar einn leikfélagi minn útskýrði fyrir mér að þeir réðu bara menn með sítt, svart hár. Ég var harmi sleginn í smá tíma en svo fórum við í túttubyssó og ég gleymdi þessu.

ÉG starfaði sem þjálfari lengi vel og tókst þar á við margvísleg verkefni. Stærstu verkefnin voru þó ekki líkamlegs eðlis heldur voru þau andleg. Þrátt fyrir að hafa æft íþróttir alla mína ævi hef ég aldrei verið með þennan marg umtalaða „þvottabrettiskvið“. Ég hef aldrei haft ástæðu til að stefna að því. Ég hef alla tíð verið nokkuð sáttur við þau aukakíló sem hafa fylgt mér á lífsleiðinni.

EF þið eruð veikburða og óheilbrigð, gerið þá eitthvað í því. Ef þið eruð hraust og heilbrigð, verið þá ánægð með sjálf ykkur og kennið börnum ykkar að meta heilsuna að sama skapi.

www.icelandexpress.is

Fíton/SÍA

GJÖF FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ FERÐAST

Gefðu draumaferð um jólin! Sala Iceland Express á jólagjafabréfum hefst á mánudaginn!

» Hættu að hafa áhyggjur! Þú leysir jólagjafavandann best með því að gefa gjafabréf frá Iceland Express. Bréfið kostar aðeins 19.900 krónur og innifaldar eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til hvaða áfangastaðar sem Iceland Express flýgur til. Gefðu elskunni þinni, foreldrum, krökkunum eða starfsfólkinu draumaferðina um jólin og þú getur verið viss um að gjöfin hittir í mark.

» Bókunartímabil tilboðsins er til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Tilboðið gildir í flug á tímabilinu 15.janúar til 1.júlí 2006* Í boði eru spennandi flugferðir til Kaupmannahafnar, London, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Stokkhólms, Berlínar og Alicante.

*Takmarkað sætaframboð

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

15% AFSLÁTTUR

HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT

